- *Völd forseta eiga að vera meiri en nú er þannig að hann geti haft bein áhrif á t.d. ráðningu embættismanna, setningu laga og myndun ríkisstjórna.*
- *Embættistími forseta á að takmarkast við tiltekinn fjölda kjörtímabila.*
- *Óbreytt aldursskilyrði eiga að vera um forsetaframboð.*

Fyrsta umræðuefni rökræðufundarins var embætti forseta Íslands. Á 27 borðum ræddu þátttakendur ofangreindar hugmyndir um embættið og svöruðu, í upphafi rökræðufundar og í lok hans, 16 spurningum í spurningalistakönnun. Kaflanum er skipt í fimm undirkafla þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum úr spurningalistakönnuninni og umræðum þátttakenda um eftirfarandi þætti: kjör forseta, hlutverk forseta, völd forseta, embættistíma forseta og aldursskilyrði til forsetaframboðs.

Kjör forseta

Á mynd 2 má sjá samanburð á svörum þátttakenda um kjör forseta fyrir og eftir rökræðufund. Viðhorf þátttakenda til fjögurra hugmynda breyttust þannig að merkja mátti tölfræðilega marktækt. Eftir umræðurnar voru hlutfallslega færri (40%) sammála því að forseti ætti að vera áfram kjörinn á sama hátt og nú er, þ.e. með einfaldri meirihlutakosningu

en fyrir umræðurnar (56%). Eftir að umræðum lauk var rúmur helmingur þátttakenda (56%) sammála því að forseti skyldi kjörinn með raðaðri kosningu þar sem frambjóðendum er raðað í forgangs röð en fyrir fund var hlutfall þeirra sem studdu hugmyndina 38%. Þá voru hlutfallslega færri sammála tillögnum um að röðuð kosning til forsetakosninga væri flókin eftir að umræðum lauk (41%) en í upphafi þeirra (53%).




Mynd 2. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um embætti forseta Íslands? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til þess hvort að forseti ætti áfram að vera kosinn á sama hátt og nú er, þ.e. með einfaldri meirihlutakosningu. Í lok rökræðufundar var helmingur þátttakenda ósammála því að forseta ætti að kjósa á sama hátt og nú, eða umtalsvert fleiri en fyrir rökræðufundinn (35%) (sjá töflu 1). Í töflu 101 í viðauka má sjá að munur greindist á svörum eftir vinnumarkaðsstöðu þátttakenda og á mynd 3 má jafnframt sjá að þátttakendur í yngsta aldurshópnum voru hlutfallslega fleiri ósammála tillögnum en eldri þátttakendur (65% á móti 37 - 42%).

Tafla 1. Forseti er áfram kjörinn á sama hátt og nú er, þ.e. með einfaldri meirihlutakosningu

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	15	11	5%	3%	27	32	14%	4%
Mjög ósammála	17	14	6%	3%	29	30	13%	4%
Frekar ósammála	52	53	24%	6%	49	53	23%	5%
Hvorki sammála né ósammála	22	19	9%	4%	23	23	10%	4%
Frekar sammála	30	29	13%	4%	36	26	11%	4%
Mjög sammála	45	40	18%	5%	37	36	16%	5%
Fullkomlega sammála	45	56	25%	6%	25	29	13%	4%
Fjöldi svara	226	222	100%		226	229	100%	
Hef ekki skoðun	3	8			1	1		
Svarar ekki	4	4			6	3		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 3. Forseti er áfram kjörinn á sama hátt og nú er, þ.e. með einfaldri meirihlutakosningu – Hlutfall ósammála greint eftir aldri

Umræður á borðunum um núverandi kosningafyrirkomulag hófust gjarnan á jákvæðum nótum en eftir því sem á þær leið urðu gagnrýnar athugasemdir meira áberandi. Þó nokkrir töldu núverandi kosningakerfi stuðla að því að einstaklingar þyrðu ekki að kjósa þann fram- bjóðanda sem þeim hugnaðist best ef þeir teldu ólíklegt að viðkomandi myndi ná kosningu. Bent var á að þrátt fyrir að margir einstaklingar byðu sig fram væri oft ljóst snemma í ferlinu að í mesta lagi þrír frambjóðendur ættu möguleika á að ná kjöri. Í því skyni að „kasta ekki atkvæðinu á glæ“ veldu margir kjósendur að greiða atkvæði með frambjóðanda sem þeir teldu vænlegan til sigurs. Því var velt upp hvort innleiðing nýrra aðferða gæti gert fólki betur kleift að kjósa eftir eigin sannfæringu.

Þátttakendum varð jafnframt tíðrætt um dræma kosningaþátttöku og töldu brýnt að leitað yrði leiða til að auka áhuga á og umræðu um forsetaembættið og forsetakosningar. Sumir

töldu dræma þátttöku í kosningum tengjast vantrausti almennings á stjórnámálum og stjórn- málaumræðu. Í því skyni að auka þátttöku í forsetakosningum voru m.a. ræddir kostir þess að gera kosningar í auknum mæli rafrænar, auka fræðslu í skólum og taka upp annað fyrirkomulag við forsetakjör en einfalda meirihlutakosningu.

Margir þeirra sem tóku til máls í umræðum um forsetaembættið voru hlyntir breytingum á fyrirkomulagi forsetakosninga. Ekki síst þótti þátttakendum mikilvægt að forseti hefði sterkara umboð en hingað til hefur tíðkast og að gerðar yrðu meiri kröfur til einstaklinga sem hyggjast bjóða sig fram. Það yrði, að mati fundargesta, til þess að stuðla að betri framboðum og markvissari umræðum í aðdraganda kosninga.

Kosning í tveimur umferðum

Í spurningakönnuninni voru þátttakendur spurðir um kosningar í tveimur umferðum og í töflu tvö má sjá dreifingu svara við fyrri spurningunni um það fyrirkomulag. Að umræðunum loknum var meirihluti þátttakenda sammála því að forseti skyldi kjörinn í kosningum þar sem kosið er milli tveggja efstu í seinni umferð ef enginn fær meirihluta greiddra atkvæða í fyrri umferð (61%). Í töflu 102 í viðauka má sjá spurninguna greinda nánar eftir bakrunni þátttakenda. Munur greindist á svörum þátttakenda eftir stöðu þannig að þeir sem voru á eftirlaunum og þeir sem voru sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur voru umtalsvert líklegri til að vera frekar, mjög eða fullkomlega sammála tillögunni (71 - 72%) en þátttakendur í launuðu starfi (61%) eða þátttakendur í annarri stöðu (36%).


Tafla 2. Forseti er kjörinn í kosningum, þar sem kosið er milli tveggja efstu í seinni umferð ef enginn fær meirihluta greiddra atkvæða í fyrri umferð

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	13	10	5%	3%	12	15	7%	3%
Mjög ósammála	14	12	5%	3%	15	12	5%	3%
Frekar ósammála	25	29	13%	4%	36	40	18%	5%
Hvorki sammála né ósammála	32	31	14%	5%	25	21	9%	4%
Frekar sammála	45	49	22%	5%	40	30	13%	4%
Mjög sammála	53	52	24%	6%	53	58	26%	6%
Fullkomlega sammála	42	38	17%	5%	44	51	22%	5%
Fjöldi svara	224	222	100%		225	227	100%	
Hef ekki skoðun	5	6			2	3		
Svarar ekki	4	6			6	3		
Alls	233	233			233	233		

Við spurningunni um hvort þeir teldu meirihlutakerfi í tveimur umferðum geta leitt til dræmari kosningaþátttöku þar sem fólk mæti síður á kjörstað í seinni umferð var um helmingur sammála því í lok umræðnanna (sjá töflu 3). Þátttakendur sem búa utan höfuðborgarsvæðisins voru hlutfallslega fleiri á þeirri skoðun að meirihlutakerfi með tveimur umferðum gæti leitt til dræmari kosningaþátttöku en þátttakendur sem búa á höfuðborgarsvæðinu eins og sjá má á mynd 4. Nánari greiningu á svörum við spurningunni má finna í töflu 103 í viðauka en þar má m.a. sjá að þátttakendur sem tekið hafa þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu voru síður sammála fullyrðingunni (48%) en þátttakendur sem ekki höfðu tekið þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu (73%).

Tafla 3. Meirihlutakerfi í tveimur umferðum getur leitt til dræmari kosningaþátttöku þar sem fólk mætir síður á kjörstað í seinni umferð

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	12	13	6%	3%	12	14	6%	3%
Mjög ósammála	30	30	14%	5%	30	30	13%	4%
Frekar ósammála	37	33	15%	5%	42	48	21%	5%
Hvorki sammála né ósammála	44	47	22%	5%	34	22	10%	4%
Frekar sammála	61	60	28%	6%	67	66	29%	6%
Mjög sammála	24	28	13%	4%	28	33	15%	5%
Fullkomlega sammála	6	5	2%	2%	9	11	5%	3%
Fjöldi svara	214	216	100%		222	224	100%	
Hef ekki skoðun	10	10			6	4		
Svarar ekki	9	6			5	5		
Alls	233	233			233	233		



Marktækur munur er á hópum: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 4. Meirihlutakerfi í tveimur umferðum getur leitt til dræmari kosningaþátttöku þar sem fólk mætir síður á kjörstað í seinni umferð – Hlutfall sammála greint eftir búsetu

Töluverð umræða skapaðist um meirihlutakerfi í tveimur umferðum á borðum þátttakenda. Margir kölluðu eftir kosningum í tveimur umferðum, sér í lagi þegar frambjóðendur eru

margir eða þegar mjótt er á munum milli frambjóðenda. Með því móti væri unnt að fá fram afgerandi afstöðu þjóðarinnar og ganga úr skugga um að forsetaefni hefðu meirihlutastuðning. Seinni umferðin gæti því orðið einhverskonar „öryggisventill“ til að tryggja að forseti hafi skýrt umboð. Ef umferðirnar væru tvær gæfist kjósendum jafnframt kostur á að kynna sér betur þá frambjóðendur sem valið stendur á milli, eins og einn fundargestur sagði:

Ég held að það gæti nú haft góð áhrif á möguleika almennings til að mynda sér skoðun á frambjóðendum ef að það eru tvær umferðir.

Þátttakendur veltu því fyrir sér hvort krafa um að mæta tvívegis á kjörstað gæti haft letjandi áhrif og hvort draga myndi verulega úr þátttöku í seinni umferð kosninga. Allmargir veltu því fyrir sér hvort innleiðing á flóknu kosningakerfi eða kerfi sem gerði auknar kröfur um þátttöku kjósenda myndu draga enn frekar úr kosningaþátttöku. Aðrir töldu dræma þátttöku frekar tengjast því að kjósendur hefðu margir hverjir litla trú á núverandi kosningakerfi og vísuðu fáeinir þátttakendur þar í eigin reynslu af því að velja að taka ekki þátt í kosningum. Þeir voru margir þeirrar skoðunar að nýtt fyrirkomulag sem tryggði að forsetaefni hefði meirihlutastuðning myndi frekar stuðla að aukinni kosningaþátttöku. Töluvert var rætt um hugsanlegan kostnað sem kosningar í tveimur umferðum myndu fela í sér. Þótti fundargestum fyrirsjáanlegt að kostnaður við slíkar kosningar yrði meiri en við núverandi fyrirkomulag og því brýnt að það yrði metið hvort slík viðbótarútgjöld úr ríkissjóði væru réttlæt看leg.

Umræður um breytingar á kosningakerfinu voru líflegar og veltu þátttakendur fyrir sér ýmsum hliðum málsins sem og hugsanlegum ófyrirsjáanlegum afleiðingum sem slíkar breytingar gætu haft í för með sér. Sumir veltu einnig fyrir sér hvort niðurstöður fyrri kosninga hefðu hugsanlega orðið aðrar með annars konar kosningakerfi:

En hefðuð þið viljað fá, ef þið hugsið um söguna, þegar Vigdís var kosin, á þeim tíma og andrúmsloftið sem þá var sko, ef það hefði verið önnur umferð er líklegt að Vigdís hefði verið kosin?


Röðuð kosning

Á rökræðufundinum var rætt um raðaða kosningu þar sem forgangsröðun kjósenda hefur áhrif á niðurstöðuna. Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru því að forseti væri kjörinn í raðaðri kosningu og studdu umtalsvert fleiri hugmyndina í lok

rökræðufundar en fyrir fundinn. Alls var rúmur helmingur þátttakenda (56%) sammála hugmyndinni eftir rökræðurnar en fyrir þær var hlutfallið 38% (sjá töflu 4). Athygli vekur að fyrir umræður höfðu 23 þátttakendur ýmist ekki haft skoðun á tillöggunni eða kusu að svara ekki en í lok umræðanna voru aðeins sjö sem ekki höfðu skoðun eða kusu að svara ekki. Í töflu 104 í viðauka má sjá að konur voru að jafnaði líklegri til að vera sammála fullyrðingunni að rökræðufundi loknum en karlar (60% á móti 52%). Þá greindist einnig munur á svörum þátttakenda við spurningunni eftir fjárhagslegri stöðu þeirra. Þátttakendur sem áttu frekar eða mjög erfitt með að láta enda ná saman voru mun líklegri til að vera sammála fullyrðingunni í lok fundar (84%) en þátttakendur sem búa við betri fjárhagslega stöðu (46 - 55%) (sjá mynd 5).

Tafla 4. Forseti er kjörinn með raðaðri kosningu. Kjósendur raða frambjóðendum í forgangsröð sem tryggir að forseti njóti stuðnings meirihluta kjósenda

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	33	30	15%	5%	25	21	9%	4%
Mjög ósammála	28	23	11%	4%	24	19	8%	4%
Frekar ósammála	33	23	11%	4%	33	36	16%	5%
Hvorki sammála né ósammála	50	52	25%	6%	27	25	11%	4%
Frekar sammála	30	42	21%	6%	32	31	14%	4%
Mjög sammála	21	20	10%	4%	53	55	24%	6%
Fullkomlega sammála	15	15	7%	4%	32	41	18%	5%
Fjöldi svara	210	206	100%		226	227	100%	
Hef ekki skoðun	17	21			4	4		
Svarar ekki	6	7			3	2		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirgni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 5. Forseti er kjörinn með raðaðri kosningu. Kjósendur raða frambjóðendum í forgangsröð sem tryggir að forseti njóti stuðnings meirihluta kjósenda – Hlutfall sammála greint eftir fjárhagslegri afkomu

Tölfræðilega marktækur munur reyndist á svörum fyrir rökræðufund og eftir hann þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu raðaða kosningu til forseta vera flókna. Helmingur þátttakenda var ósammála því að röðuð kosning væri flókin eftir rökræðufundinn en fyrir fundinn hafði þriðjungur þátttakenda verið ósammála (sjá töflu 5). Þátttakendur í yngsta aldurshópnum (18 - 40 ára) voru umtalsvert líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni (69%) en eldri þátttakendur (37 - 38%) (sjá töflu 105 í viðauka).

Tafla 5. Röðuð kosning er flókin þar sem kjósendur þurfa ekki einungis að velja frambjóðendur heldur líka að forgangsraða þeim

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	22	22	10%	4%	29	31	14%	4%
Mjög ósammála	21	18	8%	4%	36	29	13%	4%
Frekar ósammála	29	31	15%	5%	50	53	24%	6%
Hvorki sammála né ósammála	29	30	14%	5%	24	19	8%	4%
Frekar sammála	41	40	19%	5%	43	46	21%	5%
Mjög sammála	51	54	25%	6%	29	34	15%	5%
Fullkomlega sammála	22	18	8%	4%	14	12	5%	3%
Fjöldi svara	215	212	100%		225	224	100%	
Hef ekki skoðun	8	12			4	5		
Svarar ekki	10	9			4	4		
Alls	233	233			233	233		

Í umræðu um raðaða kosningu var bent á að slíkt kerfi væri að öllum líkindum kostnaðarminna og einfaldara í framkvæmd en kosning í tveimur umferðum. Jafnframt töldu sumir slíkt fyrirkomulag geta orðið til þess að kjósendur fyndu sig hvatta til að kynna sér til hlítar hvern og einn frambjóðanda í stað þess að velja sér einn til að kjósa. Í umræðunni voru þó áberandi þau sjónarmið að aðferðin væri flókin og kerfið ógagnsætt og margir óttuðust að framkvæmdin og aðferðafræðin myndi vefjast fyrir kjósendum. Ljóst væri að í slíku kerfi væri það ekki endilega vinsælasti frambjóðandinn sem næði kjöri og því veltu sumir fyrir sér hvort einhugur og sátu myndu ríkja um niðurstöðurnar ef sá sem hlyti flest atkvæði yrði ekki kjörinn í embættið. Eins og komið hefur fram voru þátttakendur almennt áhugasamir um breytta aðferðafræði til forsetakosninga. Þeir sem tóku til máls á borðunum voru þó yfirleitt hlynntari þeirri leið að kjósa í tveimur umferðum en að raða á lista.

Þátttakandi 1: En mér lýst vel á báðar þessar aðferðir, að raða og kjósa tvisvar. Það er búið að sýna fram á að þær virka lýðræðislega betur og þær endurspeglar betur hvað þjóðinni finnst heldur [en] bara að það sé meirihluta kosning.

Þátttakandi 2: Einmitt.

Þátttakandi 3: Afgerandi afstaða meira.

Þátttakandi 1: Já já já.

Þátttakandi 4: Ég held að báðar leiðir séu betri en það sem við erum með núna.

Þátttakandi 5: Ég er í rauninni sammála því, mér finnst báðir þessir kostir betri en það sem er í dag.

Hlutverk forseta

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til tillagna um hlutverk forseta. Á mynd 6 má sjá að eftir rökræðufundinn voru þátttakendur að jafnaði líklegri til að vera sammála því að forseti eigi að vera fulltrúi allrar þjóðarinnar og hafinn yfir pólitík (86%) en fyrir fundinn (79%). Meirihluti þátttakenda var jafnframt sammála því að hlutverk forseta ætti að vera óbreytt frá því sem nú er, þ.e. fyrst og fremst formlegt en þó þannig að hann geti vísað lögum frá Alþingi til þjóðarinnar.



Mynd 6. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um embætti forseta? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Í töflu 6 má sjá að eftir rökræðufundinn voru 45% þátttakenda fullkomlega sammála því að forseti ætti að vera fulltrúi allrar þjóðarinnar og hafinn yfir pólitík. Þegar rýnt er í greiningu svara eftir bakgrunni þátttakenda í viðauka má sjá að þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins voru að jafnaði fleiri sammála fullyrðingunni (93%) en þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu (83%). Þá var einnig munur á svörum þátttakenda eftir fjárhagslegri stöðu þeirra og voru þeir síður líklegir til að vera sammála fullyrðingunni sem sögðust eiga mjög

eða frekar erfitt með að láta enda ná saman (72%) samanbórið við þá sem kváðust búa við betri fjárhag (88 - 91%) (sjá töflu 106 í viðauka).

Tafla 6. Forseti á að vera fulltrúi allrar þjóðarinnar og hafinn yfir pólitík

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	5	6	3%	2%	4	7	3%	2%
Mjög ósammála	8	14	6%	3%	2	5	2%	2%
Frekar ósammála	18	17	8%	3%	8	10	4%	3%
Hvorki sammála né ósammála	13	9	4%	3%	12	10	4%	3%
Frekar sammála	47	53	24%	6%	52	46	20%	5%
Mjög sammála	49	49	22%	5%	47	47	21%	5%
Fullkomlega sammála	84	75	34%	6%	104	105	45%	6%
Fjöldi svara	224	224	100%		229	230	100%	
Hef ekki skoðun	2	3			1	1		
Svarar ekki	7	6			3	2		
Alls	233	233			233	233		

Meirihluti þátttakenda (76% fyrir fund og 77% eftir fund) var frekar, mjög eða fullkomlega sammála því að hlutvert forseta eigi að vera óbreytt frá því sem nú er, þ.e. fyrst og fremst formlegt en þó þannig að hann geti vísað lögum frá Alþingi til þjóðarinnar (sjá töflu 7). Munur reyndist á svörum þátttakenda eftir aldri þannig að þátttakendur í yngsta aldershópnum (18 til 40 ára) voru líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni (19%) í samanburði við eldri þátttakendur (7 - 13%) (sjá töflu 107 í viðauka).

Tafla 7. Hlutverk forseta á að vera óbreytt frá því sem nú er: Fyrst og fremst formlegt en þó þannig að hann geti vísað lögum frá Alþingi til þjóðarinnar

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	8	6	3%	2%	9	11	5%	3%
Mjög ósammála	7	4	2%	2%	7	5	2%	2%
Frekar ósammála	27	30	14%	5%	11	14	6%	3%
Hvorki sammála né ósammála	13	12	5%	3%	16	22	10%	4%
Frekar sammála	40	36	16%	5%	33	30	13%	4%
Mjög sammála	64	72	32%	6%	85	78	34%	6%
Fullkomlega sammála	65	62	28%	6%	65	69	30%	6%
Fjöldi svara	224	221	100%		226	229	100%	
Hef ekki skoðun	4	5			1	0		
Svarar ekki	4	7			6	3		
Alls	232	233			233	233		

Þegar rætt var um hlutverk forseta var algengt að fundargestir veltu upp þeirri spurningu hvort þjóðin þyrfti í raun og veru forseta. Í því sambandi rifjuðu nokkrir upp sögu embættisins og bentu á að stjórnarskráin hefði á sínum tíma verið samin upp úr danskri fyrirmynd og endurspegli því ekki endilega þarfir íslenskrar þjóðar í dag. Nær allir þátttakendur sem tóku til máls í umræðunum voru þó sammála um mikilvægi embættisins. Mörgum fannst eitt mikilvægasta hlutverk forseta felast í því að vera sameiningartákn fyrir þjóðina. Forseti Íslands væri ásýnd þjóðarinnar út á við, einstaklingur kosinn af þjóðinni sem „þjóðin er stolt af“. Þegar þátttakendur ræddu mikilvæga eiginleika í fari forseta var gjarnan vísað í alþýðleika, aðgengilegan einstakling og ópólitískan. Góður forseti væri sameiningartákn sem ólíkir hópar gætu komið sér saman um og gæti leitt þjóðina saman á erfiðum tímum.

Mér finnst mikilvægt að hafa þjóðhöfðingja og hérna, bara, við sjáum bara til dæmis ef að það gerist eitthvað alvarlegt, verður eitthvað alvarlegt slys, að þessi aðili getur komið fram og talað við alla þjóðina og ég held að þjóð sem hefur þjóðhöfðingja, að hún heldur betur saman.

Þátttakendur töldu mikilvægt að forseti væri ópólitískur, að hann stæði fyrir utan stjórn málaumræðu og tæki ekki þátt í „pólitísku þrasi“ enda myndi slíkt ekki samræmast því hlutverki forsetans að vera sameiningartákn.

Töluverð umræða skapaðist um ósamræmi milli upplýsinga um forsetaembættið í stjórnarskrá annars vegar og hefða hins vegar. Erfitt væri að átta sig á hvaða reglur gildi raunverulega um forseta. Mótun embættisins hefði verið í höndum þeirra fáu sem gegnt hafa hlutverkinu í gegnum tíðina og sumt sem standi í stjórnarskránni ætti hreinlega ekki við. Bent var á að umfjöllun í núverandi stjórnarskrá um hlutverk forseta sé þversagnakennd, óljós og flókin og kölluðu margir eftir því að hlutverk forsetans væri betur skilgreint. Slíkt myndi auka gagnsæi og gera upplýsingarnar skýrari og aðgengilegri.

Samkvæmt stjórnarskránni virðist hann hafa öll möguleg völd en síðan kemur bara þessi eina grein sem segir „nei, ég meinti þetta ekki. Þetta er allt ráðherranna“ (hlær).

Völd og umboð forseta

Þátttakendur voru spurðir um viðhorf til valds forseta og á mynd 7 má sjá að eftir rökræðufundinn voru ívið færri sammála því að forsetinn eigi að hafa áhrif á gang mála þar sem hann er eini embættismaðurinn sem hefur beinan stuðning almennings á bak við sig en

fyrir rökræðurnar (54% á móti 61%). Loks var, í lok fundar, um fjórðungur þátttakenda sammála því að í ljósi þess að forsetinn er valdalítill sé ekki nauðsynlegt að meirihluti kjósenda sé á bak við hann, sem er meira en í upphafi fundar (13%).




Mynd 7. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um embætti forseta? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Í töflu 8 má sjá dreifingu svara við spurningunni um það hvort forseti eigi að hafa áhrif á gang mála þar sem hann er eini embættismaðurinn sem hefur beinan stuðning almennings á bakvið sig. Í töflu 108 í viðauka eru svörin greind nánar og þar má sjá að eftir fund voru konur líklegri en karlar til að vera sammála því að forseti ætti að hafa áhrif á gang mála. Þátttakendur sem voru sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur voru líklegri en þátttakendur í annarri stöðu til að vera sammála fullyrðingunni (75% á móti 47 - 63%). Þá voru þeir sem áttu mjög eða frekar erfitt með að láta enda ná saman að jafnaði frekar sammála fullyrðingunni en þátttakendur sem búa við betri fjárhag (74% á móti 49 - 52%) (sjá mynd 8).

Tafla 8. Forseti á að hafa áhrif á gang mála þar sem hann er eini embættismaðurinn sem hefur beinan stuðning almennings á bak við sig

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	9	7	3%	2%	18	18	8%	3%
Mjög ósammála	15	13	6%	3%	22	23	10%	4%
Frekar ósammála	25	29	13%	4%	26	23	10%	4%
Hvorki sammála né ósammála	41	38	17%	5%	48	42	18%	5%
Frekar sammála	56	51	23%	6%	54	55	24%	5%
Mjög sammála	45	49	22%	5%	37	40	17%	5%
Fullkomlega sammála	27	35	16%	5%	24	31	13%	4%
Fjöldi svara	218	220	100%		229	231	100%	
Hef ekki skoðun	8	6			1	0		
Svarar ekki	7	7			3	2		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 8. Forseti á að hafa áhrif á gang mála þar sem hann er eini embættismaðurinn sem hefur beinan stuðning almennings á bak við sig – Hlutfall sammála greint eftir fjárhagslegri afkoma

Um 58% þátttakenda voru ósammála því að völd forseta ættu að vera meiri en nú er þannig að hann geti haft bein áhrif á t.d. ráðningu embættismanna, setningu laga og myndun ríkisstjórna, eftir rökræðufundinn (sjá töflu 9). Þegar rýnt er í dreifingu svara eftir bakgrunni þátttakenda (tafla 109 í viðauka) má sjá að fundargestir af landsbyggðinni voru líklegri til að vera sammála fullyrðingunni (35%) en þeir sem komu af höfuðborgarsvæðinu (25%). Þá var einnig marktækur munur á svörum þátttakenda eftir menntun en eftir fundinn voru hlutfallslega fleiri með háskólamenntun ósammála fullyrðingunni en fyrir fundinn (78% eftir fund en 66% fyrir fund) á meðan hlutfallslega færri þátttakendur með grunnskólamenntun voru ósammála fullyrðingunni eftir fundinn en fyrir hann (39% eftir fund en 46% fyrir fund) (sjá mynd 9).

Tafla 9. Völd forseta eiga að vera meiri en nú er þannig að hann geti haft bein áhrif á t.d. ráðningu embættismanna, setningu laga og myndun ríkisstjórna

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	58	45	20%	5%	57	53	23%	5%
Mjög ósammála	44	34	15%	5%	50	42	19%	5%
Frekar ósammála	48	52	23%	5%	41	35	16%	5%
Hvorki sammála né ósammála	21	27	12%	4%	25	33	15%	5%
Frekar sammála	35	40	18%	5%	31	35	16%	5%
Mjög sammála	15	21	9%	4%	13	13	6%	3%
Fullkomlega sammála	5	9	4%	3%	10	16	7%	3%
Fjöldi svara	226	226	100%		227	228	100%	
Hef ekki skoðun	4	4			0	0		
Svarar ekki	3	2			6	5		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 9. Völd forseta eiga að vera meiri en nú er þannig að hann geti haft bein áhrif á t.d. ráðningu embættismanna, setningu laga og myndun ríkisstjórna – Hlutfall ósammála greint eftir menntun

Rúmur helmingur þátttakenda var frekar, mjög eða fullkomlega ósammála því, í lok umræðufundar, að það hefði truflandi áhrif á ríkisvaldið að forseti geti gripið inn í eftir geðþótta sínum (sjá töflu 10). Munur reyndist á svörum m.a. eftir aldri og voru þátttakendur í elsta aldurshópnum (61 árs og eldri) líklegri til að vera sammála fullyrðingunni en yngri þátttakendur (42% á móti 30 - 34%) (sjá töflu 110 í viðauka).

Tafla 10. Það hefur truflandi áhrif á ríkisvaldið að forseti geti gripið inn í eftir geðþótta sínum

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	16	13	6%	3%	25	29	13%	4%
Mjög ósammála	46	58	26%	6%	32	34	15%	5%
Frekar ósammála	46	51	23%	6%	55	61	27%	6%
Hvorki sammála né ósammála	34	26	12%	4%	25	22	10%	4%
Frekar sammála	38	41	19%	5%	35	28	13%	4%
Mjög sammála	16	15	7%	3%	30	30	13%	4%
Fullkomlega sammála	24	18	8%	4%	25	20	9%	4%
Fjöldi svara	220	223	100%		227	223	100%	
Hef ekki skoðun	5	4			4	8		
Svarar ekki	8	6			2	1		
Alls	233	233			233	233		

Meirihluti þátttakenda (80%) var frekar, mjög eða fullkomlega ósammála því að völd forseta ættu að vera minni en nú er þannig að hann geti ekki haft bein áhrif á löggjöf eða aðrar ákvarðanir stofnana (sjá töflu 11 og nánari greiningu í töflu 111 í viðauka).

Tafla 11. Völd forseta eiga að vera minni en nú er þannig að hann geti ekki haft bein áhrif á löggjöf eða aðrar ákvarðanir stofnana

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	61	54	24%	6%	62	62	27%	6%
Mjög ósammála	56	64	29%	6%	68	65	29%	6%
Frekar ósammála	59	58	26%	6%	53	54	24%	6%
Hvorki sammála né ósammála	16	18	8%	4%	17	19	8%	4%
Frekar sammála	8	10	4%	3%	9	15	7%	3%
Mjög sammála	10	10	5%	3%	9	7	3%	2%
Fullkomlega sammála	10	7	3%	2%	7	3	1%	2%
Fjöldi svara	220	220	100%		225	225	100%	
Hef ekki skoðun	7	7			2	3		
Svarar ekki	6	6			6	5		
Alls	233	233			233	233		

Umræður um völd forseta voru dýnamískar og voru flestir sem tóku til máls sammála um að þau ættu að vera óbreytt, þ.e. að hvorki ætti að minnka völd forseta né auka þau.

Þátttakandi 1: Mér persónulega finnst að hvorki ætti að auka þau eða draga úr þeim heldur halda þeim eins og þau hafa verið. Þau hafa reynst þjóðinni bara mjög vel.

Þátttakandi 2: Já, ég er alveg þar.

Þátttakandi 3: Já, ég held að ég sé alveg sammála.

Þátttakandi 4: Já ég skil ekki þessa umræðu um að auka völdin, þú veist, hvaðan hún kemur. Af hverju?

Þátttakandi 2: Og til hvers?

Þátttakandi 5: Já. Ég tek undir þetta, mér finnst þetta vera bara í góðu jafnvægi. Mér finnst að það eigi hvorki að auka völd eða minnka þau. Mér finnst þetta bara hæfilegt.

Þrátt fyrir að málskotsréttur forseta hafi sjaldan verið nýttur virtust þátttakendur sammála um að um væri að ræða mikilvægt mótvægi við ríkisstjórnina og því „mikilvægt lýðræðistól“. Það væri í anda aukins lýðræðis að stuðla að aðkomu almennings og hlusta á vilja þjóðarinnar. Þó voru ekki allir á einu máli um það hversu mikið og í hvaða aðstæðum málskotsrétturinn ætti að vera nýttur. Nokkrir töldu að forsetinn ætti að nota neitunarvaldið oftar en nú tíðkast en aðrir töldu brýnt að ganga ekki of oft til þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem slíkt væri sóun á tíma og fjármunum. Flestir voru sammála um að málskotsrétturinn ætti að vera neyðarúrræði. Mikilvægt væri að forseti væri „næmur á vilja þjóðarinnar“ en jafnframt að góður rökstuðningur fylgdi ákvörðuninni að vísa málum til þjóðarinnar, að ferlið væri gagnsætt og ástæðurnar trúverðugar. Þá töldu margir mikilvægt að málskotsrétturinn væri ítarlegar skilgreindur í stjórnarskránni í því skyni að koma í veg fyrir að hann væri notaður í pólitískum tilgangi.

Umræðan á allmörgum borðum barst að náðunarvaldi forseta og voru nær allir þeirra sem lýstu skoðun sinni óánægðir með að forseti hefði slíkt vald. Töldu sumir þetta vera arfleifð gamalla tíma og að það ætti einungis að vera dómsvaldsins að geta náðað með slíkum hætti.

Þátttakandi 1: Það er eitt sem fer ótrúlega mikið í taugarnar á mér í sambandi við völd forsetans og það er að hann geti náðað fólk.

Þátttakandi 2: Nei það á að taka út.

Þegar umræður voru greindar mátti merkja ákveðna togstreitu á milli þeirrar kröfu að forsetinn væri annars vegar ópólitískur og sameiningartákn og hins vegar að hann væri

„öryggisventill“ sem hefði hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi og væri aðhald gagnvart Alþingi. Sumir veltu því fyrir sér hvort sú pólitíska ákvörðun að skrifa ekki undir lög gerði forsetann ótrúverðugan sem sameiningartákn, þar sem hann þyrfti að vera „forseti allra“. Þá bentu einnig sumir á að það væri ekki síður pólitísk ákvörðun að skrifa undir lög og að leyfa þar af leiðandi almenningi ekki að kjósa um málefnið. Í umræðunum kristallaðist þannig flókið jafnvægi á milli þess að hafa pólitísk völd og að vera álitinn „pólitískur“ og þar af leiðandi ótrúverðugur. Sumum þeirra sem tóku til máls fannst þetta flókið og veltu því upp hvort skilgreina ætti leiðir fyrir almenning til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um ákveðin mál óháð aðkomu forseta. Aðrir töldu þetta tengjast almennri tortryggni almennings á stjórnsmál og stjórnsmálaumræðu og tilhneigingu fólks til að sjá pólitíska umræðu einungis sem flokkapólitík. Einn þátttakandi benti á að pólitík væri ekki neikvæð í sjálfu sér, enda falli öll umræða um það hvernig við viljum hafa samfélagið undir pólitík:


En þegar við tökum ákvörðun um það hvernig samfélagið okkar á að vera, það er alltaf pólitík. Hvort ég vil hafa hraðahindrun á götunni fyrir framan húsið mitt, það er pólitík. Hvort ég vil hafa skóla nálægt hverfinu mínu, það er líka pólitík. Þetta er allt pólitík þannig að ég held að það sé alveg ástæðulaust að setja út á það að það sé pólitísk ákvörðun forseta þetta og hitt.

Umboð forseta

Eftir rökræðufundinn voru fleiri þátttakendur sammála um að í ljósi þess að forseti er valdalítill sé ekki nauðsynlegt að meirihluti kjósenda sé á bak við hann (13% fyrir fund en 24% eftir fund) (sjá töflu 12). Þegar spurningin er greind nánar má sjá að þeir sem ekki höfðu tekið þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu voru að jafnaði líklegri til að vera sammála til-lögunni (46%) en þátttakendur sem höfðu tekið þátt í slíkri atkvæðagreiðslu (23%) (sjá mynd 10 og töflu 112 í viðauka).

Tafla 12. Forseti er valdalítill. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að meirihluti kjósenda sé á bak við hann

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	48	48	21%	5%	48	72	31%	6%
Mjög ósammála	67	75	34%	6%	52	36	16%	5%
Frekar ósammála	48	56	25%	6%	56	47	20%	5%
Hvorki sammála né ósammála	22	15	7%	3%	26	20	9%	4%
Frekar sammála	24	16	7%	3%	25	31	14%	4%
Mjög sammála	6	7	3%	2%	10	11	5%	3%
Fullkomlega sammála	5	6	3%	2%	12	11	5%	3%
Fjöldi svara	220	222	100%		229	229	100%	
Hef ekki skoðun	6	6			0	0		
Svarar ekki	7	6			4	4		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 10. Forseti er valdalítill. Þess vegna er ekki nauðsynlegt að meirihluti kjósenda sé á bak við hann – Hlutfall sammála greint eftir þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu

Líkt og áður hefur komið fram ræddu fundargestir kjör forseta í tengslum við völd hans. Sumir töldu að í ljósi þess að vald forseta er lítið í samanburði við erlenda forseta sé ekki þörf á að breyta fyrirkomulaginu. Sé ætlunin hins vegar að skerpa á valdsviði forseta eða auka valdið sé brýnt að breyta kosningakerfinu og ganga úr skugga um að sá sem nái kjöri hafi meirihluta atkvæða á bak við sig og hafi þar af leiðandi óumdeilt umboð. Enn fleiri voru þó þeirrar skoðunar að breyta þurfi kosningakerfinu nú þegar og innleiða fyrirkomulag sem tryggir að sá sem fái embættið hafi meirihluta kjósenda á bakvið sig og sé ótvíræður sigurvegari kosninga. Hingað til hafi forsetar jafnan haft þriðjung kjósenda á bakvið sig og að mat margra fundargesta er slíkt óæskilegt.

Þátttakandi 1: Mér fyndist þægilegra að vita af því, þegar kominn er forseti, að það hafi verið meirihluti á bak við hann. Að það sé ekki endalaust verið að spá í það sko.

Þátttakandi 2: Ég er alveg sammála því sko, það er mjög nauðsynlegt finnst mér að það sé meirihluti á bak við forsetann því að þetta er auðvitað ekki eðlilegt að það sé kannski bara 30% á bak við hann eða eitthvað svoleiðis. Það er ekki eðlilegt, hann þarf að hafa sterkara umboð.

Embættistími forseta

Eftir rökræðufundinn jókst hlutfall þeirra sem töldu mannskípti vera mikilvægan hluta lýðræðis (sjá mynd 11). Meirihluti þátttakenda var jafnframt á þeirri skoðun að embættistími forseta ætti að takmarkast við tiltekinn fjölda kjörtímabila (72%). Þá var um helmingur þátttakenda sammála því að reglur sem takmarka embættistíma forseta komi í veg fyrir endurkjör forseta sem fólk vill sjá áfram í embætti.



Mynd 11. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um embætti forseta? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Munur reyndist vera á svörum karla og kvenna þegar spurt var um viðhorf til takmörkunar á embættistíma forseta (sjá töflu 13). Eftir rökræðurnar voru konur töluvert líklegri til að vera frekar, mjög eða fullkomlega sammála fullyrðingunni (84%) en karlar (62%) (sjá töflu 113 í viðauka).


Tafla 13. Embættistími forseta á að takmarkast við tiltekinn fjölda kjörtímabíla

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	6	4	2%	2%	15	15	7%	3%
Mjög ósammála	14	15	7%	3%	10	14	6%	3%
Frekar ósammála	16	19	9%	4%	15	19	8%	4%
Hvorki sammála né ósammála	27	28	13%	4%	20	15	7%	3%
Frekar sammála	47	45	21%	5%	25	31	14%	5%
Mjög sammála	46	47	21%	5%	64	56	25%	6%
Fullkomlega sammála	70	61	28%	6%	77	74	33%	6%
Fjöldi svara	226	219	100%		226	224	100%	
Hef ekki skoðun	5	11			2	6		
Svarar ekki	2	3			4	2		
Alls	233	233			232	233		

Eftir fundinn voru þrjú fjórðu þátttakenda sammála því að mannaskipti séu mikilvægur hluti lýðræðis og því betra að sami forseti sitji ekki of lengi í embætti (sjá töflu 14). Þá voru konur (84%) líklegri en karlar (67%) til að vera sammála. Þátttakendur á aldrinum 18 til 40 ára voru hlutfallslega fleiri sammála fullyrðingunni en eldri þátttakendur (87% á móti 64 - 69%) (sjá töflu 114 í viðauka). Á mynd 12 má sjá að munur greindist einnig á svörum eftir stjórn-málaskoðun eftir rökræðufundinn. Þá jókst hlutfall þeirra sem staðsettu skoðanir sínar til hægri og voru ósammála fullyrðingunni (21% fyrir fund en 32% eftir fund). Þátttakendur sem staðsettu skoðanir sínar fyrir miðju eða til vinstri og voru ósammála fullyrðingunni fækkaði hins vegar hlutfallslega (18 - 24% fyrir fund en 7% eftir fund).

Tafla 14. Mannaskipti er mikilvægur hluti lýðræðis. Það er betra fyrir lýðræði og lýðræðislega þátttöku að sami forseti sitji ekki of lengi í embætti

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	6	5	2%	2%	8	8	3%	2%
Mjög ósammála	10	9	4%	3%	8	7	3%	2%
Frekar ósammála	23	30	13%	4%	19	22	10%	4%
Hvorki sammála né ósammála	32	38	17%	5%	25	21	9%	4%
Frekar sammála	48	41	18%	5%	43	56	25%	6%
Mjög sammála	52	47	21%	5%	52	49	21%	5%
Fullkomlega sammála	53	56	25%	6%	74	66	29%	6%
Fjöldi svara	224	226	100%		229	229	100%	
Hef ekki skoðun	2	2			2	3		
Svarar ekki	7	6			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 12. Mannskipti er mikilvægur hluti lýðræðis. Það er betra fyrir lýðræði og lýðræðislega þátttöku að sami forseti sitji ekki of lengi í embætti – Hlutfall ósammála greint eftir stjórnmalaskoðun

Tafla 15 sýnir að um helmingur þátttakenda var sammála því að reglur sem takmarka embættistíma forseta komi í veg fyrir endurkjör forseta sem fólk vill sjá áfram í embætti. Munur greindist á svörum þátttakenda eftir því hvort þeir höfðu tekið þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Eftir fundinn voru þátttakendur sem höfðu tekið þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu töluvert líklegri til að vera sammála fullyrðingunni (50%) en þeir sem ekki höfðu tekið þátt í slíkri atkvæðagreiðslu (23%) (sjá töflu 115 í viðauka).

Tafla 15. Reglur sem takmarka embættistíma forseta koma í veg fyrir endurkjör forseta sem fólk vill sjá áfram í embætti

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	13	9	4%	3%	17	10	4%	3%
Mjög ósammála	22	30	14%	5%	30	45	20%	5%
Frekar ósammála	42	34	16%	5%	36	29	13%	4%
Hvorki sammála né ósammála	44	38	17%	5%	36	33	14%	5%
Frekar sammála	43	53	24%	6%	45	51	22%	5%
Mjög sammála	33	41	19%	5%	35	40	18%	5%
Fullkomlega sammála	15	11	5%	3%	25	19	9%	4%
Fjöldi svara	212	215	100%		224	226	100%	
Hef ekki skoðun	11	10			5	5		
Svarar ekki	10	8			4	2		
Alls	233	233			233	233		

Í umræðum um embættistíma forseta voru langflestir þátttakendur sammála um að einhvers konar takmarkanir þyrftu að vera fyrir hendi. Þar sem þjóðin breytist ört og þróunin er hröð í samfélaginu sé mikilvægt að sami forseti sitji ekki of lengi heldur að það verði regluleg endurnýjun. Reynslan væri enn fremur sú að sitjandi forseti sé yfirleitt endurkjörinn og því væri ráðlegt að setja tímamörk á setu í embætti.

Ég verð að segja að ég persónulega, mér finnst að það eigi að takmarka tímann, jafnvel þó að hann sé valdalítill. Bara vegna þess að, ég held að endurnýjun sé, að það sé þörf á endurnýjun með ákveðnu millibili. Það er síðan hægt að ræða um það hvort það séu þrjú kjörtímabil, jafnvel tvö eða fjögur. Hins vegar er náttúrulega líka sem við verðum kannski að taka tillit til og það er að það er ákveðinn þröskuldur að fara gegn sitjandi forseta.

Mikil umræða skapaðist á borðunum um hvort miða ætti við tvö, þrjú eða fjögur kjörtímabil. Fram komu þau sjónarmið að taka þyrfti tillit til þess að það taki einstaklinga tíma að setja sig inn í hlutverkið og öðlast reynslu í starfi, en jafnframt væri ekki ráðlegt að fólk sæti of lengi í embætti.

Þótt fundargestir sem voru fylgjandi takmörkunum á embættistíma væru meira áberandi í umræðunum voru einnig allmargir mótfallnir slíkum viðmiðum. Sumir töldu það geta stuðlað að auknum stöðugleika að sami einstaklingur gengdi embættinu til lengi. Það ætti enn fremur að vera ákvörðun þjóðarinnar hversu lengi einstaklingar sinntu hlutverki forseta.

Á mörgum borðum var rætt um aukinn kostnað af takmörkun á embættistíma forseta gæti hlotist. Stóraukin útgjöld til fyrrverandi forseta í eftirlaunagreiðslur gætu reynst „dýr fyrir þjóðarbúið“. Kjör forseta Íslands og annarra ráðamanna voru talsvert rædd í þessu samhengi og fannst mörgum fundargestum óréttlátt að þessir aðilar gengju að öðrum kjörum en landsmenn almennt.

Þátttakandi 1: En erum við þá ekki komin með alveg helling af forsetum á einhverjum eftirlaunum? Er ekki það líka? Eru þau ekki á launum í einhvern tíma eftir að þau eru búin að vera í embætti?

Þátttakandi 2: Jú en getum við ekki bara breytt því?

Þátttakandi 3: Já ekki fæ ég eftirlaun ef ég skipti um vinnu eftir átta ár.

Þátttakandi 1: Já ég segi það.

Þátttakandi 3: Já við eigum ekkert að hugsa um pólitíkusa öðruvísi en okkur sjálf finnst mér. Þeir eiga ekkert að vera eftirlaunamenn forever.


Á þónokkrum borðum var rætt um mikilvægi þess að skilgreindar væru leiðir til að koma forseta úr starfi yrði hann skyndilega veikur eða gæti ekki sinnt starfinu sem skyldi. Upp

komu áleitnar spurningar um það hvernig ætti að bregðast við ef forseti yrði uppvís að óheilindum eða væri óstarfhæfur af einhverjum sökum.

Hvað gerist ef við erum ekki heppin með forseta? Hvaða leiðir höfum við til að losna við hann ef hann stendur sig ekki?

Aldursskilyrði

Á mynd 13 má sjá að hlutfall þeirra sem taldi aldursskilyrði um forsetaframboð eiga að vera óbreytt minnkaði eftir umræðurnar, en 65% voru sammála óbreyttum aldursskilyrðum fyrir fundinn en 53% eftir hann.




Mynd 13. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um embætti forseta? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Eftir fundinn fjölgaði þeim umtalsvert sem voru ósammála því að aldursskilyrði fyrir forsetaframboð ættu að vera óbreytt (sjá töflu 16). Á mynd 14 má sjá að munur var á svörum eftir aldri þannig að þátttakendur 61 árs og eldri voru frekar sammála fullyrðingunni (67%) en þátttakendur á aldrinum 41 til 60 ára (59%) og þátttakendur 18 til 40 ára (37%). Nánari greiningu á svörum má finna í töflu 116 í viðauka.

Tafla 16. Óbreytt aldursskilyrði eiga að vera um forsetaframboð

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	16	11	5%	3%	32	33	15%	5%
Mjög ósammála	6	12	6%	3%	17	19	8%	4%
Frekar ósammála	14	15	7%	3%	19	29	13%	4%
Hvorki sammála né ósammála	30	39	18%	5%	33	26	12%	4%
Frekar sammála	25	29	13%	5%	23	29	13%	4%
Mjög sammála	45	36	17%	5%	42	34	15%	5%
Fullkomlega sammála	81	75	35%	6%	59	56	25%	6%
Fjöldi svara	217	216	100%		225	227	100%	
Hef ekki skoðun	9	9			3	3		
Svarar ekki	7	7			5	3		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 14. Óbreytt aldursskilyrði eiga að vera um forsetaframboð – Hlutfall sammála greint eftir aldri

Í upphafi umræðna um aldursskilyrði forsetaframbjóðenda voru þau sjónarmið áberandi að aldursskilyrði ættu að haldast óbreytt og að miðast við 35 ára aldur, líkt og fram kemur í stjórnarskránni. Eðlilegt væri að fólk yrði að hafa náð ákveðnum aldri til að geta sinnt hlutverkinu vel og að það hefði öðlast reynslu og þekkingu sem gerði það hæfara til að takast á við starfið. Til að vera trúverðugir í hlutverki þjóðhöfðingja landsins og sameiningartákns þyrftu einstaklingar að hafa ákveðinn þroska til að bera. Þá væri jafnframt erfitt fyrir kjósendur að leggja mat á hæfni yngri frambjóðenda þar sem forsetaefni væru almennt kosin á grundvelli orðspors og reynslu. Þá töldu nokkrir þátttakendur ungt fólk áhrifagjarnara en eldri kjósendur og því væri hættu á auknum „populisma“.

Ef ég vitna í eigin reynslu þá hafði ég dálítið svona léttlyndari skoðanir á pólitík og landsmálum á meðan ég var ungur. Ég þykist sjá það í skýrara ljósi eftir því sem aldurinn færir yfir. Ég tel að aldurinn gefi nefnilega reynslu líka.

Eftir því sem leið á umræðuna urðu ólík og gagnrýnni sjónarmið meira áberandi. Fundargestir veltu því upp hvort það bryti í bága við lýðræðisreglur að hafa slík aldursskilyrði og hvort þau fælu í sér mismunun á grundvelli aldurs. Þónokkrir töldu aldursviðmið vera hluta af gamalli arfleifð og veltu því upp hvort ekki væri réttara að taka tillit til reynslu og þekkingar fremur en aldurs. Bent var á að engin sambærileg skilyrði væru sett á frambjóðendur til annarra embætta eða setu á þingi. Algeng rök gegn núverandi aldurskilyrðum voru einnig þau að setja þyrfti málin í hendur kjósenda. Treysta þurfi þjóðinni til að velja forseta og að með lýðræðislegu ferli væri best tryggt að sá hæfasti yrði valinn. Ef þjóðin treystir frambjóðanda sem er yngri en 35 ára til að sinna starfinu þá verði að hlíta þeirri niðurstöðu.

Mér finnst bara að maður eigi að geta boðið sig fram og svo er það bara undir þjóðinni komið. Ef fólki finnst maður ekki vera nógu lífsreyndur eða ekki vera með nógu mikla reynslu í lífinu þá verður maður ekki kosinn.

Þónokkrum þátttakendum fannst sérkennilegt að 18 ára einstaklingar gætu kosið en ekki boðið sig fram. Bent var á ýmsa einstaklinga sem eru yngri en 35 ára sem þátttakendur töldu frambærilega og ákjósanlega frambjóðendur. Nefnt var að fólk liti á embætti forseta sem „lífsreynslu embætti“ því forseti þyrfti að „leiða þjóðina“ en það gæti ungt fólk líka gert. Þá væru enn fremur nokkrir starfandi ráðherrar sem ekki hefðu náð 35 ára aldri og hefðu mun meiri völd en forsetinn.

Í lok umræðnanna hafði einstaka fundargestur á orði að viðhorf þeirra í garð aldurskilyrða hefðu breyst í kjölfar skoðanaskipta og rökræðna á borðinu.

Mér finnst akkúrat sko, ég var svolítið föst í þessu með 35 árin en núna þegar við erum að tala saman hérna, þá aðeins fer ég að horfa á þetta aðeins öðruvísi.

Spurningar til pallborðs um forsetaembættið


Í lok umræðnanna gafst þátttakendum á borðunum 27 tækifæri til að bera fram spurningar til pallborðs um málefnið. Hvert borð sendi frá sér eina til tvær spurningar og heildarfjöldi spurninga um forsetaembættið var 51 talsins. Töluverður hluti spurninganna (23 þeirra) fjölluðu um völd og valdsvið forseta. Sem dæmi um spurningar voru „Hvað veitir núverandi stjórnarskrá forsetanum mikið vald? - Hér er ekki átt við venjur og hefðir“ og „Hver eru áhrif og völd forseta ef málskotsrétturinn er tekinn í burtu?“ Alls fjölluðu 11 spurningar um kjör forseta og framkvæmd ólíkra kosningakerfa. Fimm spurningar lutu að tilgangi forsetaembættisins, sem dæmi: „Þurfum við forseta, er hann nauðsynlegur í okkar stjórnskipan, geta forsætisráðherra og utanríkisráðherra tekið hans hlutverk að sér?“ Fimm spurningar fjölluðu um embættistíma forseta og sjö um aldursmörk til framboðs.

LANDSDÓMUR OG ÁKÆRUVALD ALÞINGIS

Hugmyndir til umræðu

- *Alþingi á áfram að hafa vald til að ákæra ráðherra fyrir brot í starfi og Landsdómur á að dæma í slíkum málum.*
- *Alþingi á að hafa vald til að ákæra ráðherra en almennir dómstólar að fjalla um slík mál.*
- *Alþingi á ekki að hafa vald til að ákæra ráðherra og Landsdóm skal leggja niður.*

Þátttakendur ræddu málefni Landsdóms og ákæruvald Alþingis og voru beðnir að hugleiða þjár kosti um fyrirkomulag ákæra á hendur ráðherra. Viðhorf þátttakenda til málefnsins tóku þó nokkrum breytingum eftir rökræðurnar en yfirlit yfir svör við spurningum um efnið er á mynd 15. Þar má sjá að eftir umræðurnar fjölgaði þeim hlutfallslega sem voru sammála því að hægt væri að misnota ákæruvald Alþingis og Landsdóm í pólitískum tilgangi (úr 70% fyrir fund í 79% eftir fund). Þeir voru hins vegar hlutfallslega færri eftir umræðurnar sem töldu ákæruvald Alþingis og Landsdóm nauðsynlega tryggingu svo almenningur gæti treyst því að mál á hendur framkvæmdavaldinu séu sótt á hlutlausan og sanngjarnan hátt (52% fyrir fund og 32% eftir fund). Einnig fækkaði þeim hlutfallslega sem töldu að Alþingi ætti áfram að hafa vald til að ákæra ráðherra og Landsdómur að dæma í slíkum málum (52% fyrir fund en 21% eftir fund). Í lok rökræðufundar taldi rúmur helmingur þátttakenda að Alþingi ætti ekki að hafa vald til að ákæra ráðherra og að Landsdóm ætti að leggja niður.



Mynd 15. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um Landsdóm og ákærvald þingsins? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Áhyggjur þátttakenda af mögulegri misnotkun ákærvalds Alþingis og Landsdóms í pólitískum tilgangi jukust eftir rökræðufundinn. Í töflu 17 má sjá að fyrir umræðurnar töldu 70% þátttakenda að hægt væri að misnota valdið en eftir fund voru 79% á þeirri skoðun. Afstaða fundargesta til málefnisins styrktist enn fremur í kjölfar rökræðnanna. Alls völdu 27 þátttakendur að svara ekki spurningunni í upphafi fundar þar sem þeir ýmist höfðu ekki skoðun á málefninu eða vildu ekki svara en eftir umræðurnar svöruðu einungis 8 á þá leið. Í töflu 117 í viðauka má sjá nánari greiningu á svörum og þar má m.a. sjá að þátttakendur með grunnskólamenntun voru ólíklegri til að vera sammála fullyrðingunni (68%) en þátttakendur með framhaldsskólamenntun (82%) eða háskólamenntun (85%).


Tafla 17. Hægt er að misnota ákærvald Alþingis og Landsdómur í pólitískum tilgangi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	10	16	8%	4%	3	2	1%	1%
Mjög ósammála	6	3	1%	2%	5	8	3%	2%
Frekar ósammála	13	12	6%	3%	14	17	7%	3%
Hvorki sammála né ósammála	33	29	15%	5%	24	21	9%	4%
Frekar sammála	56	55	27%	6%	51	45	20%	5%
Mjög sammála	41	46	23%	6%	58	54	24%	6%
Fullkomlega sammála	47	38	19%	5%	70	79	35%	6%
Fjöldi svara	206	200	100%		225	225	100%	
Hef ekki skoðun	19	25			5	4		
Svarar ekki	8	8			3	4		
Alls	233	233			233	233		

Í lok rökræðufundar var um helmingur fundargesta (52%) ósammála því að ákærvald Alþingis og Landsdómur séu nauðsynleg til að almenningur geti treyst því að mál á hendur framkvæmdavaldinu séu sótt á hlutlausan og sanngjarnan hátt (sjá töflu 18). Nánari greining á niðurstöðum sýnir að þátttakendur í yngsta aldurshópnum voru umtalsvert líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni (64%) samanborið við þátttakendur á aldrinum 41 til 60 ára (46%) og 61 árs og eldri (39%) (sjá mynd 16 og töflu 118 í viðauka).

Tafla 18. Ákærvald Alþingis og Landsdómur eru nauðsynleg til að almenningur geti treyst því að mál á hendur framkvæmdavaldinu séu sótt á hlutlausan og sanngjarnan hátt

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	20	15	7%	4%	41	43	19%	5%
Mjög ósammála	26	26	12%	4%	41	38	17%	5%
Frekar ósammála	32	29	14%	5%	34	36	16%	5%
Hvorki sammála né ósammála	35	30	14%	5%	36	39	17%	5%
Frekar sammála	47	49	24%	6%	36	31	13%	4%
Mjög sammála	31	41	20%	5%	25	31	14%	4%
Fullkomlega sammála	22	19	9%	4%	14	10	5%	3%
Fjöldi svara	213	208	100%		227	227	100%	
Hef ekki skoðun	12	17			3	3		
Svarar ekki	8	8			2	1		
Alls	233	233			232	232		



Marktækur munur er á hópum: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001


Mynd 16. Ákærvald Alþingis og Landsdómur eru nauðsynleg til að almenningur geti treyst því að mál á hendur framkvæmdavaldinu séu sótt á hlutlausan og sanngjarnan hátt – Hlutfall ósammála greint eftir aldri

Óánægja með ákærvald Alþingis og Landsdóm jókst í kjölfar umræðnanna en fyrir fundinn voru 42% fundargesta ósammála því að Alþingi ætti áfram að hafa vald til að ákæra ráðherra fyrir brot í starfi og Landsdómur að dæma í slíkum málum. Eftir fundinn var hlutfall þeirra sem voru ósammála fyrirkomulaginu 68% (sjá töflu 19). Í töflu 119 í viðauka má sjá

að karlar voru líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni eftir fundinn en konur (78% karla á móti 56% kvenna). Skoðanir þátttakenda í yngsta aldersflokknum tóku mestum breytingum í kjölfar umræðnanna en fyrir fundinn höfðu 35% þátttakenda á aldrinum 18 til 40 ára verið ósammála fullyrðingunni en eftir fundinn voru 80% þeirra ósammála (sjá mynd 17).

Tafla 19. Alþingi á áfram að hafa vald til að ákæra ráðherra fyrir brot í starfi og Landsdómur á að dæma í slíkum málum

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	35	25	12%	4%	60	72	32%	6%
Mjög ósammála	24	19	9%	4%	49	45	20%	5%
Frekar ósammála	38	46	21%	5%	40	36	16%	5%
Hvorki sammála né ósammála	18	13	6%	3%	20	24	11%	4%
Frekar sammála	40	43	20%	5%	26	21	9%	4%
Mjög sammála	31	27	13%	4%	18	15	7%	3%
Fullkomlega sammála	35	40	19%	5%	13	12	5%	3%
Fjöldi svara	221	214	100%		226	225	100%	
Hef ekki skoðun	9	17			2	5		
Svarar ekki	3	2			5	3		
Alls	233	233			233	233		




Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 17. Alþingi á áfram að hafa vald til að ákæra ráðherra fyrir brot í starfi og Landsdómur á að dæma í slíkum málum – Hlutfall ósammála greint eftir aldri

Eftir fundinn var um helmingur þátttakenda sammála því að Alþingi ætti að hafa vald til að ákæra ráðherra en almennir dómstólar að fjalla um slík mál (sjá töflu 20). Í töflu 120 í viðauka má sjá að þátttakendur í elsta aldurshópnum voru líklegri til að vera sammála fullyrðingunni (65%) en þeir sem voru 41 til 60 ára (56%) eða 18 til 40 ára (35%). Þátttakendur búsettir utan höfuðborgarsvæðisins voru hlutfallslega fleiri sammála fullyrðingunni (64%) en þeir sem voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu (44%) (sjá mynd 18).

Tafla 20. Alþingi á að hafa vald til að ákæra ráðherra en almennir dómstólar að fjalla um slík mál

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	18	12	5%	3%	31	42	19%	5%
Mjög ósammála	17	18	9%	4%	27	20	9%	4%
Frekar ósammála	32	40	19%	5%	25	22	10%	4%
Hvorki sammála né ósammála	38	40	19%	5%	23	28	13%	4%
Frekar sammála	40	32	15%	5%	42	38	17%	5%
Mjög sammála	48	48	23%	6%	48	49	22%	5%
Fullkomlega sammála	26	22	11%	4%	29	25	11%	4%
Fjöldi svara	219	213	100%		225	223	100%	
Hef ekki skoðun	10	17			4	8		
Svarar ekki	4	3			4	2		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 18. Alþingi á að hafa vald til að ákæra ráðherra en almennir dómstólar að fjalla um slík mál – Hlutfall sammála greint eftir búsetu

Í kjölfar umræðnanna jókst töluvert hlutfall þeirra sem var sammála fullyrðingunni um að Alþingi ætti ekki að hafa vald til að ákæra ráðherra og að Landsdóm skuli leggja niður (úr 24% í 55%) (sjá töflu 21). Nánari greiningu á svörum við spurningunni má finna í töflu 121 í viðauka en þar sést að munur reyndist á svörum þátttakenda eftir vinnumarkaðsstöðu og fjárhagslegri afkomu.

Tafla 21. Alþingi á ekki að hafa vald til að ákæra ráðherra og Landsdóm skal leggja niður

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	44	40	19%	5%	25	29	13%	4%
Mjög ósammála	40	45	21%	6%	19	14	6%	3%
Frekar ósammála	35	40	19%	5%	29	29	13%	4%
Hvorki sammála né ósammála	37	36	17%	5%	29	31	14%	4%
Frekar sammála	12	14	7%	3%	27	30	13%	4%
Mjög sammála	24	20	9%	4%	35	27	12%	4%
Fullkomlega sammála	22	16	8%	4%	60	68	30%	6%
Fjöldi svara	214	211	100%		224	228	100%	
Hef ekki skoðun	13	17			3	2		
Svarar ekki	6	4			6	3		
Alls	233	233			233	233		

Tortryggni var áberandi stef í umræðunni um Landsdóm og ákærvald Alþingis. Voru þeir töluvert meira áberandi sem töldu að leggja ætti ákærvald Alþingis niður og álitu margir ferlið vera „barn síns tíma“ og „tímaskekkju“. Umræður þátttakenda um Landsdóm og ákærvald Alþingis má í stórum dráttum skipta í tvö meginþemu, annars vegar í mikilvægi þess að tryggja aðkomu óháðra aðila að ferlinu og hins vegar friðhelgi ráðherra.

Kall eftir „ópólitísku“ ferli

Stærsti hluti umræðunnar sneri að ákærvaldi Alþingis sem margir töldu bjóða heim hættu á klíkuskap og spillingu. Á flestum borðum barst talið fljótlega að máli Geirs H. Haarde, enda er ákæra á hendur honum eina málið sem farið hefur fyrir Landsdóm. Töluvert var rætt um atkvæðagreiðslu Alþingis þegar greidd voru atkvæði um það hvort mál skyldi höfða á hendur fjórum ráðherrum sem þingmannanefndin hafði lagt til að yrðu ákærðir. Samhljómur var meðal þátttakenda um að ferlið hefði reynst „hápólitískt“ og ósanngjarnt að einn aðili hafi verið látinn „taka fallið“. Sumir veltu því upp hvort alþingismenn væru hæfir til að meta hvort samstarfsfólk, jafnvel flokksfélagar eða pólitískir andstæðingar, hefðu brotið af sér í starfi. Reynslan sýni að persónulegur vinskapur og tengsl stjórnmafólks hafi mikil áhrif og fannst því mörgum þátttakendum ákærvald Alþingis fela í sér ótrúverðugt ferli.

*Þetta sýndi sig að vera pólitískt apparat. Úrræðið tilgangslaust og farsakennt.
Þingmenn eyðilögðu þetta alveg þegar þeir frúðu vini sína.*

Drjúgur hluti umræðna á borðunum fólst í því að leita betri og áreiðanlegri leiða til að sækja ráðherra til saka og dæma fyrir afglöp í starfi. Voru þátttakendur sammála um að fjarlægja þyrfti ferlið pólitíkinni og tryggja að þeir sem rannsaka og ákæra séu óháðir og ópólitískir. Langflestir voru á þeirri skoðun að ákæruvaldið ætti ekki að vera í höndum þingmanna. Kallað var eftir ferli sem hafið væri yfir allan vafa en væri ekki „ákæruvald sem fer eftir flokkpólitískum línunum“.

Sumir veltu fyrir sér hvort fela ætti umboðsmanni Alþingis, ríkisendurskoðun eða ríkissaksóknara vald til að vísa málum til dómstóla á meðan aðrir vildu sjá sérstakt ákæruvald eða eftirlitsaðila sem sæi um rannsókn mála og jafnvel að leitað væri út fyrir landsteinana til að tryggja hlutlaust og sjálfstætt mat. Einstaka þátttakandi var á öndverðum meiði. Fáeinir töldu ákæruvaldið eiga réttilega heima hjá Alþingi þar sem það sé mikilvægt aðhaldstæki fyrir alþingismenn, en fundargestir á þeirri skoðun voru mun færri.

Þátttakendur ræddu einnig um hvers konar dómstóll ætti að dæma í málum ráðherra. Í umræðunum mátti merkja að forgangsatríði væri að tryggja trúverðugleika og fyrirbyggja frændhygli og spillingu. Þónokkuð var rætt um smæð Íslands og nærsamfélag og mikilvægi þess að viðmið og reglur um vanhæfi væru skýr og að þau væru virt. Nokkrir fundargestir töldu ekki rétt að sérstakur dómstóll sæi um málefni ráðherra. Allir ættu að vera jafnir fyrir lögum og „sitja við sama borð“ og því ættu mál ráðherra að fá umfjöllun almennra dómstóla líkt og mál annarra borgara. Þátttakendur á öndverðum meiði töldu óráðlegt að almennir dómstólar söguðust inn í pólitísk mál og að af þeim sökum væri Landsdómur betri kostur en almennir dómstólar. Sumir veltu því ennfremur fyrir sér hvort dómurum gæti þótt óþægilegt að vera settir í þá stöðu að þurfa að dæma alþingismenn, og hvort þeir gætu verið hlutlausir í málum þeirra ráðherra sem skipuðu þá í embætti.

„Ábyrgðarlausir“ alþingismenn

Á mörgum borðum kviknaði töluverð umræða um friðhelgi ráðherra og annarra alþingismanna. Var það áberandi stef í umræðunni að ráðherrar og alþingismenn bæru litla ábyrgð á misgjörðum sínum. „Klausturmálið“ og önnur mál þar sem ráðherrar og alþingismenn hafa verið uppvísir að brotum eða óheilindum í starfi voru víða skeggrædd og töldu þátttakendur slík mál sjaldan hafa afleiðingar fyrir alþingismenn. Fyrir vikið virðist sem

alþingismenn séu „ósnertanlegir“ og „lúti öðrum lögmálum“ en aðrir landsmenn. Í umræðu um Klaustursmálið nefndi einn fundargestur þetta:

Það er beiskt bragð af því, allir eru með óbragð í munninum. Mér finnst, eftir atburðina í vetur, að alþingismenn finnast þeir vera friðhelgir.

Í umræðunum var gjarnan vikið að erlendum stjórnáráðmönnum sem sagt hafa af sér eftir að hafa orðið uppvísir að óheiðarleika eða brotum í störfum. Fundargestir töldu slíkt fátítt héraðs og fyrir vikið yrði að finna leiðir til að sjá til þess að þegar alþingismenn sem brjóta af sér í starfi eru sóttir til saka sé málsmeðferðin óumdeild. Fundargestir bentu á að svo virtist sem engin úrræði væru til staðar til að draga alþingismenn til ábyrgðar vegna afglapa í starfi. Það þurfi að skýra betur og skilgreina hvað felist í afglöpum í starfi og hvernig skuli bregðast við þegar brot eigi sér stað, ekki sé forsvaranlegt að byggja á huglægu mati. Fannst mörgum það sérkennilegt að Landsdómur hafi aðeins verið kallaður saman einu sinni og töldu margir það til marks um það að kerfið sé litað af hagsmuna- og valdatengslum. Þá var ennfremur rætt um að í máli Geirs H. Haarde hafi dómi Landsdóms ekki fylgt nein viðurlög, heldur eingöngu „stimpill“ en sumir fundargestir töldu slíkt hafa lítið vægi á Íslandi þar sem fólk „hefði enga skömm“.

Þátttakendur voru margir ósáttir við það hve lengi ráðherrar og alþingismenn hafa fengið að sitja í embætti eftir að hafa brotið af sér í starfi eða upp hafi komið mál sem grafa undan trúverðugleika viðkomandi. Fyrir vikið, töldu þátttakendur, að traust almennings í garð Alþingis hafi beðið hnekki. Fannst mörgum fundargestum óforsvaranlegt að alþingismenn fengju „sérmeðferð“ og kölluðu eftir því að þeir sættu sömu reglum og meðferð og almennir borgarar.

Af hverju ættu mál þar sem ráðherrar gerast brotlegir að vera meðhöndluð eitthvað öðruvísi en mál hjá almenningi?

Spurningar til pallborðs um Landsdóm og ákærvald Alþingis

Alls sömdu þátttakendur 49 spurningar til sérfræðipanelisins. Sjö spurningar fjölluðu bæði um ákærvald og dómsvald. Ákærvald Alþingis var eitt og sér viðfangsefni 21 spurningar. Dæmi um slíkar spurningar eru: „Ætti almenningsur að hafa leið til að kæra embættisbrot ráðherra ef Alþingi ákveður að taka ekki á málum“ og „Eru einhverjir aðilar sem eru óháðir Alþingi sem væri bærir til þess að sjá um ákvörðun til að ákæra ráðherra fyrir brot í starfi?“



Alls fjölluðu 12 spurningar um dómsvaldið eitt og sér: „Hvað gerir Landsdóm öðruvísi en almenna dómstóla til að dæma í málum af þessu tagi? Eru almennir dómstólar hæfir til að fjalla um brot ráðherra í starfi“. Loks fjölluðu fjórar spurningar um viðurlög, pólitíska ábyrgð og skilgreiningar á hugtökum og fimm spurningar um reynslu annarra þjóða og fyrirkomulag varðandi málsmeðferð vegna embættisbrota ráðherra.

ÁKVÆÐI UM BREYTINGAR Á STJÓRNARSKRÁ


Hugmyndir til umræðu

- *Breytingar á stjórnarskrá eiga áfram að þurfa samþykki tveggja þinga.*
- *Aukinn meirihluti þings (2/3) á að geta breytt stjórnarskrá í einni atkvæðagreiðslu.*
- *Yfirgnæfandi meirihluti þings (5/6) á að geta breytt stjórnarskrá.*
- *Breytingar á stjórnarskrá á alltaf að bera undir þjóðaratkvæði.*

Næstsíðasta umræðuefni rökræðufundarins var ákvæði um stjórnarskrárbreytingar og ræddu þátttakendur fjórar hugmyndir sem lutu að slíkum breytingum. Þátttakendur svöruðu einnig átta spurningum um breytingar á stjórnarskrá í spurningakönnun í upphafi og lok rökræðufundar. Kaflinn skiptist í tvo hluta, fyrri hlutinn fjallar um almennt viðhorf þátttakenda til stjórnarskrárbreytinga og meðferðar slíkra breytinga á Alþingi og seinni hlutinn snýr að aðkomu almennings að stjórnarskrárbreytingum.

Stjórnarskrárbreytingar og meðferð þeirra á Alþingi

Mynd 19 sýnir samanburð á svörum þátttakenda við spurningum um stjórnarskrárbreytingar og meðferð þeirra á Alþingi. Marktækan mun á viðhorfum fyrir og eftir fund mátti greina á svörum þátttakenda við spurningu um hvort aukinn meirihluti þings (2/3) ætti að geta breytt stjórnarskrá í einni atkvæðagreiðslu. Fyrir fund voru 19% svarenda sammála fullyrðingunni en eftir fund voru 14% sammála.



Mynd 19. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um breytingar á stjórnarskrá? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála þeir væru því að fyrirkomulag breytinga á stjórnarskrá yrði óbreytt að því leyti að það þyrfti áfram samþykki tveggja þinga. Rúmur helmingur þátttakenda (60%) var frekar, mjög eða fullkomlega sammála fullyrðingunni (sjá töflu 22). Þegar rýnt er í svör þátttakenda eftir bakgrunnsþáttum má sjá að munur var á svörum þátttakenda eftir aldri þeirra, menntunarstigi, vinnu- markaðsstöðu og hvort þeir höfðu tekið þátt í þjóðaratkvæðagreiðslu eða ekki (sjá töflu 122 í viðauka).

Tafla 22. Breytingar á stjórnarskrá eiga áfram að þurfa samþykki tveggja þinga


	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	13	11	5%	3%	15	10	4%	3%
Mjög ósammála	14	10	4%	3%	15	13	6%	3%
Frekar ósammála	22	19	8%	4%	29	35	15%	5%
Hvorki sammála né ósammála	31	37	16%	5%	23	34	15%	5%
Frekar sammála	44	38	17%	5%	42	44	20%	5%
Mjög sammála	53	61	27%	6%	51	42	19%	5%
Fullkomlega sammála	48	53	23%	5%	47	47	21%	5%
Fjöldi svara	225	228	100%		222	226	100%	
Hef ekki skoðun	2	2			2	2		
Svarar ekki	6	4			9	5		
Alls	233	233			233	233		

Eftir umræðurnar höfðu umtalsvert fleiri skoðun á því hvort aukinn meirihluti þings (2/3) eigi að geta breytt stjórnarskrá í einni atkvæðagreiðslu (sjá töflu 23). Fyrir fundinn merktu 17%

fundargesta við hvorki sammála né ósammála og 19 merktu við „hef ekki skoðun“ eða „vil ekki svara“. Eftir fundinn merktu einungis 8% við hvorki sammála né ósammála og átta þátttakendur völdu að svara ekki spurningunni. Þá jókst jafnframt hlutfall þeirra sem var frekar, mjög eða fullkomlega ósammála fullyrðingunni, úr 64% í 78% eftir umræðurnar. Mynd 20 sýnir að í kjölfar umræðnanna breyttist afstaða þátttakenda til fullyrðingarinnar töluvert í þegar rýnt er í svör eftir aldri. Fyrir umræður voru viðhorf svipuð í öllum aldurs- hópunum en eftir umræðurnar jókst hlutfall þeirra sem voru ósammála í tveimur hópum en minnkaði í einum hóp. Eftir fundinn var mikill meirihluti þátttakenda í yngsta aldurshópnum (18 til 40 ára) ósammála því að aukinn meirihluti þings eigi að geta breytt stjórnarskrá í einni atkvæðagreiðslu (91%), jafnframt voru 81% þátttakenda á aldrinum 41 til 60 ára ósammála og 52% þátttakenda á aldrinum 61 og eldri. Nánari greiningu á svörum má finna í töflu 123 í viðauka.

Tafla 23. Aukinn meirihluti þings (2/3) á að geta breytt stjórnarskrá í einni atkvæðagreiðslu

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	40	41	19%	5%	58	67	30%	6%
Mjög ósammála	52	50	23%	6%	59	67	29%	6%
Frekar ósammála	48	48	22%	5%	51	43	19%	5%
Hvorki sammála né ósammála	26	38	17%	5%	18	18	8%	4%
Frekar sammála	26	22	10%	4%	15	11	5%	3%
Mjög sammála	12	9	4%	3%	14	12	5%	3%
Fullkomlega sammála	10	10	5%	3%	10	9	4%	2%
Fjöldi svara	214	219	100%		225	227	100%	
Hef ekki skoðun	6	7			1	2		
Svarar ekki	13	7			7	4		
Alls	233	233			233	233		




Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 20. Aukinn meirihluti þings (2/3) á að geta breytt stjórnarskrá í einni atkvæðagreiðslu - Hlutfall ósammála greint eftir aldri

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru því að yfirgnæfandi meirihluti þingmanna (5/6) ætti að geta breytt stjórnarskránni. Viðhorf fundargesta til hugmyndarinnar breyttust ekki þannig að marktekni mætti merkja eftir umræðurnar, en að fundi loknum var tæpur helmingur (49%) frekar, mjög eða fullkomlega ósammála fullyrðingunni (sjá töflu 24). Nánari greiningu á svörum má finna í töflu 124 í viðauka en þar sést m.a. að munur var á svörum þátttakenda eftir menntunarstigi og vinnumarkaðsstöðu. Á mynd 21 má sjá að sjálfstætt starfandi þátttakendur og atvinnurekendur voru hlutfallslega flestir ósammála fullyrðingunni (75%), á móti 27% þátttakenda á eftirlaunum og 48% þátttakenda í launuðu starfi eða í annarri stöðu.

Tafla 24. Yfirgnæfandi meirihluti þings (5/6) á að geta breytt stjórnarskrá

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	29	30	14%	5%	42	37	16%	5%
Mjög ósammála	37	32	14%	5%	39	31	14%	4%
Frekar ósammála	30	24	11%	4%	43	43	19%	5%
Hvorki sammála né ósammála	31	38	17%	5%	25	27	12%	4%
Frekar sammála	44	51	23%	6%	29	32	14%	5%
Mjög sammála	33	30	14%	5%	25	31	14%	4%
Fullkomlega sammála	15	15	7%	3%	21	26	11%	4%
Fjöldi svara	219	220	100%		224	227	100%	
Hef ekki skoðun	8	10			2	2		
Svarar ekki	6	3			7	4		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 21. Yfirgnæfandi meirihluti þings (5/6) á að geta breytt - Hlutfall ósammála greint eftir vinnumarkaðsstöðu

Reglur um stjórnarskrárbreytingar eru oftast þyngri í vöfum en reglur er varða lagabreytingar. Þátttakendur voru beðnir um að svara því til hversu sammála eða ósammála þeir

væru því að stjórnarskrárbreytingar mættu ekki vera svo auðveldar að stundarhagsmunir stjórnsmálaflokka geti leitt til þeirra. Líkt og sjá má í töflu 25 var stuðningur við þetta viðhorf mikill, bæði fyrir og eftir fundinn. Í lok umræðna voru 66% þátttakenda fullkomlega sammála hugmyndinni. Í töflu 125 í viðauka má sjá nánari greiningu á svörum.


Tafla 25. Stjórnarskrárbreytingar mega ekki vera svo auðveldar að stundarhagsmunir stjórnsmálaflokka geti leitt til þeirra

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	3	4	2%	2%	2	1	1%	1%
Mjög ósammála	2	3	1%	1%	0	0	0%	0%
Frekar ósammála	1	1	0%	1%	3	2	1%	1%
Hvorki sammála né ósammála	6	9	4%	3%	6	7	3%	2%
Frekar sammála	27	30	14%	5%	22	18	8%	3%
Mjög sammála	63	56	25%	6%	59	52	22%	5%
Fullkomlega sammála	120	118	54%	7%	138	151	66%	6%
Fjöldi svara	222	220	100%		230	230	100%	
Hef ekki skoðun	5	7			1	1		
Svarar ekki	6	5			2	1		
Alls	233	233			233	233		

Meirihluti þátttakenda (71%) var sammála því eftir fundinn að stjórnarskráin ætti að vera lifandi plagg og þróast í takt við ný og breytt viðhorf og því megi stjórnarskrárbreytingar ekki vera of flóknar í framkvæmd (sjá töflu 26). Þegar rýnt er í svör eftir menntun (mynd 22) sést að mestur var stuðningur var meðal þeirra sem voru með grunnskólamenntun (84%) en minni hjá þátttakendum með framhaldsskólamenntun (68%) og háskólamenntun (64%). Nánari greining á svörum er í töflu 126 í viðauka.

Tafla 26. Stjórnarskrárbreytingar mega ekki vera of flóknar í framkvæmd því stjórnarskráin á að vera lifandi plagg sem þróast í takt við ný og breytt viðhorf

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	8	7	3%	2%	9	9	4%	2%
Mjög ósammála	15	14	6%	3%	13	10	4%	3%
Frekar ósammála	30	28	12%	4%	26	30	13%	4%
Hvorki sammála né ósammála	24	24	10%	4%	16	19	8%	4%
Frekar sammála	68	71	31%	6%	68	65	28%	6%
Mjög sammála	46	56	24%	6%	59	56	24%	6%
Fullkomlega sammála	34	28	12%	4%	39	43	19%	5%
Fjöldi svara	225	227	100%		230	231	100%	
Hef ekki skoðun	2	2			1	0		
Svarar ekki	6	4			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 22. Stjórnarskrárbreytingar mega ekki vera of flóknar í framkvæmd því stjórnarskráin á að vera lifandi plagg sem þróast í takt við ný og breytt viðhorf - Hlutfall sammála greint eftir menntun

Á umræðufundinum var algengt viðkvæði að ekki mætti vera of auðvelt að gera stjórnarskrárbreytingar. Þátttakendur sögðu að vanda þyrfti til verka þegar stjórnarskrárbreytingar ættu í hlut. Slíkar breytingar þurfi tíma og um þær þurfi að nást sátt. „Ef maður er að flyta málum í gegn gæti það orðið mjög umdeilt eftir á“ voru orð eins fundargests. Áhersla var lögð á að það þyrfti að varast að tíðarandi og skammtímahagsmunir hefðu áhrif á stjórnarskrána. Í því samhengi tjáðu sumir ánægju með núverandi kerfi því þegar stjórnarskrárbreytingar þyrftu að fara í gegnum tvö þing væri tryggt að tilhlýðilegur tími færi í breytingarnar og þær því ekki gerðar í stundaræsingi.

Mér finnst að það eigi að vera svolítið erfitt að breyta stjórnarskránni út af þessu að það geta komið upp mál sem eru tískufyrirbæri. Mér finnst þetta gott eins og það er, það þurfi tvö þing, ef menn eru sammála þá geta þeir kosið þá flokka sem vilja aftur stuðla að því, en þá tekur þetta svolíttinn tíma að breyta og það á að vera þannig, stjórnarskráin er ekki eitthvað sem við bara breytum eftir dagsformi okkar.

Hins vegar undirstrikuðu margir þátttakendur einnig að stjórnarskrárbreytingar ættu ekki að vera svo flóknar að þær væru nær óframkvæmanlegar. Bent var á að núverandi fyrirkomulag, sem krefst samþykkis tveggja þinga, hafi hindrað að breytingar næðu fram að ganga. Því voru margir á þeirri skoðun að breyta þyrfti kerfinu á þann hátt að mögulegt væri að ná fram stjórnarskrárbreytingum.

Vissulega á að vera erfitt að breyta stjórnarskrá en það er of erfitt í dag að breyta stjórnarskrá, það er bara svoleiðis.

Í tengslum við tveggja þinga fyrirkomulagið komu víða upp áhyggjur af því að erfitt væri fyrir kjósendur að taka afstöðu þegar kosið væri til seinna þings. Bent var á að kjósendur

gætu verið sammála stefnu flokks varðandi stjórnarskrárbreytingarnar en ósammála almennum stefnumálum hans og því gætu þeir þurft að gera upp við sig hvort þeir kysu út frá áherslum flokka varðandi stjórnarskrárbreytingarnar eða út frá öðrum málefnum.

En í sambandi við það að þetta fari í gegnum tvö þing, að þegar við kjósum til Alþingis að þá erum við ekki endilega að kjósa—, sko við kjósum um alla hluti, sjávarútveg, landbúnað, utanríkismál, við kjósum um allt, það er ekki bara stjórnarskráin, og þá getur flokkurinn sem við styðjum verið á móti stjórnarskránni, þannig að við getum kosið á móti sjálfum okkur ef að við notum þetta kerfi eins og það er.

Mörgum hugnaðist ekki að eitt þing gæti samþykkt stjórnarskrárbreytingar, jafnvel þó um aukinn meirihluta væri að ræða. Flestir töldu 2/3 hlutfall of lágt og fannst að stjórnarskrárbreytingar ættu ekki að vera svo auðveldar. Sumum þótti 5/6 hlutfall ásættanlegt en aðrir töldu það allt of hátt hlutfall og að ógerlegt væri að ná svo mikilli samstöðu á þingi.

Þátttakandi 1: Það eru líka rök fyrir því að hafa aukinn meirihluta, mér finnst þetta svolítið mikið, 5/6 reyndar, mér finnst þetta rosa hár þröskuldur.

Þátttakandi 2: Það er sjaldan sem þinginu kemur svona vel saman.

Þátttakandi 3: Þá væri nú bara aldrei samþykkt neitt.

Ekki ósvipað því sem greina mátti í umræðum um önnur málefni fundarins var vantraust á Alþingi og stjórnámálamenn fremur áberandi stef í umræðum um málsmeðferð stjórnarskrárbreytinga. Vantraustið lýsti sér til að mynda í því að sumir fundargestir treystu því ekki að aukinn eða jafnvel yfirgnæfandi meirihluti þingmanna endurspeglaði vilja þjóðarinnar. Töldu þónokkrir að þingmenn hefðu of mikið vald um stjórnarskrárbreytingar og gætu auðveldlega staðið í vegi fyrir mikilvægum breytingum. Fram kom að í sumum tilvikum hefðu stjórnámálamenn hag af því að hlutirnir héldust óbreyttir og því væri ekki hægt að treysta Alþingi til að taka ákvarðanir um stjórnarskrána.

Það eru búnar að vera stanslausar stjórnarskrárnefndir eiginlega allan lýðveldistímann, það hefur nánast engu verið breytt, kjördæmaskipan jú, svo kom mannréttindakafli, en ekkert annað, ekki neitt. [...] Við erum bara á þeim stað að stjórnarskráin er í eigu stjórnsmálaflökkanna og þeir leyfa ekki breytingar á stjórnarskrá, það er bara ósköp einfaldlega þannig. [...] Fyrst og fremst þarf að taka þetta af stjórnsmálaflökkunum, það þarf að leyfa, ekkert að leyfa heldur bara færa valdið til fólksins þannig að það sé þjóðaratkvæðagreiðsla.

Í tengslum við ætlaða tregðu þings til að breyta stjórnarskránni var lagt til að þjóðin þyrfti að hafa beinni aðkomu að stjórnarskrárbreytingum og nokkrir þátttakendur töldu að þjóðin þyrfti að hafa leiðir til að setja stjórnarskrárbreytingar á dagskrá ef vilji þings og þjóðar væri ólíkur.

Þátttakandi 1: En viljum við kannski líka að þjóðin geti knúið fram breytingu á stjórnarskrá í trássi við vilja þingsins?

Þátttakandi 2: Já þetta er góð spurning.

Þátttakandi 1: Já af því að þingið getur verið alveg úti að aka við það sem þjóðin vill.

Gegnumgangandi stef í umræðunum var því að Alþingi ætti ekki eitt að hafa vald til að breyta stjórnarskrá heldur þyrfti að tryggja aðkomu almennings að ákvörðunum um stjórnarskrárbreytingar.

Aðkoma almennings að stjórnarskrárbreytingum

Á mynd 23 má sjá yfirlit yfir svör við spurningum um aðkomu almennings að breytingum á stjórnarskrá. Fyrir fundinn var mikill meirihluti þátttakenda (92%) sammála að meðal landsmanna ætti að ríkja almenn sátt um stjórnarskrárbreytingar og eftir rökræðurnar hækkaði hlutfallið enn frekar (95%). Þeim fjölgaði einnig sem voru sammála því að þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar auki skilning almennings á stjórnarskrá og hlutverki hennar (úr 81% fyrir umræður í 91% eftir þær).




Mynd 23. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um breytingar á stjórnarskrá? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Í lok fundar voru 83% fundargesta sammála því að breytingar á stjórnarskrá eigi alltaf að bera undir þjóðaratkvæði (sjá töflu 27). Mynd 24 sýnir að þátttakendur sem staðsettu stjórnarmálaskoðun sína til vinstri voru hlutfallslega fleiri sammála fullyrðingunni (97%) en þeir sem staðsettu sig fyrir miðju (82%) og þeir sem staðsettu sig til hægri (74%). Munur greindist einnig eftir fjárhagslegri afkomu þar sem stuðningur við hugmyndina jókst eftir því sem fjárhagsleg afkoma þátttakenda versnaði (sjá töflu 127 í viðauka).

Tafla 27. Breytingar á stjórnarskrá á alltaf að bera undir þjóðaratkvæði

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	7	11	5%	3%	4	2	1%	1%
Mjög ósammála	5	5	2%	2%	6	8	3%	2%
Frekar ósammála	16	14	6%	3%	13	9	4%	2%
Hvorki sammála né ósammála	23	28	12%	4%	26	22	10%	4%
Frekar sammála	35	39	17%	5%	42	53	23%	5%
Mjög sammála	39	35	15%	5%	50	50	22%	5%
Fullkomlega sammála	103	97	42%	6%	88	87	38%	6%
Fjöldi svara	228	230	100%		229	231	100%	
Hef ekki skoðun	3	1			1	0		
Svarar ekki	2	2			3	2		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 24. Breytingar á stjórnarskrá á alltaf að bera undir þjóðaratkvæði - Hlutfall sammála greint eftir stjórnarmálaskoðun

Stuðningur þátttakenda við fullyrðinguna um að um stjórnarskrárbreytingar skuli ríkja almenn sátt meðal landsmanna var fremur afgerandi, en eins og sést á töflu 28 voru 95% þátttakenda sammála fullyrðingunni eftir umræðurnar. Þegar horft er til stjórnarmálaskoðana þátttakenda má sjá að þeir sem staðsettu skoðanir sínar til hægri voru nær allir sammála fullyrðingunni (98%), það voru jafnframt 96% þeirra sem staðsettu skoðanir sínar fyrir miðju

og 89% þeirra sem staðsettu sig til vinstri (sjá mynd 25). Einnig mátti sjá mun á svörum þátttakenda eftir menntun eins og sjá má í töflu 128 í viðauka.

Tafla 28. Um stjórnarskrárbreytingar á að ríkja almenn sátt meðal landsmanna

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	6	6	3%	2%	0	0	0%	0%
Mjög ósammála	2	2	1%	1%	1	1	0%	1%
Frekar ósammála	5	3	1%	2%	4	2	1%	1%
Hvorki sammála né ósammála	11	8	4%	2%	13	8	3%	2%
Frekar sammála	40	40	18%	5%	38	34	15%	5%
Mjög sammála	74	85	37%	6%	67	67	29%	6%
Fullkomlega sammála	87	82	36%	6%	107	119	51%	6%
Fjöldi svara	225	226	100%		230	231	100%	
Hef ekki skoðun	2	2			1	0		
Svarar ekki	6	5			2	1		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 25. Um stjórnarskrárbreytingar á að ríkja almenn sátt meðal landsmanna - Hlutfall sammála greint eftir stjórnámálaskoðun

Eftir fundinn jókst hlutfall þeirra sem var sammála því að þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar auki skilning almennings á stjórnarskránni og hlutverki hennar. Fyrir fundinn voru 81% þátttakenda sammála en eftir fundinn var hlutfall þeirra 91% (sjá töflu 29). Munur var á svörum þegar tekið var tillit til menntunar þátttakenda, en allir þátttakendur með grunnskólamenntun voru sammála fullyrðingunni eftir fund, en það voru jafnframt 93% þátttakenda með framhaldsskólamenntun og 85% þeirra sem höfðu háskólamenntun (sjá mynd 26 og töflu 129 í viðauka).

Tafla 29. Þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar auka skilning almennings á stjórnarskrá og hlutverki hennar

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	6	5	2%	2%	0	0	0%	0%
Mjög ósammála	1	0	0%	1%	3	2	1%	1%
Frekar ósammála	6	13	6%	3%	10	7	3%	2%
Hvorki sammála né ósammála	21	24	11%	4%	12	11	5%	3%
Frekar sammála	58	53	24%	6%	53	54	23%	5%
Mjög sammála	62	66	29%	6%	68	73	32%	6%
Fullkomlega sammála	72	64	28%	6%	84	84	36%	6%
Fjöldi svara	226	227	100%		230	231	100%	
Hef ekki skoðun	1	1			1	1		
Svarar ekki	6	5			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 26. Þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar auka skilning almennings á stjórnarskrá og hlutverki hennar - Hlutfall sammála greint eftir menntun

Í samræmi við niðurstöður spurningakönnunarinnar mátti, í umræðum fundargesta, greina mikinn stuðning við þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar. Á flestum borðum voru fundargestir sammála um mikilvægi þess að stjórnarskrárbreytingar væru samþykktar, fyrst af þingi og síðan af almenningi í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu. Margir tjáðu þá skoðun að nóg væri að eitt þing samþykkti stjórnarskrárbreytingar ef þeim væri síðan vísað í þjóðaratkvæði. Sumir lögðu áherslu á að ákveðinn tími þyrfti að líða frá því að þing samþykkti breytingar þar til þær færu í þjóðaratkvæði til að draga úr áhrifum af dægurþrasi. Töldu flestir ásættanlegt að einfaldur meirihluti þings samþykkti breytingarnar að því gefnu að tillögurnar væru lagðar fyrir almenning í kjölfarið, en sumir fundargestir töldu brýnt að gerðar væru kröfur um víðtækari sátt um tillögurnar á þingi áður en þær færu í þjóðar-

atkvæðagreiðslu. Flestir sem tóku til máls voru á þeirri skoðun að yrði þjóðaratkvæðagreiðslu bætt við ferlið þyrfti einungis samþykki eins þings til að staðfesta stjórnarskrárbreytingar en einstaka þátttakendur álitu að bæta ætti þjóðaratkvæðagreiðslu við núverandi kerfi, þar sem tvö þing þurfi til að staðfesta breytingar.

Er ekki bara nóg að þetta sé einfaldur meirihluti á þinginu og svo þjóðaratkvæði? [...] Þetta yfir tvö kjörtímabil held ég að hafi einhvern veginn, sé svo rosalega þvingandi. [...] En mér finnst þetta eiginlega, af því að ég er ekki hrifin af þjóðaratkvæðagreiðslum almennt, þá finnst mér þetta vera eiginlega næstum það eina sem ég myndi vilja hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um, það er stjórnarskráin.

Í umræðum um þjóðaratkvæðagreiðslur um tillögur að stjórnarskrárbreytingum komu upp ýmis atriði sem fundargestir töldu brýnt að huga sérstaklega að. Því var velt upp hvort allar stjórnarskrárbreytingar ættu erindi við almenning, sama hversu smávægilegar þær væru. Sumir lögðu til að ólík ferli yrðu skilgreind fyrir smærri og stærri breytingar og að Alþingi gæti staðfest minniháttar breytingar án aðkomu almennings en að meiriháttar breytingar yrðu bornar undir þjóðina. Aðrir höfðu efasemdir um að hægt væri að greina auðveldlega þar á milli og lögðust gegn því að sumar breytingar færu ekki í þjóðaratkvæði.

Þátttakandi 1: Af hverju myndi þurfa að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu smávægilegar breytingar á stjórnarskrá? [...] En hvað eru smávægilegar breytingar? Þá þarf að sýna fram á það hvaða afleiðingar breytingin hefur.

Þátttakandi 2: Ég held að það sé svolítið hættulegt að opna fyrir það, einhverskonar mat á því sko.

Annað atriði sem þátttakendur veltu fyrir sér varðandi framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu vegna stjórnarskrárbreytinga var hvort kjósendum gæfist kostur á að samþykkja breytingar á hverju ákvæði fyrir sig eða hvort þeir þyrftu að samþykkja eða hafna breytingartillögu í heild sinni. Margir töldu að kjósendur þyrftu að geta tekið afstöðu til hvers ákvæðis fyrir sig og bent var á að þau breytingarákvæði sem ekki væru samþykkt væri hægt að endurskoða og leggja aftur í atkvæðagreiðslu síðar.

Sumir fundargestir kölluðu eftir því að þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingar á stjórnarskrá væri ekki haldin samhliða Alþingiskosningum því þá gætu stjórnarskrárbreytingarnar „týnst í umræðunni“ eða „horfið inn í aðra kosningabaráttu“. Þó að margir þeirra sem tjáðu sig um þetta teldu heillavænlegast að hafa sér atkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar þá var

einnig nefnt að það gæti leitt til betri kjörsóknar ef kosið væri samhliða öðrum kosningum auk þess sem það myndi spara kostnað.

Ef við myndum alltaf gera þetta í samhengi við kosningar þá erum við náttúrulega að spara, það verður ódýrara og allt það, það eru ekkert vond rök en það eru gallar sem fylgja því, þá er þetta komið í eitthvað kosningasamhengi sem eins og við vitum, kosningar geta verið alveg rosalega mikill svona róstarsamur tími þar sem fólk hnakk-rífst og þá er það kannski orðið eitthvað skrítið. Og líka bara það að það gæti tafið nauðsynlegar breytingar. En það væri þá dýrara að halda sér þjóðaratkvæðagreiðslur.

Á sumum borðum skapaðist umræða um áhrif hugsanlegs áróðurs á kjósendur. Viðruðu sumir áhyggjur af því að einhverjir kynnu að hafa ófullnægjandi þekkingu á málefnum sem kosið væri um og að hægt væri að villa um fyrir kjósendum og hafa óeðlileg áhrif á niður-stöður. Aðrir gáfu lítið fyrir slíka röksemdarfærslu og töldu hana „móðgun við kjósendur“ enda ætti stjórnarskráin ekki að vera svo flókin að almenningur gæti ekki skilið hana eða tekið afstöðu til breytinga á henni. Svipaðar áhyggjur af óæskilegum áhrifum og áróðri í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur komu einnig fram í umræðum um aðkomu al-mennings að ákvörðunum og löggjöf sem fjallað er um í næsta kafla.

Spurningar til pallborðs um stjórnarskrárbreytingar

Alls var 54 spurningum um breytingar á stjórnarskrá skilað til pallborðs sérfræðinga. Margar spurninganna sneru að þjóðaratkvæðagreiðslu vegna stjórnarskrárbreytinga (9 spurningar) og um það fyrirkomulag að stjórnarskrárbreytingar séu samþykktar í þjóðaratkvæða-greiðslu eftir að þing hefur samþykkt þær (7 spurningar). Dæmi um slíka spurningu er: „Er eitthvað sem mælir á móti því að skipta út samþykki seinna þings en hafa þess í stað bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu?“ Nokkur fjöldi spurninga fjallaði um það hvort einhver annar en Alþingi gæti lagt til stjórnarskrárbreytingar, til dæmis almenningur eða einhver aðili á borð við stjórnalagaráð (9 spurningar). Ein slík spurninga er: „Hvernig getur almenn-ingur komið á stjórnarskrárbreytingu ef ekki er vilji á Alþingi fyrir breytingu?“ Einnig snerust 3 spurninganna um það hvort þörf væri á stjórnarskrárbreytingum og 4 spurningar fjölluðu um hvort núverandi kerfi hamli stjórnarskrárbreytingum.

ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR OG ÞJÓÐARFRUMKVÆÐI


Hugmyndir til umræðu

- Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga alla jafna að vera bindandi fyrir yfirvöld.
- Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga aðeins að vera ráðgefandi.
- Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga aðeins að vera bindandi þegar meirihluti er 2/3 eða meira.
- Forseti á að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar.
- Minnihluti þingmanna t.d. 1/3 á að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar.
- Almennigur á að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja lagasetningu ef krafa um slíkt nýtur stuðnings tiltekins hluta kjósenda.
- Almennigur á að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn málefni, ekki aðeins nýja lagasetningu.
- Þjóðaratkvæðagreiðslu má halda um hvaðeina.
- Ákveðið hlutfall kjósenda á að geta lagt fram þingmál (þjóðarfrumkvæði).

Annað umræðuefni á fyrsta fundardegi var þjóðaratkvæðagreiðslur og möguleikar almennings á því að leggja fram þingmál. Í spurningakönnuninni sem lögð var fyrir fundargesti fyrir og eftir umræður sneru 12 spurningar að þessu málefni. Kaflinn skiptist í þrjá hluta þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum spurningakannananna og helstu þáttum umræðna fundargesta. Fyrsti hlutinn snýr að því hver eigi að geta vísað málum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Í öðrum hluta er fjallað um aðkomu almennings að ákvarðanatöku um þjóðaratkvæðagreiðslur, leiðir almennings til að knýja fram umfjöllun um málefni á þingi (þjóðarfrumkvæði) og að því hvaða málefni þjóðaratkvæðagreiðslur ættu að takmarkast við. Að lokum lýtur þriðji hluti að niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu og hvort hún eigi að vera bindandi eða ráðgefandi.

Vald til að vísa löggjöf til þjóðarinnar

Mynd 27 sýnir samanburð á svörum þátttakenda fyrir og eftir umræður um vald til að vísa löggjöf til þjóðarinnar. Fyrir umræður taldi mikill meirihluti fundargesta (85%) að forseti ætti að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar og enn fleiri voru á þessari skoðun eftir að umræðum lauk (90%). Einnig mátti sjá marktækan mun á afstöðu svarenda til þess hvort það væri ólýðræðislegt að minnihluti þingmanna gæti haft afgerandi áhrif með því að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu, fyrir fund voru 61% sammála en eftir fund voru 47% sammála.




Mynd 27. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Vald forseta til að vísa löggjöf til þjóðar

Tafla 30 sýnir nánar hve stórt hlutfall fundargesta var sammála eða ósammála fullyrðingunni að forseti ætti að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar. Í töflu 130 í viðauka er að finna nánari greiningu á svörum eftir bakgrunnspáttum. Þar sést meðal annars að eftir fund var munur á svörum þátttakenda eftir búsetu, 87% svarenda af höfuðborgarsvæðinu voru sammála þessu en 97% svarenda sem búsettir voru utan höfuðborgarsvæðisins (mynd 28).

Tafla 30. Forseti á að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	10	7	3%	2%	8	8	4%	2%
Mjög ósammála	6	11	5%	3%	4	3	1%	2%
Frekar ósammála	3	3	1%	1%	4	2	1%	1%
Hvorki sammála né ósammála	12	12	5%	3%	13	10	4%	3%
Frekar sammála	38	26	12%	4%	35	37	16%	5%
Mjög sammála	74	72	33%	6%	58	60	27%	6%
Fullkomlega sammála	79	88	40%	6%	108	107	47%	6%
Fjöldi svara	222	219	100%		230	227	100%	
Hef ekki skoðun	3	2			1	5		
Svarar ekki	8	11			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 28. Forseti á að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar - Hlutfall sammála greint eftir búsetu


Þegar fundargestir ræddu vald forseta til að vísa löggjöf til þjóðarinnar með því að neita að undirrita lög sem Alþingi hefði samþykkt var iðulega vísað til forseta sem „öryggisventils“ og sögðust sumir þátttakendur ekki sjá neina vankanta á því fyrirkomulagi. Þó var það einnig rætt að vald forseta til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu ylti á því hvert hlutverk hans ætti að vera í raun og veru og var í því samhengi vísað til fyrri umræðu um ósamræmi milli upplýsinga um embættið í stjórnarskrá annars vegar og svo hefða hins vegar. Enn fremur voru sumir á þeirri skoðun að „geðþótti forseta“ ætti ekki að ráða för og að forseti ætti aðeins að vísa löggjöf til þjóðarinnar ef hann fengi nægilegt magn undirskrifa um slíkt en ekki vegna þess að honum sjálfum hugnaðist ekki að skrifa undir. Flestir þátttakendur voru sammála um að forseti ætti að hafa málskotsrétt en oft var spurt hvort það væri nóg að forseti hefði slíkt vald eða hvort fleiri aðilar ættu einnig að hafa það.

Vald minnihluta þings til að vísa löggjöf til þjóðar

Eftir umræður var innan við en helmingur fundargesta (42%) sammála þeirri fullyrðingu að minnihluti þingmanna ætti að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar (sjá töflu 31). Tafla 131 í viðauka sýnir að í lok umræðufundar var munur á afstöðu til fullyrðingarinnar eftir kyni þar sem 39% karla voru sammála en 47% kvenna. Þá greindist einnig munur á svörum þátttakenda fyrir og eftir fund eftir stjórnámálaskoðun og fjárhagslegri afkomu. Eftir fund reyndust margir þeirra sem staðsettu stjórnámálaskoðanir sínar til vinstri hafa færst til fylgis við slíkt fyrirkomulag (28% vildu það fyrir fund en 50% eftir) og það sama gildir um þá sem staðsettu sig á miðju stjórnámálanna (31% voru fylgjandi hugmyndinni fyrir fund en 50% eftir). Lítil breyting varð hins vegar hjá þeim sem staðsettu sig til hægri (fór úr 25% sem voru því fylgjandi hugmyndinni fyrir fund í 27% eftir). Fyrir fund var lítil munur á afstöðu fólks til þess að minnihluti þingmanna ætti að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar eftir fjárhagsstöðu. Eftir fund jókst hins vegar fylgni við hugmyndina meðal þeirra sem gátu látið enda ná saman og þeirra sem reyndist frekar eða mjög erfitt að láta enda ná saman. Lítil breyting varð hins vegar á viðhorfum þeirra til hugmyndarinnar sem meðal þeirra sem komust vel af fjárhagslega (mynd 29).

Tafla 31. Minnihluti þingmanna t.d. 1/3 á að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	26	28	13%	4%	33	40	18%	5%
Mjög ósammála	27	31	14%	5%	31	30	13%	4%
Frekar ósammála	59	63	28%	6%	30	23	11%	4%
Hvorki sammála né ósammála	34	30	14%	5%	35	35	16%	5%
Frekar sammála	30	29	13%	4%	43	39	17%	5%
Mjög sammála	24	21	10%	4%	24	29	13%	4%
Fullkomlega sammála	20	19	9%	4%	30	27	12%	4%
Fjöldi svara	220	220	100%		226	223	100%	
Hef ekki skoðun	7	5			4	7		
Svarar ekki	6	8			3	3		
Alls	233	233			233	233		




Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 29. Minnihluti þingmanna t.d. 1/3 á að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar - Hlutfall sammála greint eftir fjárhagslegri afkomu

Tafla 32 sýnir afstöðu svarenda til fullyrðingarinnar: Meirihlutaræði er mikilvægur hluti þingræðis. Það getur því verið ólýðræðislegt ef minnihluti þingmanna getur haft afgerandi áhrif með því að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Hlutfall þeirra sem voru sammála fullyrðingunni lækkaði úr 61% fyrir fund í 47% eftir fund. Munur var á svörum þátttakenda fyrir og eftir umræður eftir menntun, fjárhagslegri afkomu og stjórnámálaskoðun (sjá töflu 132 í viðauka). Mynd 30 sýnir að fyrir umræður var ekki munur á svörum eftir stjórnámálaskoðun en töluverður munur reyndist eftir umræður. Hlutfall þeirra sem voru sammála eftir fund minnkaði um rúmlega helming hjá þeim sem staðsettu sig til vinstri í stjórnámálum (60% fyrir fund en 27% eftir fund) og einnig dró úr stuðningi hjá svarendum sem staðsettu sig fyrir miðju (60% fyrir fund en 42% eftir). Aftur á móti jókst stuðningur lítilllega hjá þátttakendum sem staðsettu sig til hægri (59% fyrir fund en 62% eftir).

Tafla 32. Meirihlutaræði er mikilvægur hluti þingræðis. Það getur því verið ólýðræðislegt ef minnihluti þingmanna getur haft afgerandi áhrif með því að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	10	7	3%	2%	17	17	8%	4%
Mjög ósammála	18	18	8%	4%	26	18	8%	4%
Frekar ósammála	37	32	15%	5%	46	48	22%	5%
Hvorki sammála né ósammála	35	30	13%	4%	33	34	15%	5%
Frekar sammála	62	66	30%	6%	45	34	15%	5%
Mjög sammála	34	37	17%	5%	37	39	18%	5%
Fullkomlega sammála	27	30	14%	5%	21	30	14%	5%
Fjöldi svara	223	220	100%		225	221	100%	
Hef ekki skoðun	6	10			5	9		
Svarar ekki	4	3			3	4		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 30. Meirihlutaræði er mikilvægur hluti þingræðis. Það getur því verið ólýðræðislegt ef minnihluti þingmanna getur haft afgerandi áhrif með því að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu - Hlutfall sammála greint eftir stjórnálaskoðun

Í umræðum voru skiptar skoðanir á því hvort minnihluti þings ætti að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar. Margir höfðu efasemdir um slíkt fyrirkomulag og töldu það geta leitt til tafa á þingstörfum og að minnihlutinn gæti „haldið meirihluta í gíslingu“. Bent var á að slíkt fyrirkomulag væri að finna í Danmörku, en að það myndi líklega ekki henta héraendis þar sem mikil hefð væri fyrir sterkum stjórnnum en ekki minnihlutastjórnnum. Sumir óttuðust að með slíku fyrirkomulagi yrðu þjóðaratkvæðagreiðslur of tíðar þar sem að „minnihlutinn gæti sett allskonar smámál í atkvæðagreiðslu“. Aðrir töldu það góða hugmynd að minnihluti þingmanna hefði þetta vald og að mikilvægt væri fyrir minnihlutann að hafa aðrar leiðir en málþóf til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Að mati sumra fundargesta gæti málskotsréttur minnihluta þingmanna „skapað ró á þinginu“; hann væri leið til betra samtals og aukinna sáttu milli minni- og meirihluta og myndi auk þess virka sem „dempari á meirihlutann“ sem gæti ekki gert hvað sem honum þóknaðist.


Sumir töldu að ef vald forseta og málskotsréttur væri betur skilgreint væri óþarfi að minnihluti Alþingis hefði einnig slíkt vald. Einnig kom það sjónarmið fram að gæti þjóðin sjálf kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu væri óþarfi að minnihluti þings hefði slíkan málskotsrétt.

Ef þjóðin fær að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu sjálf, með einhverjum lágmarksundirskriftum, þá er hitt [að minnihluti þingmanna kalli eftir þjóðaratkvæðagreiðslu] óþarfi.

Aðkoma almennings og viðfangsefni þjóðaratkvæðagreiðslu

Mynd 31 sýnir spurningar sem lagðar voru fyrir þátttakendum um aðkomu almennings að ákvörðunum og hvaða málefni eiga heima í þjóðaratkvæðagreiðslu. Tölfræðilega marktækur munur reyndist á svörum við þremur spurningum fyrir og eftir rökræðufund. Fyrir

umræður var lítill hluti svarenda (14%) sammála því að undirskriftalistar almennings raski störfum þings og dragi úr skilvirkni og lækkaði hlutfallið niður í 11% eftir umræður. Meira en helmingur svarenda (57%) var fyrir fund sammála því að almenningur ætti að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn málefni en eftir fund voru 44% sammála. Að sama skapi minnkaði stuðningur þátttakenda við fullyrðinguna: þjóðaratkvæðagreiðslu má halda um hvaðeina; fyrir fund var 31% á þeirri skoðun en 22% eftir fund.



Mynd 31. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund


Ákall almennings um þjóðaratkvæðagreiðslu

Tafla 33 sýnir að flestir þátttakendur voru ósammála fullyrðingunni að undirskriftalistar almennings raski störfum þingsins og dragi úr skilvirkni. Helsti munur milli fyrirlagna var að eftir fund fækkaði bæði þeim sem voru sammála (úr 14% í 11%) og ósammála (úr 75% í 72%) en hins vegar fjölgaði þeim sem sögðust hvorki sammála né ósammála (úr 11% í 17%). Tafla 133 í viðauka sýnir nánari greiningu á svörum eftir bakgrunni svarenda. Þar sést að munur var á svörum karla og kvenna fyrir og eftir fund þar sem hlutfall karla sem var ósammála minnkaði (úr 72% í 66%) en hlutfall kvenna sem var ósammála hækkaði lítillega (úr 78% í 80%). Mynd 32 sýnir mun á svörum eftir aldri, þar sést að fyrir umræður voru svarendur í yngsta aldurshópnum líklegastir til að vera ósammála fullyrðingunni (89%) samanborið við 63 - 68% þeirra sem voru eldri en 40 ára. Eftir fund hafði hins vegar mjög

dregið saman með aldurshópunum og voru 72 - 73% svarenda í öllum aldurshópum ósammála fullyrðingunni. Einnig voru svör þátttakenda fyrir og eftir fund ólík með tilliti til vinnu- markaðsstöðu en hlutfall þeirra sem voru ósammála fullyrðingunni minnkaði á meðal þeirra sem voru í launuðu starfi (úr 75% fyrir fund í 66% eftir fund) og sjálfstætt starfandi (85% fyrir fund en 83% eftir). Aftur á móti jókst hlutfall þeirra sem voru ósammála á meðal eftirlaunapega (úr 48% fyrir fund í 63% eftir) og þeirra sem höfðu aðra stöðu á vinnumarkaði (90% fyrir fund en 97% eftir fund) (sjá mynd 33).


Tafla 33. Undirskriftalistar almennings raska störfum þingsins og draga úr skilvirkni

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	42	30	14%	5%	64	61	27%	6%
Mjög ósammála	60	71	33%	6%	46	45	19%	5%
Frekar ósammála	59	60	28%	6%	68	60	26%	6%
Hvorki sammála né ósammála	28	24	11%	4%	34	39	17%	5%
Frekar sammála	19	18	8%	4%	10	17	8%	3%
Mjög sammála	9	8	3%	2%	6	8	3%	2%
Fullkomlega sammála	3	6	3%	2%	0	0	0%	0%
Fjöldi svara	220	217	100%		228	229	100%	
Hef ekki skoðun	5	10			3	2		
Svarar ekki	8	6			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 32. Undirskriftalistar almennings raska störfum þingsins og draga úr skilvirkni - Hlutfall ósammála greint eftir aldri




Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 33. Undirskriftalistar almennings raska störfum þingsins og draga úr skilvirkni - Hlutfall ósammála greint eftir vinnumarkaðsstöðu

Mikill meirihluti þátttakenda (80%) var í lok umræðufundar sammála þeirri fullyrðingu að almenningur ætti að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja lagasetningu ef krafa um slíkt nyti stuðnings tiltekins hluta kjósenda (tafla 34). Tafla 134 í viðauka sýnir að fyrir umræður voru 62% þátttakenda sem búsettir voru utan höfuðborgarsvæðisins sammála fullyrðingunni en 80% svarenda af höfuðborgarsvæðinu. Eftir fund hafði hins vegar munur á hópnum minnkað og hærra hlutfall svarenda utan höfuðborgarsvæðisins var þá sammála (83%) en af höfuðborgarsvæðinu (78%). Mynd 34 sýnir mun á svörum þátttakenda eftir aldri. Þar sést að hlutfall þeirra sem voru sammála fullyrðingunni jókst á milli fyrirhlagna meðal svarenda 60 ára og yngri (72% sammála fyrir fund en 80 - 84% sammála eftir fund) en stuðningur minnkaði hins vegar hjá svarendum 61 árs og eldri (81% sammála fyrir fund en 73% eftir fund). Nánari innsýn í svör þátttakenda eftir bakgrunnspáttum má sjá í töflu 134 í viðauka.

Tafla 34. Almennigur á að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja lagasetningu ef krafa um slíkt nýtur stuðnings tiltekins hluta kjósenda

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	7	7	3%	2%	6	5	2%	2%
Mjög ósammála	6	9	4%	3%	5	4	2%	2%
Frekar ósammála	17	24	11%	4%	12	12	5%	3%
Hvorki sammála né ósammála	20	17	8%	4%	24	25	11%	4%
Frekar sammála	50	52	23%	6%	45	38	16%	5%
Mjög sammála	59	62	28%	6%	62	62	27%	6%
Fullkomlega sammála	65	50	23%	6%	75	85	37%	6%
Fjöldi svara	224	221	100%		229	231	100%	
Hef ekki skoðun	3	4			1	0		
Svarar ekki	6	8			3	2		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 34. Almennigur á að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja lagasetningu ef krafa um slíkt nýtur stuðnings tiltekins hluta kjósenda - Hlutfall sammála greint eftir aldri

Stór hluti þeirra fundargesta sem tóku til máls töldu að þjóðin ætti að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu og sögðu sumir það hreinlega nauðsynlegt. Mikilvægt væri að forsetinn væri ekki eini „ventillinn“ í ljósi þess að hann gæti gengið á snið við mikinn þrýsting kjósenda og ákveðið að vísa málum ekki áfram til þjóðar. Sumir þátttakendur höfðu hins vegar áhyggjur af því að, ef almenningur gæti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslur yrðu þær of fyrirferðarmiklar. Þeir bentu á að á Íslandi væri eftir sem áður fulltrúalýðræði og að með því móti myndi valdið færast um of frá kjörnum fulltrúum sem væru á launum við að kafa ofan í mál og setja um þau lög.

Þátttakandi 1: Ég hefði svona þínu áhyggjur af að við værum að flækja alla stjórnsýslu og ákvarðanatöku hjá okkur.

Þátttakandi 2: Hún myndi væntanlega þróast í samræmi við nýja valmöguleika, þá myndi kannski fólk fara aðeins varlegar í að setja gerræðislega lög eða reglugerðir. [...] Ef Alþingismenn sjá fyrir sér að þeir séu að setja lög um mjög umdeilt málefni og sjá fyrir sér að þeir muni tapa því í þjóðaratkvæðagreiðslu að þá kannski eyða þeir tíma sínum frekar í eitthvað annað.

Þátttakendur höfðu áhyggjur af því að almenningur hefði ekki nægilega getu eða vilja til að kynna sér til hlítar það sem ætti að kjósa um. Lögð var áhersla á að upplýsingagjöf og fræðsla til kjósenda vegna þjóðaratkvæðagreiðslu þyrfti að vera vönduð og rætt um hættuna á áróðri, falsfréttum og að umræðan væri afvegaleidd. Í því samhengi vísuðu margir til Brexit og að þar hafi verið villt um fyrir kjósendum.

Brexit er einmitt dæmi um hvað getur verið hættulegt að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu [...] það er búið að sýna fram á hvernig var hægt að vinna á bak við tjöldin með falsfréttum, grípa þá sem aldrei höfðu kosið, þeir voru dregnir inn í málin með alls konar upplýsingum sem ekki voru að standast.


Á mörgum borðum kom til tals hve hátt hlutfall kjósenda ætti að geta kallað eftir þjóðaratkvæðagreiðslu og voru á því skiptar skoðanir. Margir töldu að lágmarkið ætti að miðast við 10% - 25% kjósenda en sumir vildu sjá enn hærra hlutfall.

Þjóðarfrumkvæði

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til þess hvort ákveðið hlutfall kjósenda ætti að geta lagt fram þingmál og var meirihluti svarenda sammála þeirri fullyrðingu eftir umræðufund (sjá töflu 35). Greina mátti mun á svörum þátttakenda fyrir og eftir fund eftir bakgrunnsþáttum (sjá töflu 135 í viðauka). Þannig varð lítil breyting á hlutfalli svarenda á höfuðborgarsvæðinu sem var sammála fullyrðingunni (54% fyrir fund og 53% eftir fund) en á meðal þátttakenda sem búsettir voru utan höfuðborgarsvæðisins jókst mjög hlutfall þeirra sem sögðust sammála (39% fyrir fund en 72% eftir fund). Einnig breyttist viðhorf fólks mismikið eftir menntun. Mynd 35 sýnir að þátttakendur með háskólamenntun svöruðu spurningunni á svipaðan hátt fyrir og eftir umræðufund (61% sammála fyrir fund en 59% eftir fund) en þeim fjölgaði sem voru sammála í hópi fólks með grunnskólamenntun (40% fyrir fund en 62% eftir) og framhaldsskólamenntun (44% fyrir fund en 59% eftir).

Tafla 35. Ákveðið hlutfall kjósenda á að geta lagt fram þingmál (þjóðarfrumkvæði)

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	14	19	9%	4%	16	17	8%	3%
Mjög ósammála	14	15	7%	4%	21	18	8%	4%
Frekar ósammála	30	32	16%	5%	19	16	7%	3%
Hvorki sammála né ósammála	32	38	18%	5%	37	42	18%	5%
Frekar sammála	51	46	22%	6%	53	45	20%	5%
Mjög sammála	38	26	12%	4%	33	41	18%	5%
Fullkomlega sammála	34	30	15%	5%	48	49	22%	5%
Fjöldi svara	213	207	100%		227	229	100%	
Hef ekki skoðun	13	14			4	3		
Svarar ekki	7	12			2	1		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 35. Ákveðið hlutfall kjósenda á að geta lagt fram þingmál (þjóðarfrumkvæði) - Hlutfall sammála greint eftir menntun

Í lok rökræðufundar var meirihluti þátttakenda (67%) sammála því að fyrirkomulag sem auðveldar almenningi að koma með tillögur að frumvörpum auki þar með áhrif almennings og styrki lýðræðið (tafla 36). Sama hlutfall karla og kvenna var sammála fullyrðingunni fyrir fund (76%) en nokkur breyting varð á viðhorfi karla eftir fund (58%) samanborið við viðhorf kvenna sem breyttist minna (79% eftir fund) (sjá nánari bakgrunnsgreiningu í töflu 136 í viðauka). Á mynd 36 má sjá að afstaða þátttakenda fyrir og eftir umræðufund breyttist á ólíkan hátt eftir fjárhagsstöðu. Hlutfall þátttakenda sem var sammála fullyrðingunni lækkaði í hópi þeirra sem sögðust komast vel af (úr 65% fyrir fund í 53% eftir fund) og hjá þeim sem sögðust takast að ná endum saman (81% fyrir fund en 70% eftir fund). Meðal þeirra sem sögðu mjög eða frekar erfitt að láta enda ná saman fjölgaði hins vegar þeim sem voru sammála (89% fyrir fund en 98% eftir fund).

Tafla 36. Fyrirkomulag sem auðveldar almenningi að koma með tillögur að frumvörpum eykur áhrif almennings og styrkir lýðræðið

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	3	2	1%	1%	3	3	1%	1%
Mjög ósammála	4	4	2%	2%	11	12	5%	3%
Frekar ósammála	20	18	8%	4%	20	24	11%	4%
Hvorki sammála né ósammála	33	31	14%	5%	38	35	16%	5%
Frekar sammála	66	71	32%	6%	58	52	23%	5%
Mjög sammála	55	58	26%	6%	55	59	26%	6%
Fullkomlega sammála	41	41	18%	5%	44	41	18%	5%
Fjöldi svara	222	225	100%		229	226	100%	
Hef ekki skoðun	5	4			2	5		
Svarar ekki	6	5			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 36. Fyrirkomulag sem auðveldar almenningi að koma með tillögur að frumvörpum eykur áhrif almennings og styrkir lýðræðið - Hlutfall sammála greint eftir fjárhagslegri afkomu

Þegar þátttakendur ræddu hvort almenningur ætti að hafa leiðir til að leggja fram þingmál töldu sumir það hafa lítinn tilgang. Margir bentu á að almenningur gæti haft samband við þingmenn og fengið þá til að koma málum á dagskrá og því væri ákvæði um þjóðarfrumkvæði óþarfi.

En er ekki alveg sá möguleiki að ef stór hluti þjóðarinnar hefur áhuga á að leggja fyrir þingmál hefur hann þá ekki bara samband við einhvern þingmann um að leggja það fram? Þarf þetta [þjóðarfrumkvæði]? [...] Ég er viss um að það myndu flestir þingmenn, ef þeir vissu af einhverjum stórum hluta þjóðarinnar sem vildi að eitthvað væri lagt fram að þeir væru til í að leggja það fram á þingi.

Aðrir álitu þjóðarfrumkvæði góðan kost, gagnlegt væri að hafa þennan möguleika sem gæti skapað pólitískan þrýsting á stjórnvöld og þingheim. Margir áttu hins vegar erfitt með að sjá fyrir sér útfærslu og framkvæmd þjóðarfrumkvæðis og óskuðu eftir nánari upplýsingum um efnið. Þá voru þónokkrir sem sögðust þekkja minna til þessa málefni en annarra sem væru til umræða á fundinum og fannst því erfitt að tjá sig um málið.


Málefni í þjóðaratkvæði

Stuðningur við fullyrðingu um að almenningur ætti að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn málefni, var minni eftir að umræðufundi lauk. Fyrir fund voru 57% sammála en 44% voru sammála eftir fund. Einnig jókst hlutfall þeirra sem sagðist hvorki sammála né ósammála úr 16% í 24% (sjá töflu 37). Í töflu 137 í viðauka má sjá að munur var á svörum fundargesta fyrir og eftir fund eftir kyni, aldri, vinnumarkaðsstöðu, fjárhagslegri afkomu og stjórnmálaskoðun. Munur greindist á svörum þátttakenda eftir því hvar þeir

staðsettu stjórnámálaskoðanir sínar. Stuðningur við fullyrðinguna meðal þeirra sem staðsettu sig til vinstri í stjórnámálum jókst eftir umræðufund (56% sammála fyrir fund en 62% eftir fund) en hins vegar dró úr stuðningi hjá þeim sem staðsettu sig fyrir miðju (60% sammála fyrir fund en 42% eftir fund) og til hægri (44% fyrir fund en 34% eftir fund) (sjá mynd 37).

Tafla 37. Almenningur á að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn málefni, ekki aðeins nýja lagasetningu

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	13	12	6%	3%	18	16	7%	3%
Mjög ósammála	20	20	9%	4%	26	28	12%	4%
Frekar ósammála	23	26	12%	4%	29	30	13%	4%
Hvorki sammála né ósammála	39	35	16%	5%	51	54	24%	6%
Frekar sammála	51	56	26%	6%	47	39	17%	5%
Mjög sammála	34	30	14%	5%	20	26	12%	4%
Fullkomlega sammála	36	35	16%	5%	36	35	15%	5%
Fjöldi svara	216	213	100%		227	228	100%	
Hef ekki skoðun	10	11			4	4		
Svarar ekki	7	9			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 37. Almenningur á að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn málefni, ekki aðeins nýja lagasetningu - Hlutfall sammála greint eftir stjórnámálaskoðun

Tafla 38 sýnir afstöðu þátttakenda til fullyrðingar um að þjóðaratkvæðagreiðslu megi halda um hvaðeina. Fyrir fund voru 54% svarenda ósammála fullyrðingunni en eftir fund voru 66% ósammála. Í töflu 138 í viðauka sést að fyrir rökræðufund var svipað hlutfall svarenda af höfuðborgarsvæðinu (54%) og utan þess (53%) ósammála fullyrðingunni en eftir fundinn jókst hlutfall þeirra sem var ósammála mun meira á meðal þátttakenda af höfuðborgarsvæðinu (70% ósammála) borið saman við þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins

(56%). Þá var einnig munur á skoðunum þátttakenda eftir stjórn málaafstöðu eftir fund, þannig voru 42% þátttakenda sem staðsettu sig til vinstri ósammála fullyrðingunni en 71 - 72% þeirra sem staðsettu sig fyrir miðju eða til hægri.

Tafla 38. Þjóðaratkvæðagreiðslu má halda um hvaðeina

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	36	34	16%	5%	59	64	28%	6%
Mjög ósammála	36	32	15%	5%	52	52	22%	5%
Frekar ósammála	43	49	23%	6%	38	36	16%	5%
Hvorki sammála né ósammála	33	34	16%	5%	29	30	13%	4%
Frekar sammála	30	31	14%	5%	16	14	6%	3%
Mjög sammála	21	16	8%	4%	14	18	8%	3%
Fullkomlega sammála	22	20	9%	4%	21	18	8%	3%
Fjöldi svara	221	217	100%		229	231	100%	
Hef ekki skoðun	7	8			2	1		
Svarar ekki	5	8			2	1		
Alls	233	233			233	233		

Á borðunum ræddu fundargestir um það hvers konar mál ættu heima í þjóðaratkvæðagreiðslu og voru ekki allir á einu máli um það. Mörgum fannst orðalag í tillögum fundarins óskýrt, að óljóst væri hvað væri átt við þegar vísað væri í „almenn málefni“ og að þjóðaratkvæðagreiðslu megi halda um „hvaðeina“. Sumum fannst það áhugaverður kostur að hægt væri að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um fleira en lagasetningar en aðrir voru því fullilega ósammála og töldu að einhverjar takmarkanir þyrftu að gilda um það hvaða mál gætu farið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá lögðu margir áherslu á að mál sem færu í þjóðaratkvæðagreiðslu ættu að „snerta okkur öll“, „varða alla þjóðina“ og „snúa að grunn-gildum“. Eingöngu ætti að leggja í slíka atkvæðagreiðslu „stóru málin“, „mjög mikilvæg mál“ eða „alvarleg mál“. Að mati fundargesta þyrfti að varast að hleypha of mörgum málum í þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem það myndi draga úr kjörsókn. Þátttakendur veltu því fyrir sér hvaða málefni það væru sem hentuðu illa í þjóðaratkvæðagreiðslu og nefndu margir í því samhengi mál sem snúa að sköttum eða fjárlögum. Einnig kom fram að málefni minnihlutahópa og þættir sem snúa að mannréttindum ættu ekki erindi í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Bindandi eða ráðgefandi niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu

Mynd 38 sýnir þrjár spurningar sem meta afstöðu þátttakenda til þess hvort niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu að vera bindandi eða ráðgefandi. Þegar svör fyrir og eftir fund eru borin saman kemur í ljós að marktækur munur á svörum við tveimur spurninganna. Fyrir umræðufund töldu 62% svarenda að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu aðeins að vera bindandi þegar meirihluti er 2/3 eða meira en eftir fund voru 54% á þeirri skoðun. Lítil hluti svarenda (15%) var fyrir fundinn sammála því að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu aðeins að vera ráðgefandi og minnkaði hlutfallið um nær helming eftir fund (8%).




Mynd 38. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Tafla 39 sýnir að eftir umræðufund var mikill meirihluti þátttakenda (82%) á þeirri skoðun að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu alla jafna að vera bindandi fyrir yfirvöld. Lítil munur var á svörum kynja fyrir fund en eftir fund hækkaði hlutfall karla sem var sammála (úr 83% í 88%) en hlutfall kvenna sem var sammála lækkaði (úr 81% í 76%) (mynd 39). Í töflu 139 í viðauka má sjá ítarlegri úrvinnslu út frá bakgrunnsbreytum.

Tafla 39. Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga alla jafna að vera bindandi fyrir yfirvöld

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	5	5	2%	2%	4	4	2%	2%
Mjög ósammála	2	3	1%	1%	7	7	3%	2%
Frekar ósammála	22	13	6%	3%	18	14	6%	3%
Hvorki sammála né ósammála	18	18	8%	4%	13	14	6%	3%
Frekar sammála	32	35	16%	5%	43	35	15%	5%
Mjög sammála	77	74	34%	6%	59	52	23%	5%
Fullkomlega sammála	70	70	32%	6%	84	100	44%	6%
Fjöldi svara	226	219	100%		228	226	100%	
Hef ekki skoðun	1	5			1	5		
Svarar ekki	6	9			4	2		
Alls	233	233			233	233		




Marktæk samvirgni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 39. Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga alla jafna að vera bindandi fyrir yfirvöld - Hlutfall sammála greint eftir kyni

Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til staðhæfingar um að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu aðeins að vera bindandi þegar meirihluti er 2/3 eða meira. Stuðningur við fullyrðinguna minnkaði úr 62% fyrir fund í 54% eftir fund (tafla 40). Tafla 140 í viðauka sýnir að konur voru mun líklegri til að vera sammála fullyrðingunni eftir rökræðufundinn (68%) en karlar (43%). Þegar fjárhagsleg afkoma svarenda er skoðuð kemur í ljós að tiltölulega lítill munur var á viðhorfum þátttakenda fyrir fundinn. Eftir fund minnkaði hins vegar stuðningurinn við hugmyndina meðal þeirra komast vel af fjárhagslega (65% voru sammála hugmyndinni fyrir fund en 46% eftir fund) en viðhorfið breyttist lítið meðal þeirra sem tekst að láta enda ná saman (60% fyrir fund en 58% eftir) og þeirra sem eiga mjög eða frekar erfitt að láta enda ná saman (60% fyrir fund en 61% eftir fund) (sjá mynd 40).

Tafla 40. Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga aðeins að vera bindandi þegar meirihluti er 2/3 eða meira

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	18	11	5%	3%	21	16	7%	3%
Mjög ósammála	14	11	5%	3%	22	16	7%	3%
Frekar ósammála	21	18	9%	4%	47	44	20%	5%
Hvorki sammála né ósammála	39	39	19%	5%	32	27	12%	4%
Frekar sammála	48	60	28%	6%	40	46	21%	5%
Mjög sammála	52	49	23%	6%	36	46	20%	5%
Fullkomlega sammála	22	23	11%	4%	24	28	13%	4%
Fjöldi svara	214	211	100%		222	223	100%	
Hef ekki skoðun	6	6			5	4		
Svarar ekki	13	16			6	6		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 40. Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga aðeins að vera bindandi þegar meirihluti er 2/3 eða meira - Hlutfall sammála greint eftir fjárhagslegri afkomu

Afgerandi hluti fundargesta var ósammála þeirri fullyrðingu að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu aðeins að vera ráðgefandi og óx andstaða við fullyrðinguna úr 73% fyrir umræður í 81% eftir umræður (tafla 41). Í töflu 141 í viðauka má skoða nánar mun á afstöðu þátttakenda eftir bakgrunni þeirra.

Tafla 41. Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga aðeins að vera ráðgefandi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	47	43	19%	5%	58	67	29%	6%
Mjög ósammála	52	53	24%	6%	58	59	26%	6%
Frekar ósammála	61	65	30%	6%	68	60	26%	6%
Hvorki sammála né ósammála	28	28	13%	4%	24	26	11%	4%
Frekar sammála	19	15	7%	3%	10	12	5%	3%
Mjög sammála	9	7	3%	2%	7	4	2%	2%
Fullkomlega sammála	6	10	5%	3%	3	2	1%	1%
Fjöldi svara	222	222	100%		228	230	100%	
Hef ekki skoðun	3	2			0	0		
Svarar ekki	8	9			5	3		
Alls	233	233			233	233		

Í umræðum fundargesta kom skýrt fram að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu að vera bindandi. Slíkt yrði að vera svo „tekið sé mark á henni“ að öðrum kosti gætu „stjórn-
málamenn gert það sem þeim sýnist við niðurstöðurnar“. Þátttakendur sáu margir hverjir ekki tilgang með ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu og töldu að hún hefði þá ekki meira vægi en skoðanakönnun.

Þátttakandi 1: Þjóðaratkvæðagreiðsla sem er ráðgefandi er bara skoðanakönnun, ekkert mikið meira.

Þátttakandi 2: Já, mjög dýr skoðanakönnun.

Fundargestir töldu að kjósendur tækju bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu af meiri alvöru og væru því líklegri til að mæta á kjörstað.

Þó það væri álit flestra að kosningar ættu alla jafna að vera bindandi var jafnframt bent á að sum mál séu flókin og þung í vöfum. Erfitt gæti verið fyrir kjósendur að kynna sér til hlítar vandasöm mál og þess vegna gæti verið varasamt að hafa atkvæðagreiðslu af þessu tagi bindandi. Einhverjir töldu rétt að gert væri ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika, þannig að ef að forsendur breyttust væru niðurstöður ekki bindandi. Einnig voru margir þeirrar skoðunar að skilgreina þyrfti ákveðin viðmið eða skilyrði sem þjóðaratkvæðagreiðsla þyrfti að uppfylla í því skyni að teljast bindandi, sem dæmi má nefna að útkoma kosninganna væri afgerandi eða að kjörsókn næði ákveðnu lágmarki. Hins vegar mátti líka heyra það sjónarmið að ekki ætti að gera kröfu um kosningaþátttöku því þeir sem sitja heima og nýta ekki kosningarétt sinn ættu ekki að ráða niðurstöðum kosninga.

Þátttakandi 1: Þurfum við ekki að hafa eitthvað lágmark, eitthvað hlutfall [kjósenda sem mætir á kjörstað]?

Þátttakandi 2: En af hverju? Af hverju er verið að gefa þeim vægi sem ekki vilja kjósa? Þá eru þeir sjálfkrafa komnir með nei sem ekki mæta á kjörstað, af hverju er verið að gefa þeim vægi?

Skiptar skoðanir voru um tillögu fundar um að aukinn meirihluta þurfi til að þjóðaratkvæðagreiðsla verði bindandi. Sumum fannst 2/3 meirihluti vera eðlilegt hlutfall en öðrum fannst það vera „allt of hár þröskuldur“. Með því að krefjast 2/3 hluta samþykkis væri að mati sumra dregið úr hlutverki þjóðaratkvæðagreiðslna því erfitt væri að ná svo afgerandi meirihluta. Nokkrir lögðu til að kjörsókn ætti að ráða því hvort aukinn meirihluta þyrfti til að samþykkja eða ekki. Ef kjörsókn væri nægilega góð þá nægði einfaldur meirihluti en ef kjörsókn væri lítil þá þyrfti aukinn meirihluta.

Spurningar til pallborðs um þjóðaratkvæðagreiðslur og aðkomu þjóðar að ákvarðanatöku

Í lok umræðna sendu fundargestir 54 spurningar til pallborðs sérfræðinga. Langstærstur hluti spurninga sneri að þjóðaratkvæðagreiðslum (41 spurning) en færri að þjóðarfrumkvæði (12 spurningar). Af þeim spurningum sem fjölluðu um þjóðaratkvæðagreiðslur sneru 11 spurningar á einn eða annan hátt að því hvernig almenningur knýr fram þjóðaratkvæðagreiðslu og um kjörsókn. Dæmi um slíka spurningu er: „Hvað þurfa margir kosningabærir menn að vera á bak við kröfu um þjóðaratkvæðagreiðslu og hversu mikil þarf kjörsókn að vera svo þjóðaratkvæðagreiðsla sé marktæk?“ Alls fjölluðu 7 spurningar um bindandi og ráðgefandi niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu, til dæmis: „Hvað þarf að ykkar mati að vera til staðar svo þjóðaratkvæðagreiðsla sé bindandi?“ Upplýsingagjöf og áróður í tengslum við þjóðaratkvæðagreiðslur var viðfangsefni 6 spurninga, sem dæmi: „Hversu mikla hættu teljið þið á því að áróður í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum hafi afgerandi áhrif á niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrárbreytingar?“ Einnig var spurt um hvað átt væri við með „almenn málefni“ í fundargögnum (4 spurningar), niðurstöður kosninga og aukinn meirihluta (3 spurningar), málskotsrétt minnihluta þingmanna (3 spurningar) og hvaða málefni mætti senda í þjóðaratkvæðagreiðslu (3 spurningar).

KJÖRDÆMASKIPAN, ATKVÆÐAVÆGI OG PERSÓNUKJÖR

Hugmyndir til umræðu

- *Kjördæmaskipan á að vera eins og nú er.*
- *Kjördæmi eiga að vera fleiri en nú er.*
- *Landið á að vera eitt kjördæmi.*
- *Kosningar til þings og sveitarstjórna eiga áfram að miðast við flokkslista en þó leyfa persónukjör í auknum mæli.*
- *Kosningar til þings og sveitarstjórna eiga að byggja á persónukjöri.*

Fundargestir skiptust á skoðunum um fimm kosti varðandi kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör og svöruðu níu spurningum um málefnið í könnuninni. Umfjöllunin skiptist í tvo hluta, annars vegar atkvæðavægi og kjördæmaskipan og hins vegar persónukjör og fulltrúaval.

Atkvæðavægi og kjördæmaskipan

Á mynd 42 er að finna yfirlit yfir svör fundargesta við sex spurningum um kjördæmaskipan og atkvæðavægi fyrir og eftir fundinn. Í töflum 42 til 47 eru einnig ítarlegri tölur yfir hverja spurningu fyrir sig. Stuðningur fundargesta við fullyrðinguna að mikilvægt sé að kjördæmaskipting tryggi að allir landshlutar eigi fulltrúa á þingi jókst eftir umræðurnar, úr 66% sem voru sammála fullyrðingunni í 73%. Eftir fund voru 67% þátttakenda sammála því að væri landið eitt kjördæmi yrðu áhrif minni byggðarlaga hverfandi. Þá jókst einnig hlutfall þeirra sem var sammála því að jafnt vægi atkvæða væri mikilvægasta markmið breytinga sem gera má á kjördæmaskiptingu, úr 60% fyrir umræðurnar í 68% eftir þær. Tæpur helmingur þátttakenda var sammála því eftir umræður að landið ætti að vera eitt kjördæmi (45%) og um 36% töldu að kjördæmaskipan ætti að vera eins og nú er. Um fimmtungur þátttakenda taldi kjördæmin eiga að vera fleiri en nú er.




Mynd 41. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Meirihluti þátttakenda var sammála um mikilvægi skiptingar landsins í kjördæmi til að tryggja að allir landshlutar eigi fulltrúa á þingi, en eftir fundinn voru 73% þátttakenda frekar, mjög eða fullkomlega sammála hugmyndinni (sjá töflu 42). Þegar svör við spurningunni voru greind nánar reyndist munur á svörum þátttakenda þegar horft er til aldurs, búsetu og fyrri þátttöku í þjóðaratkvæðagreiðslu, eins og sjá má í töflu 142 í viðauka. Fundargestir sem búsettir voru utan höfuðborgarsvæðisins voru hlutfallslega fleiri sammála fullyrðingunni (88%) en þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu (66%) (sjá mynd 42).

Tafla 42. Mikilvægt er að skipting landsins í kjördæmi tryggji að allir landshlutar eigi fulltrúa á þingi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	17	16	7%	3%	13	8	4%	2%
Mjög ósammála	14	10	4%	3%	10	8	4%	2%
Frekar ósammála	29	22	10%	4%	20	16	7%	3%
Hvorki sammála né ósammála	25	29	13%	4%	38	29	13%	4%
Frekar sammála	44	48	21%	5%	38	36	16%	5%
Mjög sammála	45	52	23%	6%	47	54	24%	6%
Fullkomlega sammála	48	48	21%	5%	63	75	33%	6%
Fjöldi svara	222	225	100%		229	226	100%	
Hef ekki skoðun	5	4			2	6		
Svarar ekki	6	3			2	1		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 42. Mikilvægt er að skipting landsins í kjördæmi tryggi að allir landshlutar eigi fulltrúa á þingi - Hlutfall sammála greint eftir búsetu

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar að sé landið eitt kjördæmi verði áhrif minni byggðarlaga hverfandi. Viðhorf fundargesta breyttist lítið eftir umræðurnar en í lok fundar voru 67% þátttakenda sammála fullyrðingunni (sjá töflu 43). Munur reyndist á svörum þátttakenda eftir aldri, búsetu og menntun (sjá töflu 143 í viðauka) en yngstu þátttakendurnir (18 - 40 ára) voru líklegri til að vera sammála fullyrðingunni en eldri þátttakendur (86% á móti 54%) (sjá mynd 43).

Tafla 43. Sé landið eitt kjördæmi verða áhrif minni byggðarlaga hverfandi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	14	10	5%	3%	11	12	5%	3%
Mjög ósammála	20	20	9%	4%	18	10	4%	3%
Frekar ósammála	35	29	13%	4%	27	23	10%	4%
Hvorki sammála né ósammála	22	23	10%	4%	35	32	14%	4%
Frekar sammála	45	54	24%	6%	47	53	23%	5%
Mjög sammála	42	44	20%	5%	41	51	22%	5%
Fullkomlega sammála	48	48	21%	5%	50	49	22%	5%
Fjöldi svara	226	228	100%		229	229	100%	
Hef ekki skoðun	2	2			1	0		
Svarar ekki	5	3			3	4		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 43. Sé landið eitt kjördæmi verða áhrif minni byggðarlaga hverfandi - Hlutfall sammála greint eftir aldri

Eftir umræðurnar fjölgaði þeim hlutfallslega sem voru sammála því að jafnt vægi sé mikilvægasta markmið breytinga sem gera þurfi á kjördæmaskiptingu, þ.e. úr 61% í 67% (sjá töflu 44). Í töflu 144 í viðauka má m.a. sjá að þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins voru hlutfallslega fleiri ósammála fullyrðingunni (24%) en þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu (10%). Þá voru karlar líklegri en konur til að skipta um skoðun í kjölfar umræðnanna og fallast á fullyrðinguna. Fyrir umræður voru 59% karla sammála en eftir umræður var hlutfallið komið upp í 75%. Hlutfall kvenna sem var sammála fullyrðingunni lækkaði hins vegar lítillega eftir umræðurnar, úr 62% í 58% (sjá mynd 44).

Tafla 44. Jafnt vægi atkvæða er mikilvægasta markmið breytinga sem gera má á kjördæmaskiptingu

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	11	10	5%	3%	10	8	4%	2%
Mjög ósammála	10	9	4%	3%	9	6	3%	2%
Frekar ósammála	25	19	9%	4%	19	17	8%	4%
Hvorki sammála né ósammála	38	44	21%	6%	33	40	18%	5%
Frekar sammála	36	38	18%	5%	40	43	19%	5%
Mjög sammála	37	40	20%	5%	45	41	18%	5%
Fullkomlega sammála	56	47	23%	6%	71	67	30%	6%
Fjöldi svara	213	207	100%		227	222	100%	
Hef ekki skoðun	16	24			4	9		
Svarar ekki	4	3			2	1		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 44. Jafnt vægi atkvæða er mikilvægasta markmið breytinga sem gera má á kjördæmaskiptingu - Hlutfall sammála greint eftir kyni

Ekki reyndist marktækur munur á svörum þátttakenda fyrir og eftir umræður um það hvort landið ætti að vera eitt kjördæmi. Í lok fundar var svipað hlutfall þátttakenda sammála hugmyndinni (44%) og ósammála henni (45%) (sjá töflu 45). Munur reyndist á svörum þátttakenda eftir búsetu. Um helmingur þátttakenda af höfuðborgarsvæðinu var sammála fullyrðingunni (53% fyrir fund og 51% eftir fund) en töluvert lægra hlutfall þátttakenda utan höfuðborgarsvæðisins var sammála (12% fyrir fund og 31% eftir). Þá er athyglisvert að hlutfall þátttakenda utan höfuðborgarsvæðisins sem studdi þá hugmynd að landið ætti að vera eitt kjördæmi nærri þrefaldaðist eftir umræðufundinn (sjá mynd 45). Nánari greiningu á svörum má finna í töflu 145 í viðauka.

Tafla 45. Landið á að vera eitt kjördæmi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	32	30	14%	5%	42	44	20%	5%
Mjög ósammála	24	26	13%	5%	26	26	12%	4%
Frekar ósammála	32	36	17%	5%	31	29	13%	4%
Hvorki sammála né ósammála	28	32	15%	5%	19	25	11%	4%
Frekar sammála	20	21	10%	4%	25	32	14%	5%
Mjög sammála	21	16	8%	4%	38	37	16%	5%
Fullkomlega sammála	57	46	22%	6%	46	32	14%	5%
Fjöldi svara	214	206	100%		227	226	100%	
Hef ekki skoðun	9	15			2	3		
Svarar ekki	10	12			4	4		
Alls	233	233			233	233		




Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 45. Landið á að vera eitt kjördæmi - Hlutfall sammála greint eftir búsetu

Eftir umræðurnar fjölgaði þeim hlutfallslega sem voru sammála núverandi kjördæmaskipan (27% fyrir fund en 37% eftir fund) en fleiri voru þó ósammála fyrirkomulaginu eftir umræðurnar (43%) (sjá töflu 46). Þó nokkur hópur átti erfitt með að taka afgerandi afstöðu. Fyrir fundinn sögðust 27% þátttakenda hvorki sammála né ósammála hugmyndinni um óbreytta kjördæmaskipan og eftir þær var enn 21% fundargesta sem merkti við þann valkost. Þá völdu 16 ýmist að svara ekki spurningunni eða sögðust ekki hafa skoðun en eftir fundinn var fjöldinn sem svaraði á þá leið 7. Í töflu 146 í viðauka má sjá nánari greiningu á svörum við spurningunni. Meiri stuðningur við núverandi kjördæmaskipan reyndist vera meðal þátttakenda utan höfuðborgarsvæðisins, en 53% þeirra voru sammála því eftir fundinn að kjördæmaskipanin ætti að vera óbreytt á mótí 28% þátttakenda sem búsettir voru á höfuðborgarsvæðinu (sjá mynd 46).

Tafla 46. Kjördæmaskipan á að vera eins og nú er

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	46	32	15%	5%	37	35	15%	5%
Mjög ósammála	37	41	20%	5%	25	21	9%	4%
Frekar ósammála	30	25	12%	4%	40	41	18%	5%
Hvorki sammála né ósammála	46	57	27%	6%	32	48	21%	5%
Frekar sammála	30	31	15%	5%	36	33	15%	5%
Mjög sammála	16	14	7%	3%	30	24	11%	4%
Fullkomlega sammála	12	10	5%	3%	26	25	11%	4%
Fjöldi svara	217	210	100%		226	226	100%	
Hef ekki skoðun	5	12			3	5		
Svarar ekki	11	11			4	2		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 46. Kjördæmaskipan á að vera eins og nú er - Hlutfall sammála greint eftir búsetu

Einungis um fimmtungur þátttakenda var sammála því, í lok fundar, að kjördæmin ættu að vera fleiri en þau eru nú (sjá töflu 47). Fyrir fund voru þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins líklegri til að vera sammála fullyrðingunni (36%) en þeir sem búsettir voru á höfuðborgarsvæðinu (8%) en eftir fundinn var enginn munur á svörum hópanna (19% þátttakenda sem búsettir voru á höfuðborgarsvæðinu og utan þess voru sammála fullyrðingunni) (sjá töflu 147 í viðauka).

Tafla 47. Kjördæmi eiga að vera fleiri en nú eru

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Fullkomlega ósammála	50	41	20%	5%	64	64	28%	6%
Mjög ósammála	65	64	31%	6%	42	44	19%	5%
Frekar ósammála	30	28	13%	5%	47	45	20%	5%
Hvorki sammála né ósammála	38	38	18%	5%	27	31	14%	4%
Frekar sammála	20	29	14%	5%	27	23	10%	4%
Mjög sammála	6	3	1%	2%	10	7	3%	2%
Fullkomlega sammála	4	4	2%	2%	9	13	6%	3%
Fjöldi svara	213	207	100%		226	226	100%	
Hef ekki skoðun	9	15			4	5		
Svarar ekki	11	11			3	2		
Alls	233	233			233	233		

Umræður fundargesta um atkvæðavægi og kjördæmaskipan voru virkar og líflegar. Þrátt fyrir að fólk væri ekki um allt sammála komu ákveðin stef endurtekið upp, sem talin voru mikilvæg í tengslum við málefnið.

Umræður um kjördæmaskipan

Mörgum fundargestum fannst kjördæmafyriðkomulagið flókið og „gamaldags“. Í því samhengi ræddu þónokkrir úthlutun jöfnunarþingsæta, sem þeir töldu ósanngjarn og ógagnsætt ferli, sem fáir kjósendur skildu til hlítar. Einn fundargestur sagði í tengslum við þá umræðu: „þú veist eiginlega ekki hvar þitt atkvæði lendir“. Þrátt fyrir að ekki væru allir sáttir við tilhögunina eins og hún er í dag kom berlega í ljós í máli fundargesta að þeim hugnuðust ekki breytingar breytinganna vegna. Brýnt væri að innleiða breytingar sem hefðu það að markmiði að stuðla að „sanngjarnara kerfi“. Í umræðunum kom skýrt fram að fundargestir vildu sjá fyrirkomulag sem byggði á réttlæti, væri gagnsætt, kæmi í veg fyrir „kjördæmapot“ þingmanna og stuðlaði að minni flokkadráttum. Áberandi í umræðunum voru einnig hagsmunir landsbyggðarinnar sem nær allir voru sammála um að þyrfti að hafa í hávegum, þótt ekki væru allir á sama máli um hvernig það skyldi gert.

Fundargestir veltu fyrir sér með- og mótrökum fyrir bæði fjölgun og fækkun kjördæma og komu þá ýmis sjónarmið fram. Í takt við niðurstöður spurningakönnunarinnar voru ekki margir sem tóku til máls sammála því að fjölga ætti kjördæmum en þeir sem voru þó á þeirri skoðun töldu að með því móti væri unnt að stuðla að jafnara vægi atkvæða. Fleiri kjördæmi gætu jafnframt orðið til þess að þingmenn gæfu smærri byggðarlögum meiri gaum og kynntu sér betur hagsmunamál þeirra því „staðreyndin er sú að frambjóðendur bjóða sig fram með hagsmuni ákveðins fólks á ákveðnum stöðum í huga“. Ennfremur var bent á að sum kjördæmi séu mjög víðfeðm og að þarfir byggja innan sömu kjördæma séu oft og tíðum mjög ólíkar. Þá geti það reynst erfitt fyrir þingmenn að beita sér fyrir og vinna vel í þágu svo stórra landsvæða. Of stór kjördæmi skapi hættu á að tengsl milli þingmanna og borgara rofni en brýnt sé að þingmenn og frambjóðendur séu í návígi við kjósendur.

Allmargir fundargestir lögðust gegn fjölgun kjördæma og töldu slíkt vera óþarfi nú til dags. Nú þegar samgöngur séu sífellt greiðari með betri vegum og bílakostum, og samskipti auðveldari með tilkomu internets og fjarskipta, sé ekki jafn brýn þörf á fjölgun kjördæma eins og á árum áður. Önnur áberandi rök gegn fjölgun kjördæma voru að slíkt gæti stuðlað að auknu „kjördæmapoti“ þingmanna. Á mörgum borðum skapaðist umræða um kjördæmapot og merkja mátti mikla gremju fundargesta í garð þess sem einn kallaði „hvímleðan fylgifisk“ kjördæmafyriðkomulagsins. Margir rifjuðu upp dæmi um þingmenn sem flutt höfðu lögheimili sín út á land „korter í prófkjör“ í því skyni að ná kjöri.

Einhver sem hefur alla tíð búið í 101 en flytur svo lögheimili í einhvern skúr úti á landi og ætlar að vera fulltrúi þar.

Kjördæmapot var að mati fundargesta „misnotkun á kerfinu“ og sögðu margir þetta vera í raun „blekking og svik“ sem væri jafnframt stór liður í því að traust til Alþingis fari minnkandi. Leiðir til að koma í veg fyrir kjördæmapot voru, að mati fundargesta, mikilvægar og myndu auka traust almennings á Alþingi og þingstörfum.

Sumir þátttakendur voru hlynntir því að landið yrði eitt kjördæmi og algeng meðrök voru að slíkt gæti orðið til þess að þingmenn litu síður á sig sem málsvara afmarkaðs landsvæðis og beittu sér í auknum mæli í þágu hagsmuna alls landsins. Töldu sumir kjördæmaskiptinguna leiða til þess að fólk hugsi bara um „sitt horn“ og „eigin hagsmuni, einkahagsmuni“. Þeim sem voru þessarar skoðunar var hins vegar mörgum jafnframt tíðrætt um mikilvægi þess að, yrði landið eitt kjördæmi þyrfti að gæta sérstaklega að hagsmunum landsbyggðarinnar. Tryggja þyrfti að „raddir landsbyggðarinnar“ heyrðust. Einstaka þátttakandi velti því fyrir sér hvort að rými myndi skapast fyrir sérstaka „landsbyggðarflokka“ væri landið eitt kjördæmi. Aðrir töldu að eðlilegra að auka vægi sveitarstjórnarstigsins enda hefði slík þróun þegar átt sér stað þar sem töluvert af ákvörðunum sem áður voru á ábyrgð þingmanna hafi nú færst yfir á sveitarstjórnir.

Þeir fundargestir voru þó meira áberandi í umræðunni sem töldu það óæskilegt að landið væri gert að einu kjördæmi. Óttuðust margir að það gæti orðið til þess að mikill meirihluti þingmanna kæmi frá höfuðborgarsvæðinu og að heilu landsvæðin ættu engan þingmann. Auk þess að gæta að hagsmunum landsbyggðarinnar, sem oft væru ólíkir hagsmunum höfuðborgarsvæðisins, væri ennfremur mikilvægt að varðveita og hafa gætur á sérstöðu hvers landsvæðis. Því væri brýnt að hvert landsvæði hefði sína fulltrúa á þingi:

Við þurfum fólk sem skilur hvert og eitt landsvæði. Alþingismenn sem koma aldrei út á land hvernig eiga þeir að geta staðið með landinu – við þurfum að fá fólk alls staðar að.

Atkvæðavægi

Fundargestir skiptust á skoðunum um atkvæðavægi og bar umræðan það stundum með sér að fólk var óvísst í hverju „réttlátasta lausnin“ fælist. Sumir færðu rök fyrir því að núverandi kerfi, þar sem atkvæði sumra vega meira en annarra, mismuni kjósendum eftir

búsetu og sé því ósanngjarnt. Allmörgum hugnaðist illa kerfi sem fæli í sér innbyggða mismunun en töldu það vart raunhæfan kost að jafna atkvæðavægi þar sem mikil hætta væri á að sjónarmið smærri byggðarlaga lytu þá í lægra haldi. Algengt var að fundargestir lýstu því að jafnt vægi atkvæða væri „falleg hugsun“ og að mikilvægt væri að stefna að slíku, en að misvægi atkvæða væri nauðsynlegt í einhverjum mæli, til að dreifa valdi um landið og tryggja að allir staðir hafi sína talsmenn. Því til stuðnings vísuðu þó nokkrir til þess að valdið hverfist um höfuðborgarsvæðið; „stjórnsýslan er öll hér í Reykjavík og sogar til sín fólk og völd“. Sumir töldu þó að endurskoða mætti vægi atkvæða á ólíkum landsvæðum í því skyni að tryggja réttlátara fyrirkomulag:

Þátttakandi 1: Það er ekkert sem segir að þeir megi ekki minnka það [misvægi atkvæða]. Það er ekkert sem segir að hlutirnir þurfi að vera eins og í dag en mér finnst eðlilegt að það sé meira vægi á ákveðnum stöðum, það þarf ekki að vera alls staðar. Fyrir norðan og austan og á Vestfjörðum, þeir þurfa meira til að jafna stöðu sína.

Þátttakandi 2: Þó að það sé mikilvægt að það sé byggð út um allt land þá finnst mér þetta of róttæk aðferð að hafa misvægið svona mikið eins og það er núna.

Sem fyrr segir veltu fundargestir í sameiningu fyrir sér í hverju besta lausnin fælist og hverfðist jafnan umræðan um annars vegar jafnan atkvæðarétt og bann við mismunun og hins vegar mikilvægi þess að standa vörð um hagsmuni landsbyggðarinnar. Flestir viðurkenndu mikilvægi beggja þátta og sumir lýstu því að þeir ættu erfitt með að gera upp við sig hvað þeim fyndist að endingu:

Ég er bara beggja blands sko, það eru bæði rök með og á móti að breyta þessu, ég er í mjög miklum vafa. Maður vill náttúrulega að þetta komi sem réttlátast niður á alla.

Persónukjör og fulltrúaval

Fundargestir svöruðu þremur spurningum um persónukjör og fulltrúaval og má sjá hlutfall þeirra sem var sammála fullyrðingunum, fyrir og eftir fundinn, á mynd 47. Meirihluti þátttakenda (75%) taldi mikilvægt að kjósendur gætu haft meiri áhrif á fulltrúaval en núverandi reglur segja til um, til dæmis með því að hafa áhrif á röð frambjóðenda á lista eða með því að geta kosið þvert á flokka. Þeim fjölgaði talsvert eftir umræðurnar sem voru sammála því að kosningar til þings og sveitarstjórna eigi áfram að miðast við flokkslista en þó leyfa persónukjör í auknum mæli (úr 65% fyrir umræður í 80% eftir þær). Færri þátttakendur

studdu tillöguna að kosningar til þings og sveitarstjórna eigi að byggja á persónukjöri eftir umræðurnar en fyrir þær (55% fyrir umræður en 43% eftir þær).



Mynd 47. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund

Ekki var munur á svörum þátttakenda fyrir og eftir umræður, þegar spurt var um mikilvægi þess að kjósendur hefðu meiri áhrif á fulltrúaval en nú er, en meirihluti þátttakenda studdi humyndina (73 - 74%) (sjá töflu 48).

Tafla 48. Það er mikilvægt að kjósendur geti haft meira áhrif á fulltrúaval en núverandi reglur segja til um. Til dæmis með því að hafa áhrif á röð frambjóðenda á lista eða með því að geta kosið þvert á flokka.


	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	0	0	0%	0%	7	4	2%	2%
Mjög ósammála	10	13	6%	3%	7	5	2%	2%
Frekar ósammála	11	9	4%	3%	19	25	12%	4%
Hvorki sammála né ósammála	32	36	16%	5%	31	22	10%	4%
Frekar sammála	57	47	21%	5%	54	54	24%	6%
Mjög sammála	56	65	30%	6%	55	63	28%	6%
Fullkomlega sammála	52	47	22%	5%	52	48	22%	5%
Fjöldi svara	218	217	100%		225	220	100%	
Hef ekki skoðun	9	13			5	11		
Svarar ekki	6	4			3	2		
Alls	233	233			233	233		

Átta af hverjum tíu þátttakendum voru sammála því, í lok umræðna, að kosningar til þings og sveitarstjórna ættu áfram að miðast við flokkslista en þó leyfa persónukjör í auknum mæli. Er það töluvert hærra hlutfall en fyrir umræður þegar um 65% þátttakenda voru sammála fullyrðingunni (sjá töflu 49). Þegar rýnt er í svör eftir vinnumarkaðsstöðu þátttak-

enda má sjá að eftirlaunaþegar, sjálfstætt starfandi aðilar og atvinnurekendur voru hlutfallslega færri sammála fullyrðingunni eftir umræðurnar en þátttakendur í launuðu starfi eða annarri stöðu á vinnumarkaði urðu frekar sammála fullyrðingunni að umræðum loknum (sjá mynd 48). Nánari greiningu má finna í töflu 149 í viðauka.

Tafla 49. Kosningar til þings og sveitarstjórna eiga áfram að miðast við flokkslista en þó leyfa persónukjör í auknum mæli

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	12	12	6%	3%	6	10	4%	3%
Mjög ósammála	18	18	8%	4%	5	3	1%	1%
Frekar ósammála	18	17	8%	4%	10	12	5%	3%
Hvorki sammála né ósammála	24	27	12%	4%	20	21	9%	4%
Frekar sammála	66	53	24%	6%	60	54	24%	6%
Mjög sammála	57	62	29%	6%	75	78	35%	6%
Fullkomlega sammála	29	27	12%	4%	54	47	21%	5%
Fjöldi svara	224	217	100%		230	225	100%	
Hef ekki skoðun	3	6			2	7		
Svarar ekki	6	10			1	1		
Alls	233	233			233	233		




Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 48. Kosningar til þings og sveitarstjórna eiga áfram að miðast við flokkslista en þó leyfa persónukjör í auknum mæli - Hlutfall sammála greint eftir vinnumarkaðsstöðu

Í umræðunum var töluvert rætt um kosti og galla persónukjörs og eftir umræðurnar breyttust viðhorf þátttakenda til málefnsins að því leyti að hlutfallslega fleiri urðu ósammála tillögunni (sjá töflu 50). Merkja mátti mun á svörum eftir menntun þátttakenda, stjórn mála-skoðun og fjárhagslegri afkomu eins og sjá má í töflu 150 í viðauka. Þátttakendur sem áttu mjög eða frekar erfitt með að ná endum saman studdu tillöguna í meira mæli (61% sammála) en þátttakendur sem tókst að láta enda ná saman (49%) og þeir sem komust vel af fjárhagslega (33%) (sjá mynd 49).

Tafla 50. Kosningar til þings og sveitarstjórna eiga að byggja á persónukjöri

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	12	12	6%	3%	31	32	14%	5%
Mjög ósammála	23	24	12%	4%	21	22	10%	4%
Frekar ósammála	31	20	10%	4%	54	42	19%	5%
Hvorki sammála né ósammála	40	36	17%	5%	35	31	14%	5%
Frekar sammála	30	30	14%	5%	34	41	18%	5%
Mjög sammála	35	34	16%	5%	31	32	14%	5%
Fullkomlega sammála	44	52	25%	6%	20	23	10%	4%
Fjöldi svara	215	209	100%		226	224	100%	
Hef ekki skoðun	7	11			4	8		
Svarar ekki	11	14			3	2		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 49. Kosningar til þings og sveitarstjórna eiga að byggja á persónukjöri - Hlutfall sammála greint eftir fjárhagslegri afkomu

Fundargestir skiptust á skoðunum um flokkakjör og persónukjör og veltu fyrir sér ólíkum hliðum á málum. Margir voru áhugasamir um persónukjör og möguleikana sem slíkt fyrirkomulag byði upp á. Þónokkrir höfðu upplifað togstreitu í kjörklefanum þegar þeir þurftu að gera upp við sig hvort þeir ættu að kjósa flokk sem þeir alla jafna studdu en hugnaðist þó ekki einstaka frambjóðendur sem voru það ofarlega á lista að þeir áttu fremur greiða leið inn á þing. Einstaka þátttakendur kölluðu einnig eftir því að geta kosið einstaklinga þvert á flokka.

Fram kom það sjónarmið að persónukjör gæti orðið til þess að auka trúverðuleika Alþingis og traust til þingmanna. Sumir töldu siðferði á þingi og trúverðuleiki þess hafa versnað mikið á undangengnum árum. Þingmenn gætu jafnvel „haldið fram lygum blákalt“ án þess að það hefði afleiðingar. Persónukjör gæti, að mati fundargesta, orðið til þess að meira yrði

um persónulega ábyrgð þar sem alþingisfólk gæti síður „falið sig á bak við flokkinn“. Fyrir vikið yrði alþingisfólk líklegra til að standa við kosningaloforð og frambjóðendum yrði gert betur kleift að vinna samkvæmt eigin sannfæringu þar sem þeir fyndu sig ekki knúna til að ganga í takt við flokksfélaga. Persónukjör gæti jafnvel leitt af sér aukna endurnýjun á þingi þar sem einstaklingur sem stæði sig illa á þingi yrði „bara ekki kosinn næst“.

Sumir töldu persónukjör geta aukið líkur á málamiðlunum á þingi og stuðlað að betra samstarfi. Flokkar ættu oft erfitt með að gefa eftir og komast að samkomulagi og þingmenn velji jafnvel að halda flokkslínum sama hvað, án þess að hlusta á eigin sannfæringu og spyrja gagnrýnna spurninga. Ólíkt þeim sem kosnir væru í gegnum flokkakerfið væru einstaklingar sem kosnir væru í gegnum persónukjör líklegri til að vera opnari í umræðum og lausnamiðaðri. Töluverð umræða skapaðist um samstarfsörðugleika á þingi og mikilvægi þess að þingfólk geti talað og unnið saman og komið sér saman um málamiðlanir. Það sé slæmt fyrir lýðræðið að fólk gæti sett sig upp á móti samstarfi með einhverjum „af því að hann er ekki með þér í liði“. Stöku fundargestur var þannig mjög gagnrýninn á flokka-yrirkomulagið og taldi það arfleifið frá gamalli tíð og stuðla að „hjarðhegðun“:

Mér finnst svona flokkaskipan rosalega gamaldags hugsun og ég verð alltaf hugsí þegar kosningar koma og það kemur ungt fólk á hurðina hjá mér með kannski einhverjum eldri með sér og segjast vera í þessum og þessum flokki og mér finnst þetta bara gamaldags. Hvernig getur ungt fólk labbað inn í svona gamlar hugmyndir sem oft eru til staðar í þessum flokkum?

Gagnrýnin í garð flokkakerfisins fólst einna helst í því að frambjóðendur kæmst upp með að þurfa ekki að svara fyrir misgjörðir sínar.

Þó nokkrir fundargestir voru tortryggir á persónukjör. Þeir töldu það geta reynst erfitt fyrir kjósendur að kynna sér stefnu margra einstaklinga. Flokkar marki ákveðinn ramma sem auðveldi kjósendum að átta sig á heildarmyndinni og stefnu frambjóðenda. Erfiðara væri að átta sig á því fyrir hvað frambjóðendur standi ef þeir staðsetja sig ekki innan slíkra ramma. Þátttakendur sem síður voru hlyntir persónukjöri veltu því einnig fyrir sér hvort stjórnsmál myndu þróast út í „vinsældakeppni“. Sumir töldu persónukjör geta leitt af sér aukna hættu á persónudýrkun og á bandalögum sem kjósendur vita ekki af og gætu þannig dregið úr gagnsæi. Þeir óttuðust að þingmenn yrðu enn einsleitari hópur þar sem líkur væru á að sterkefnaðir eða þjóðþekktir aðilar fengju brautargengi umfram aðra. Ísland sé „gríðarlega mikið kunningjasamfélag“ og persónukjör gæti stuðlað að auknum „popúlisma“,

einsleitni og hugsanlega að endingu haft slæm áhrif á afköst og vinnu þingsins. Persónutöfrar frambjóðenda séu ekki endilega ávísun á að viðkomandi muni farnast vel í starfi.

Þekktir einstaklingar eiga meiri möguleika á að komast áfram en það segir ekkert til um hvernig þú munt starfa á þinginu, hvort þú sért góður að koma fram.

Á mörgum borðum var vikið að einsleitni í þingmannahópnum. Bent var á að þingið eigi að vera þverskurður alls landsins og endurspeglar ólíka þjóðfélagshópa og voru flestir sam-mála um að raunin væri ekki sú. Því þyrfti að huga að ólíkum hópum og tryggja rödd þeirra á þingi, hafa öflugan byggðarstefnu auk þess sem gæta þyrfti sérstaklega að kynjahlutfalli þingmanna. Sumir töldu ljóst að flokkar hefðu greiðfærari leiðir til að tryggja jafnt kynja-hlutfall á þingi og aðkomu ólíkra hópa svo sem með fléttulistum og öðru slíku. Fáeinir þátttakendur héldu uppi vörnum fyrir flokkskerfið sem þeir töldu mikilvægan hluta af lýðræðinu.

Það er mjög mikilvægt að hafa öflugt flokksstarf í lýðræði. Í grunninn er flokksstarf nauðsynlegt og við almenningur erum ekki nógu dugleg að taka þátt í flokksstarfinu. Þetta er leiðin til að hafa áhrif í þjóðfélaginu og við eigum að bera virðingu fyrir því að það er fullt af fólki að vinna heiðarlega að hugsjónum í flokkunum.

Fundargestir veltu fyrir sér ýmsu í tengslum við flokksfyrirkomulagið annars vegar og persónukjör hins vegar. Sumir höfðu sterkar skoðanir en þeir voru einnig þó nokkrir sem áttu erfitt með að mynda sér skoðun á málefnum. Í sameiningu veltu þátttakendur fyrir sér hvernig blandað kerfi myndi líta út, ef t.d. helmingur þingmanna væri kjörinn úr kjördæmum og helmingur fyrir landið í heild og hvort persónukjör gæti átt sér stað samhliða flokkskipu-lagi, með eða án núverandi kjördæmafyrirkomulags. Til að geta myndað sér skýra skoðun á málefnum vildu þátttakendur vita meira um kostina, til dæmis hvort hægt væri undir ein-hverjum kringumstæðum að kjósa flokka en einnig velja einstaklinga þvert á flokka. Hver tæki við af þingmanni sem færi út af þingi, hafi viðkomandi verið kosinn í persónukjöri og hvernig yrði staðið að því að mynda ríkisstjórn á grundvelli persónukjörs.

Þátttakandi 1: Það eru kostir og gallar við þetta bæði, þessi kerfi.

Þátttakandi 2: Ég upplifi það svo sterkt við þessa umræðu. Það er nefnilega það er ekkert svona: "ah þetta er rétt" þetta er allt með kosti og galla, hvort tveggja.

Í umræðum um málefnið var á mörgum borðum vikið að útstrikunum af listum og voru margir hlyntir því að slíkt ætti að hafa meira vægi en það hefur nú. Í dag sé staðan sú að það þurfi til svo mikinn fjölda útstrikana að þær hafi sjaldnast áhrif.

Í umræðum um persónukjör og fulltrúaval mátti oft greina vantraust fundargesta gagnvart Alþingi, líkt og í umræðu um önnur málefni. Segja má að þetta hafi verið áberandi þrástef á fundinum í heild sinni. Sumir voru myrkir í máli og tóku sterkt til orða. Þótti allmörgum spilling vera útbreidd í stjórnámum og að í ljósi stjórnámamennningar á Íslandi væri varhugavert að taka upp persónukjör. Slíkt fyrirkomulag gæti orðið til þess að þingmenn yrðu enn „aggressívari“ og færu í aukið „persónulegt skítkast“. Einstaka þátttakendur efuðust um að hægt yrði að innleiða slíkar breytingar inn í íslenska stjórnámamenningu þar sem þær gerðu umtalsverðar kröfur um samvinnu og málamiðlanir sem lítil hefð væri fyrir hér á landi. Aðrir fundargestir veltu því fyrir sér hvort persónukjör gæti orðið til þess að bæta stjórnámamenningu. „Flokkapólitík“ auki líkur á „lobbíisma“ og „fyrirgreiðslupólitík“ og margir hverjir sögðust þreyttir á „flokkadrama“ og að verið væri að stilla fólki upp sem andstæðum fylkingum. Persónukjör gæti, að mati einstaka þátttakanda, knúið fram jákvæðar breytingar og „þroskaðri“ stjórnámalaumræðu:

Þátttakandi 1: Við lendum kannski í minnihlutastjórnnum eins og eru algengar í Evrópu. Þá er bara grúppa sem myndar ríkisstjórn og treystir á stuðning annarra í einhverjum ákveðnum málum. Eins og þeir eru búnir að gera bæði í Bretlandi og í Skandinavíu.

Þátttakandi 2: Já já.

Þátttakandi 3: Þar eru líka siðferðisreglur miklu mótaðri og þeim er haldið –

Þátttakandi 2: Já þá kannski þyrftum við að fara að gera það.

Þátttakandi 1: Það væri náttúrliga ágætt.

Spurningar til pallborðs um kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör

Í lok umræðna sendu fundargestir 58 spurningar til pallborðs sem sneru að kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjöri. Langstærstur hluti spurninga sneri að kjördæmaskipan (24 spurningar). Þær spurningar sneru meðal annars að áhrifum kjördæmaskipunar á jafnræði milli landshluta, þéttbýlis og dreifbýlis, en jafnframt voru þónokkrar spurningar um samspil atkvæðavægis og kjördæmaskipunar. Dæmi um spurningar um kjördæmaskipan

eru eftirfarandi: „Ef landið er eitt kjördæmi, hvernig má tryggja að allir landshlutar hafi rödd og að sameining hafi ekki neikvæð áhrif á byggðarþróun til framtíðar litið? Hafa allir rödd í núverandi kerfi?“ „Er hægt að jafna vægi atkvæða innan núverandi kjördæmaskipulags?“ Þónokkur hluti spurninga fjallaði um persónukjör (18 spurningar). Þá var m.a. spurt um ólíkar útfærslur persónukjörs og samspil þess við fjölda kjördæma og mögulega hættu af áhrifum popúlisma, sérhagsmunahópa og peningavalds. Dæmi um spurningar um persónukjör eru m.a. „Er eitthvað sem mælir á móti persónukjöri innan núverandi kjördæmaskipunar með jöfnu atkvæðavægi?“ og „Hvert er ykkar viðhorf gagnvart því að persónukjör myndi styrkja eða veikja fulltrúalýðræðið?“ Fimm spurningar fjölluðu um vægi útstrikana og hvort hægt væri að breyta núverandi kerfi þannig að útstrikarnir hefðu meiri áhrif. Dæmi um slíka spurningu er eftirfarandi: „Er hægt að auga vægi útstrikana miðað við núverandi flokkakerfi?“ Loks voru nokkrar spurningar um uppbótarþingmenn, einmenningskjördæmi og samanburð á fyrirkomulagi kosninga, svo sem raðari kosningu og kosningu sem byggir á forgangsröðun.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF OG FRAMSAL VALDHEIMILDA

Hugmyndir til umræðu

- *Ekki er þörf á breytingum á stjórnarskrá Íslands til að greiða fyrir alþjóðlegu samstarfi.*
- *Gera þarf breytingar á stjórnarskrá Íslands til að stjórnvöld geti gengist undir skuldbindingar sem alþjóðasamstarf kann að krefjast.*

Síðasta umfjöllunarefni umræðufundarins var alþjóðlegt samstarf. Tvær hugmyndir lágu umræðum til grundvallar og svöruðu fundargestir fimm spurningum í könnuninni sem snéru að alþjóðlegu samstarfi.

Mynd 50 sýnir samanburð á svörum þátttakenda um alþjóðlegt samstarf í upphafi og lok rökræðufundarins. Breytingar á viðhorfum þátttakenda við fjórum spurningum voru tölfræðilega marktækar. Eftir umræðufundinn var meirihluti þátttakenda (66%) sammála því að gera þyrfti breytingar á stjórnarskrá Íslands til að stjórnvöld geti gengist undir skuldbindingar sem alþjóðasamstarf kann að krefjast, samanborið við minnihluta þátttakenda (45%) í byrjun fundar. Fyrir og eftir umræður var um þriðjungur fundargesta sammála því að ekki sé þörf á breytingum á stjórnarskrá Íslands til að greiða fyrir alþjóðlegu samstarfi. Þá voru hlutfallslega fleiri sammála því að mikilvægt sé að ákvarðanir um framkvæmd alþjóðasamninga lúti fyrirfram gefnum og skýrum reglum sem eru óháðar pólitískum ágreiningi í lok umræðu (92%) samanborið við upphaf hennar (83%). Hlutfallslega færri þátttakendur (81%) voru sammála því, í lok fundar, að eitt mikilvægasta hlutverk stjórnarskrárinnar væri að verja fullveldi landsins en í upphafi fundarins (87%).



Mynd 50. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum um alþjóðlegt samstarf og framsal valdheimilda? Samanburður á svörum fyrir og eftir rökræðufund


Stjórnarskrárbreytingar í tengslum við alþjóðlegt samstarf

Í spurningakönnun sneru tvær spurningar að því hvort þörf væri á stjórnarskrárbreytingum vegna alþjóðasamstarfs. Þátttakendur voru beðnir um að segja til um hversu sammála eða ósammála þeir væru því að gera þurfi breytingar á stjórnarskránni til að stjórnvöld geti gengist undir skuldbindingar sem alþjóðasamstarf kann að krefjast. Tæpur helmingur fundargesta var sammála staðhæfingunni fyrir umræður (45%) en 66% eftir umræður, líkt og sjá má í töflu 51. Fyrir umræður sögðust fremur margir ekki hafa skoðun eða kusu að svara ekki (30 manns) samanborið við 9 eftir fundinn. Einnig sögðu 27% þeirra sem tóku afstöðu að þeir væru hvorki sammála né ósammála, samanborið við 12% eftir fund, þannig að á heildina litið tóku þátttakendur frekar afstöðu eftir fundinn.

Tafla 151 í viðauka sýnir að þegar svör við þessari spurningu í lok fundar eru skoðuð með tilliti til bakgrunns þátttakenda er munur á svörum eftir aldri og fjárhagslegri afkomu. Mikill meirihluti fólks í yngsta aldurshópnum var sammála fullyrðingunni (82%) samanborið við 57% þeirra sem voru á aldrinum 41 - 60 ára og 55% þeirra sem voru 61 árs eða eldri (sjá mynd 51).

Tafla 51. Gera þarf breytingar á stjórnarskrá Íslands til að stjórnvöld geti gengist undir skuldbindingar sem alþjóðasamstarf kann að krefjast

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	23	18	9%	4%	17	13	6%	3%
Mjög ósammála	15	14	7%	4%	15	16	7%	3%
Frekar ósammála	24	24	12%	4%	27	22	10%	4%
Hvorki sammála né ósammála	51	54	27%	6%	25	27	12%	4%
Frekar sammála	29	28	14%	5%	43	39	18%	5%
Mjög sammála	25	27	14%	5%	45	55	25%	6%
Fullkomlega sammála	36	35	18%	5%	52	51	23%	6%
Fjöldi svara	203	200	100%		224	221	100%	
Hef ekki skoðun	25	29			7	10		
Svarar ekki	5	4			2	1		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 51. Gera þarf breytingar á stjórnarskrá Íslands til að stjórnvöld geti gengist undir skuldbindingar sem alþjóðasamstarf kann að krefjast – Hlutfall sammála greint eftir aldri

Aðspurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála því að ekki væri þörf á breytingum á stjórnarskrá til að greiða fyrir alþjóðlegu samstarfi var um þriðjungur þátttakenda sammála, bæði fyrir og eftir umræður (sjá töflu 52). Þegar rýnt er í hlutfall þeirra sem sögðust ósammála fullyrðingunni var hins vegar töluverður munur á svörum fyrir fund og eftir hann. Fyrir umræðufundinn voru 38% fundargesta ósammála fullyrðingunni en eftir umræðurnar jókst hlutfallið upp í 57%. Líkt og með fyrri spurningu (tafla 51) varð heilmikil breyting á fjölda þeirra sem svöruðu ekki eða voru hvorki sammála eða ósammála. Þeir sem kusu að svara ekki eða sögðust ekki hafa skoðun fækkaði um rúman helming eftir umræðurnar (26 manns fyrir en 11 eftir) og hlutfall þeirra sem sagðist hvorki sammála né ósammála fór úr 31% í 11% (tafla 52).

Sjá má í töflu 152 í viðauka að eftir umræðufundinn var talsverður munur á afstöðu fólks eftir aldri og vinnumarkaðsstöðu. Þá greindist einnig munur á svörum þátttakenda fyrir og eftir fund eftir búsetu þar sem hlutfall þeirra sem var ósammála eftir fund jókst mun meira hjá þeim sem bjuggu utan höfuðborgarsvæðisins (úr 30% í 68%) samanborið við þá sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu (úr 42% í 52%) (sjá mynd 52).

Tafla 52. Ekki er þörf á breytingum á stjórnarskrá Íslands til að greiða fyrir alþjóðlegu samstarfi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	28	26	13%	5%	42	42	19%	5%
Mjög ósammála	24	30	15%	5%	42	47	22%	5%
Frekar ósammála	25	21	10%	4%	33	35	16%	5%
Hvorki sammála né ósammála	61	63	31%	6%	24	25	11%	4%
Frekar sammála	23	27	13%	5%	38	31	14%	5%
Mjög sammála	21	19	9%	4%	20	21	10%	4%
Fullkomlega sammála	25	18	9%	4%	23	18	8%	4%
Fjöldi svara	207	204	100%		222	219	100%	
Hef ekki skoðun	24	27			5	10		
Svarar ekki	2	1			6	4		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 52. Ekki er þörf á breytingum á stjórnarskrá Íslands til að greiða fyrir alþjóðlegu samstarfi – Hlutfall ósammála greint eftir búsetu

Þegar skoðaðar eru umræður fundargesta um þörf á stjórnarskrárbreytingum vegna alþjóðlegs samstarf má sjá að þær endurspeglar að vissu leyti svör við spurningakönnuninni. Þótt margir teldu þörf á breytingum á stjórnarskrá var einnig fámennari hópur sem taldi ekki þörf á breytingum, stjórnarskráin hefði nýst hingað til og ætti að geta gert það áfram. Óöryggi í garð umræðuefnisins var einnig áberandi stef og tjáðu margir þátttakendur það að þeim fyndist efnið framandi. Þónokkrir fundargestir töldu sig ekki hafa næga þekkingu á málinu.

Margir sögðust ekki vita hvað stæði í stjórnarskránni og hvað kallaði á breytingar varðandi alþjóðasamstarf og því vildu sumir ekki tjá sig um málið.

Það eru forsendur umræðunnar sem okkur vantar. Það er voðalega erfitt að tala gáfulega um hluti sem maður veit ekkert um.

Umfjöllunarefnið virtist mörgum fundargesta fjarlægara en ýmislegt annað sem rætt var á fundinum. Til að kynna sér málið og mynda sér skoðun leituðu þátttakendur í kynningarefni fundarins og veltu upp spurningum til borðfélaga. Töluverð óvissa ríkti meðal fundargesta um það hvort ákvæði stjórnarskrár hefðu jafnvel þegar verið brotin með þátttöku í alþjóðasamstarfi og að undirgangast alþjóðlega samninga. Á sumum borðum myndaðist allmikil umræða um þetta atriði og sneri hluti spurninga sem fundargestir báru undir pallborðið að því hvort alþjóðasamþykktir sem þegar hefðu verið undritaðar stæðust stjórnarskrá, til dæmis ESS samningurinn. Eftir fundinn tóku þátttakendur frekar afstöðu til þessara spurninga í spurningakönnuninni.


Heimildir til ákvarðanatöku um alþjóðlegt samstarf

Í tveimur spurningum könnunarinnar voru fundargestir beðnir um að taka afstöðu til mikilvægis þess að hafa skýrar reglur um alþjóðasamninga og um heimild Alþingis til ákvarðana um alþjóðlegt samstarf. Tafla 53 sýnir dreifingu svara þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir væru sammála eða ósammála því að mikilvægt sé að ákvarðanir um framkvæmd alþjóðasamninga lúti fyrir fram gefnum og skýrum reglum sem séu óháðar pólitískum ágreiningi. Mikill meirihluti þátttakenda var sammála fullyrðingunni fyrir umræður (84%) og stuðningurinn jókst enn frekar eftir umræðurnar (91%). Einnig má sjá að hlutfall þeirra sem sögðust fullkomlega eða mjög sammála hækkaði en lækkaði hjá þeim sem sögðust frekar sammála, sem endurspeglar enn frekar aukinn stuðning við fullyrðinguna.

Á mynd 53 er spurningin greind eftir aldri þátttakenda. Þar má sjá að þátttakendur sem voru 60 ára og yngri voru líklegri til að vera sammála fullyrðingunni eftir fundinn en fyrir hann (hlutfall þeirra sem var sammála fór úr 76 - 87% í 90 - 98%). Hins vegar voru þátttakendur á aldrinum 61 árs og eldri hlutfallslega færri sammála fullyrðingunni eftir umræðurnar (hlutfall þeirra sem var sammála fór úr 90% í 84%). Nánari greiningu eftir bakgrunnspáttum er að finna í töflu 153 í viðauka.

Tafla 53. Mikilvægt er að ákvarðanir um framkvæmd alþjóðasamninga lúti fyrir fram gefnum og skýrum reglum sem eru óháðar pólitískum ágreiningi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	1	2	1%	1%	0	0	0%	0%
Mjög ósammála	1	0	0%	1%	0	0	0%	0%
Frekar ósammála	6	5	2%	2%	3	5	2%	2%
Hvorki sammála né ósammála	22	30	13%	4%	11	13	6%	3%
Frekar sammála	60	72	33%	6%	42	33	15%	5%
Mjög sammála	66	64	29%	6%	81	78	36%	6%
Fullkomlega sammála	64	49	22%	5%	88	87	40%	7%
Fjöldi svara	220	223	100%		225	217	100%	
Hef ekki skoðun	7	6			6	15		
Svarar ekki	6	4			2	1		
Alls	233	233			233	233		




Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 53. Mikilvægt er að ákvarðanir um framkvæmd alþjóðasamninga lúti fyrir fram gefnum og skýrum reglum sem eru óháðar pólitískum ágreiningi – Hlutfall sammála greint eftir aldri

Sjá má í töflu 54 að fyrir og eftir fund var meirihluti þátttakenda (60%) sammála því að mikilvægt sé að stjórnarskráin veiti Alþingi óumdeilda heimild til að taka ákvarðanir er varða hagsmuni þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Munur var á svörum þátttakenda í lok umræðna eftir menntun, vinnumarkaðsstöðu og fjárhagslegri afkomu, líkt og tafla 154 í viðauka sýnir. Þegar horft er til fjárhagslegrar afkomu sést að mestur stuðningur við fullyrðinguna var meðal þeirra sem sögðust komast vel af (73%) samanborið við 42 - 51% þeirra sem sögðust ná endum saman eða að það væri frekar eða mjög erfitt að láta enda ná saman (sjá mynd 54).

Tafla 54. Mikilvægt er að stjórnarskráin veiti Alþingi óumdeilda heimild til að taka ákvarðanir er varða hagsmuni þjóðarinnar á alþjóðavettvangi

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	14	16	7%	3%	17	17	8%	4%
Mjög ósammála	12	17	8%	4%	6	9	4%	3%
Frekar ósammála	12	15	7%	3%	23	39	17%	5%
Hvorki sammála né ósammála	29	39	18%	5%	22	25	11%	4%
Frekar sammála	54	55	25%	6%	54	50	23%	6%
Mjög sammála	56	47	21%	5%	58	49	22%	5%
Fullkomlega sammála	41	29	13%	4%	45	33	15%	5%
Fjöldi svara	218	218	100%		225	221	100%	
Hef ekki skoðun	7	10			4	9		
Svarar ekki	8	5			4	3		
Alls	233	233			233	233		



Mynd 54. Mikilvægt er að stjórnarskráin veiti Alþingi óumdeilda heimild til að taka ákvarðanir er varða hagsmuni þjóðarinnar á alþjóðavettvangi – Hlutfall sammála greint eftir fjárhagslegri afkomu

Töluverður samhljómur var milli svara þátttakenda við spurningum könnunarinnar annars vegar og umræðnanna hins vegar. Líkt og sjá má í töflu 53 þar sem mikill meirihluti svaraenda taldi mikilvægt að framkvæmd alþjóðasamninga lyti skýrum reglum mátti greina þá afdráttarlausu skoðun í umræðum fundargesta að í stjórnarskránni þyrfti að setja fram skýrari „skilgreiningar“ og „leikreglur“ um alþjóðasamstarf.

Það þarf örugglega að gera þetta skýrara í stjórnarskránni, ég er alveg viss um það, annars væri ekki þetta conflict alltaf um að þetta samræmist ekki stjórnarskránni, það hefur svo oft komið upp einmitt sú gagnrýni.

Viðraðar voru áhyggjur af því að hægt væri að misnota aðstæður og „afvegaleiða umræðuna“ því stjórnarskráin væri ekki nægilega skýr. Þessu tengt veltu þátttakendur fyrir

sér hvort umfjöllun um þriðja orkupakkann hefði reynst auðveldari ef stjórnarskráin hefði verið skýrari.

Margir þátttakendur lögðu áherslu á nauðsyn þess að hafa „varnagla“ og „góðar girðingar“ í stjórnarskrá þannig að ekki væri hægt að „samþykkja hvað sem er“. Líkt og áður hefur komið fram mátti greina ákveðið vantraust á meðal fundargesta á Alþingi, stjórnmalafólki og stjórnvöldum og ítrekuð var nauðsyn þess að hafa fyrirvara og „bremsur“ í stjórnarskrá sem hindruðu að stjórnvöld skuldbindi ríkið. Einnig lögðu sumir áherslu á að skýrar reglur þyrftu að vera um stríðsbandalög í stjórnarskránni og vísuðu nokkrir til þess að ótækt hafi verið þegar tveir ráðherrar hafi, upp á sitt einsdæmi, lýst yfir stuðningi Íslands við innrás. Það sjónarmið kom fram á mörgum borðum að nauðsynlegt væri að afdrifaríkum ákvörðunum um alþjóðlegt samstarf væri vísað til þjóðarinnar. „Ég myndi vilja hafa svona stóra samninga inni í þjóðaratkvæðagreiðslu“ sagði einn þátttakandi og fékk góðar undirtektir. Sumir vísuðu í tillögur stjórnlagaráðs í þessu samhengi. Aðrir fundargestir bentu hins vegar á að alþjóðlegt samstarf og samningar væru flókin og að erfitt gæti verið fyrir almenning að „setja sig inn í“ slík mál og að taka afstöðu. Því gætu þau hentað illa fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég held að mörg þessi mál flokkist mikið undir tilfinningamál og það verði mjög auðvelt að búa til slag úr þeim. [...] Það þarf svo mikið að setja sig inn í sum þessi mál að þetta er ekki fyrir venjulegt fólk að lesa sig til um það heldur myndum við bara segja nei. Og það myndi einhver vera mjög góður í því að gera fólk skelfingu lostið, fólk með ágæta dómgreind. Ég geri bara þá kröfu að þingmenn geti unnið þetta mál rétt.

Á heildina litið var það viðhorf þó ríkjandi að mikilvæga alþjóðlega samninga skyldi bera undir þjóðina.


Fullveldi landsins og framsal valdheimilda

Þátttakendur voru beðnir um að taka afstöðu til þeirrar fullyrðingar að eitt mikilvægasta hlutverk stjórnarskrárinnar sé að verja fullveldi landsins og sjá má dreifingu svara í töflu 55. Mikill meirihluti þátttakenda var sammála fullyrðingunni fyrir og eftir umræður en þó dró heldur úr stuðningi eftir umræðurnar, úr 87% í 80%. Athygli vekur að 50% svarenda sagðist fullkomlega sammála staðhæfingunni bæði fyrir og eftir fundinn sem endurspeglar afgerandi skoðun margra fundargesta.

Í töflu 155 í viðauka má sjá svör eftir bakgrunnspáttum en þar sést að talsverður munur var á viðhorfi eftir aldri, menntun og fjárhagslegri afkomu. Ef litið er til stjórnámálaskoðunar voru svarendur sem staðsettu sig til vinstri og fyrir miðju síður sammála en þeir sem staðsettu sig til hægri og lækkaði hlutfall þeirra sem var sammála eftir fund minnst hjá þeim sem staðsettu sig til hægri (mynd 55).

Tafla 55. Eitt mikilvægasta hlutverk stjórnarskárinnar er að verja fullveldi landsins

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	3	4	2%	2%	5	3	1%	2%
Mjög ósammála	4	2	1%	1%	12	12	5%	3%
Frekar ósammála	10	12	5%	3%	15	14	6%	3%
Hvorki sammála né ósammála	14	10	4%	3%	14	16	7%	3%
Frekar sammála	30	33	15%	5%	26	22	9%	4%
Mjög sammála	45	49	22%	5%	48	48	21%	5%
Fullkomlega sammála	117	111	50%	7%	110	113	50%	7%
Fjöldi svara	223	221	100%		230	227	100%	
Hef ekki skoðun	5	8			1	5		
Svarar ekki	5	3			2	1		
Alls	233	233			233	233		



Marktæk samvirkni milli tíma og bakgrunnsbreytu: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 55. Eitt mikilvægasta hlutverk stjórnarskárinnar er að verja fullveldi landsins – Hlutfall sammála greint eftir stjórnámálaskoðun

Í umræðum fundargesta um alþjóðlegt samstarf kom framsal valds mikið til tals og að því sneri jafnframt stór hluti spurninga sem sendar voru á pallborð að loknum umræðum. Fram kom að alþjóðlegt samstarf fæli óhjákvæmilega í sér málamiðlanir og framsal á valdi. Einn þátttakandi orðaði það á þennan hátt: „Það má segja að alþjóðlegt samstarf sé nauðsynlegt og afleiðingin er valdframsal“. Heyra mátti á mörgum borðum að þátttakendur töldu alþjóðlegt samstarf mikilvægt og það fæli í sér tækifæri og ávinning fyrir Ísland. Fullyrt var að

alþjóðlegt samstarf væri sérstaklega þýðingarmikið vegna smæðar þjóðarinnar og bent á að í gegnum slíka samvinnu hefðu náðst fram umbætur í laga- og réttindamálum sem annars hefðu ekki náð fram að ganga.

Þó kölluðu margir eftir skýrari ákvæðum í stjórnarskrá um framsal valds þannig að ekki færi á milli mála hvers konar vald væri heimilt að framselja og í hvaða tilgangi. Framsalið þyrfti að vera í einhverjum mikilvægum tilgangi og skilgreina þyrfti hvers konar valdframsal ógni tilveru íslenska ríkisins.

Mér finnst að það ætti skilyrðislaust að segja að það má ekki bara framselja hverju sem er, það verður að vera í tilgangi friðar eða það verður að stuðla að einhverju markmiði sem er búið að ramma inn.

Töluvert var rætt um auðlindir Íslands í tengslum við alþjóðlegt samstarf. Þátttakendur höfðu áhyggjur af eignarhaldi á auðlindum og töldu brýnt að tryggt yrði að vald yfir auðlindum landsins yrði ekki framselt. Á mörgum borðum var sérstaklega rætt um eignarhald á jörðum, vatni, orku og kvóta.

Ég myndi vilja hafa einhvern ventil, ég veit ekki hvort hann myndi vera í stjórnarskrá eða ekki, að ríkisstjórn geti ekki samið frá sér tiltekna hluti eins og yfirráð yfir orkunni, yfir auðlindum, hvort að það er hægt að koma því á einhvern hátt inn í stjórnarskrá.

Á nokkrum borðum var vísað til tillagna Stjórnlagaráðs og lýst yfir ánægju með orðalag og áherslur um að valdframsal þyrfti að vera afturkræft. Í þessu sambandi var einnig rætt að nauðsynlegt væri að hægt væri að segja sig frá samningum almennt ef forsendur breyttust.

Spurningar til pallborðs um alþjóðlegt samstarf og framsal valdheimilda

Líkt og með önnur umræðuefni fundarins sömdu borðsfélagar spurningar um alþjóðlegt samstarf fyrir pallborð sérfræðinga. Alls voru sendar 49 spurningar um málefnið til pallborðs og, eins og fram hefur komið, fjölluðu flestar spurningarnar um framsal valds á einn eða annan hátt (21 spurning af 49). Dæmi um slíkar spurningar er: „Hvar sjáiði hætturnar varðandi breytingar á stjórnarskrá varðandi valdframsal? Getið þið komið með dæmi?“ Einnig sneru margar spurningar að því hvers vegna þurfi að gera breytingar, hvort stjórnarskráin hafi reynst hindrun fram til þessa eða hvort ákvæði stjórnarskrár hafi þegar verið brotin vegna alþjóðasamstarfs. Dæmi um slíkar spurningar eru: „Er stjórnarskrá í




núverandi mynd hamlandi fyrir alþjóðasamstarf?“ og „Getum við gengið í Evrópusambandið án þess að gera breytingar á núverandi stjórnarskrá okkar og ef svo er ekki, hefði þá ekki þurft að gera slíkar breytingar þegar við gengum í EES?“

GILDI

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir um viðhorf til ólíkra samfélagslegra gilda, m.a. hversu mikilvæg þeir teldu gildin fyrir sjálfa sig og samfélagið og hversu vel þeir teldu að tekist hafi til við að innleiða gildin í íslenskt samfélag.

Mikilvæg gildi

Spurt var um sjö ólík gildi og þátttakendur beðnir að meta hversu mikilvæg þeir teldu ýmis gildi vera, fyrir sjálfa sig og fyrir samfélagið. Á mynd 56 má sjá að gildið sem almennt var talið mikilvægast af þátttakendum var að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Breyttist sú skoðun ekki eftir umræðurnar svo marktækni mætti merkja. Annað mikilvægasta gildið að mati þátttakenda var að engan skorti mat og þak yfir höfuðið, og þvínæst að séð væri til þess að allir hefðu jöfn tækifæri og geta tekið eigin ákvarðanir. Gildið sem þátttakendur töldu síst mikilvægt var að hægt væri að vinna sér inn eins mikla peninga og hægt er og meðaltal svara þátttakenda ívið lægra eftir fundinn (5,4) en fyrir fundinn (5,7).




Mynd 56. Á kvarða frá 0 til 10 þar sem 0 merkir alls ekki mikilvægt og 10 merkir gríðarlega mikilvægt, hversu mikilvæg telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið?

Þegar rýnt er nánar í svör þátttakenda við einstök gildi má sjá að meðaltal svara þátttakenda við spurningu um mikilvægi þess að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu var 9,7 eftir fundinn. Alls töldu 85% þátttakenda þetta atriði vera gríðarlega mikilvægt (þ.e. 10 á skalanum 0 til 10). Í töflu 156 í viðauka má sjá að konur mátu mikilvægi þessa atriðis helst til meira en karlar en meðaltal svara kvenna var 9,9 á móti 9,6 hjá körlum og þátttakendur utan höfuðborgarsvæðisins mátu jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu lítið eitt mikilvægari en þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu (meðaltal 9,9 á móti 9,6) (sjá mynd 57).

Tafla 56. Á kvarða frá 0 til 10 hversu mikilvægt telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið: Að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
0 Alls ekki mikilvægt	0	0	0%	0%	1	0	0%	0%
1	2	2	1%	1%	0	0	0%	0%
2	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
3	0	0	0%	0%	1	2	1%	1%
4	1	1	0%	1%	0	0	0%	0%
5	0	0	0%	0%	2	1	0%	1%
6	1	0	0%	1%	1	1	0%	1%
7	1	1	0%	1%	5	3	1%	2%
8	3	3	1%	1%	9	7	3%	2%
9	18	11	5%	3%	25	20	8%	4%
10 Gríðarlega mikilvægt	203	213	92%	3%	186	196	85%	5%
Fjöldi svara	229	231	100%		230	230	100%	
Hef ekki skoðun	1	1			1	1		
Svarar ekki	3	2			2	2		
Alls	233	233			233	233		




Mynd 57. Á kvarða frá 0 til 10 hversu mikilvægt telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið: Að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu – Meðaltal greint eftir búsetu

Mikill meirihluti þátttakenda (89%) mat mikilvægi þess að engan skorti mat eða þak yfir höfuðið vera gríðarlegt eða mjög mikið (10 og 9 á kvarðanum) (sjá töflu 57). Meðaltal svara kvenna var að jafnaði ívið hærra (9,8) en meðaltal svara karla (9,2). Munur greindist einnig á svörum þátttakenda eftir stöðu þátttakenda á vinnumarkaði. Eftir fundinn voru meðaltöl svara þeirra sem voru sjálfstætt starfandi eða atvinnurekendur lægri (8,7) en meðaltöl svara þeirra sem voru í launuðu starfi (9,4), á eftirlaunum (9,6) eða í annarri stöðu á vinnu-markaði (9,9) (sjá töflu 158 í viðauka og mynd 58).

Tafla 57. Á kvarða frá 0 til 10 hversu mikilvægt telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið: Að engan skorti mat og þak yfir höfuðið

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
0 Alls ekki mikilvægt	0	0	0%	0%	3	4	2%	2%
1	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
2	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
3	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
4	2	2	1%	1%	1	0	0%	1%
5	3	4	2%	2%	3	3	1%	1%
6	3	2	1%	1%	3	1	1%	1%
7	6	3	1%	2%	10	7	3%	2%
8	13	15	7%	3%	18	12	5%	3%
9	26	25	11%	4%	29	27	12%	4%
10 Gríðarlega mikilvægt	175	179	78%	5%	163	176	76%	5%
Fjöldi svara	228	230	100%		230	230	100%	
Hef ekki skoðun	1	1			1	1		
Svarar ekki	4	3			2	2		
Alls	233	233			233	233		



Marktækur munur er á hópum: *p < 0,05; **p < 0,01; ***p < 0,001

Mynd 58. Á kvarða frá 0 til 10 hversu mikilvægt telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið: Að engan skorti mat og þak yfir höfuðið – Meðaltal greint eftir atvinnustöðu

Á kvarðanum 0 til 10 mátu 96% þátttakenda mikilvægi þess að allir hafi jöfn tækifæri upp á 8, 9 eða 10 fyrir fund en hlutfallið var snöggjum minna eftir fundinn (92%) (sjá töflu 58). Munur var á svörum kvenna og karla en konur mátu gildið ívið mikilvægara (meðaltal 9,4) en karlar (meðaltal 9,1). Nánari greiningu á dreifingu svara má finna í töflu 158 í viðauka.

Tafla 58. Á kvarða frá 0 til 10 hversu mikilvægt telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið: Að sjá til þess að allir hafi jöfn tækifæri

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
0 Alls ekki mikilvægt	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
1	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
2	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
3	0	0	0%	0%	2	2	1%	1%
4	3	2	1%	1%	1	2	1%	1%
5	0	0	0%	0%	2	1	1%	1%
6	2	1	1%	1%	2	1	0%	1%
7	8	6	3%	2%	12	11	5%	3%
8	15	19	8%	4%	36	37	16%	5%
9	42	43	19%	5%	34	34	15%	5%
10 Gríðarlega mikilvægt	158	159	69%	6%	140	141	61%	6%
Fjöldi svara	228	230	100%		229	230	100%	
Hef ekki skoðun	2	1			1	1		
Svarar ekki	3	2			3	3		
Alls	233	233			233	233		

Þátttakendur voru beðnir að meta mikilvægi þess að geta tekið eigin ákvarðanir á skalanum 0 til 10 og mat 81% fundargesta það gríðarlega eða mjög mikilvægt (9 til 10 á skalanum) í lok fundar (sjá töflu 59). Í töflu 159 í viðauka má sjá að meðaltal svara eftir fundinn var 9,3. Meðaltal kvenna var hærra en karla (9,5 á móti 9,1). Þátttakendur sem staðsettu stjórn-málaskoðanir sínar til hægri við miðju mátu atriðið örlítið mikilvægara (meðaltal 9,5) en þeir sem staðsettu skoðanir sínar fyrir miðju (9,3) og þátttakendur sem staðsettu skoðanir sínar til vinstri við miðju (9,0) (sjá töflu 159 í viðauka).

Tafla 59. Á kvarða frá 0 til 10 hversu mikilvægt telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið: Að geta tekið eigin ákvarðanir

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
0 Alls ekki mikilvægt	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
1	0	0	0%	0%	1	0	0%	0%
2	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
3	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
4	0	0	0%	0%	0	0	0%	0%
5	1	1	0%	1%	2	1	0%	1%
6	2	1	1%	1%	4	5	2%	2%
7	14	17	8%	3%	11	12	5%	3%
8	18	18	8%	4%	27	24	10%	4%
9	43	43	19%	5%	51	45	19%	5%
10 Gríðarlega mikilvægt	148	147	65%	6%	134	144	62%	6%
Fjöldi svara	226	228	100%		230	230	100%	
Hef ekki skoðun	3	3			1	1		
Svarar ekki	4	2			2	2		
Alls	233	233			233	233		

Þátttakendur mátu mikilvægi þess að allir borgi skatt ívið minna eftir rökræðufundinn en fyrir hann (meðaltal 8,8 eftir fund en 9,3 fyrir fund) (sjá töflu 60). Munur greindist á svörum eftir vinnumarkaðsstöðu og fjárhagslegri afkomu eins og sjá má í töflu 160 í viðauka.


Tafla 60. Á kvarða frá 0 til 10 hversu mikilvægt telur þú eftirfarandi atriði vera fyrir sjálfa(n) þig og/eða samfélagið: Að allir borgi sinn skatt

	Fyrir fund				Eftir fund			
Meirihlutaræði, það er þegar 2/3 þingmanna eða fleiri samþykkja breytingar, auk þjóðaratkvæðagreiðslu	13	18	9%	4%	12	16	7%	4%
Fjöldi svara	194	193	100%		215	212	100%	
Veit ekki	24	31			10	15		
Vil ekki svara	15	9			8	7		
Alls	233	233			233	233		

Meirihluti þátttakenda (75% fyrir rökræðufund og 91% eftir rökræðufund) svöruðu því rétt að stjórnarskrá Íslands hefur ekki ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði almennings (sjá töflu 88). Athygli vekur að fyrir rökræðufundinn valdi 61 þátttakandi svarmöguleikann „veit ekki“ en eftir rökræðufundinn voru það alls 22 sem völdu þann svarmöguleika. Nánari greiningu á svörum má finna í töflu 188 í viðauka.

Tafla 88. Hefur stjórnarskrá Íslands ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu að frumkvæði almennings?

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Víkmörk +/-
Já	28	41	25%	7%	15	18	9%	4%
Nei	142	121	75%	7%	193	185	91%	4%
Fjöldi svara	170	162	100%		208	203	100%	
Veit ekki	49	61			15	22		
Vil ekki svara	14	10			10	8		
Alls	233	233			233	233		

Þátttakendur voru beðnir að velja fullyrðingu sem væri röng og lýsti því ekki við hvaða aðstæður þjóðaratkvæðagreiðslur skuli haldnar. Fyrir rökræðufundinn valdi 31% þátttakenda rétt svar en eftir rökræðufundinn var hlutfall þeirra sem svaraði spurningunni rétt komið upp í 56% (sjá töflu 89 og töflu 189 í viðauka).

Tafla 89. Við hvaða aðstæður skal halda þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt íslenskri stjórnarskrá? Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng?

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Ef forseti neitar að staðfesta lagafrumvarp	68	59	41%	8%	41	43	27%	7%
Ef Alþingi samþykkir breytingar á kirkjuskipan ríkisins	16	24	16%	6%	11	10	6%	4%
Ef tiltekinn hluti kjósenda gerir kröfu um nýja lagasetningu (þjóðarfrumkvæði)	50	44	31%	8%	89	89	56%	8%
Ef Alþingi leysir forseta frá störfum	10	17	12%	5%	15	16	10%	5%
Fjöldi svara	144	145	100%		156	159	100%	
Veit ekki	73	74			64	65		
Vil ekki svara	16	14			13	9		
Alls	233	233			233	233		


Þátttakendur fengu lista yfir fullyrðingar um íslenska kjördæmaskipan og voru beðnir að merkja við fullyrðinguna sem var röng. Meirihluti þátttakenda svaraði spurningunni rétt bæði fyrir rökræðufund (74%) og eftir hann (81%) (sjá töflu 90 og töflu 190 í viðauka).

Tafla 90. Hver eftirtalinna fullyrðinga um íslenska kjördæmaskipan er röng?

	Fyrir fund				Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Öll kjördæmi hafa jafn marga þingmenn	128	115	74%	7%	154	135	81%	6%
Þeir frambjóðendur sem kosnir eru í tilteknu kjördæmi verða þingmenn þess kjördæmis á Alþingi	11	13	8%	4%	8	13	8%	4%
Framboð þarf ekki að ná til allra kjördæma	14	13	9%	4%	11	11	6%	4%
Á Íslandi eru sex kjördæmi	11	13	9%	4%	7	9	5%	3%
Fjöldi svara	164	155	100%		180	168	100%	
Veit ekki	53	68			45	59		
Vil ekki svara	16	10			8	7		
Alls	233	233			233	233		

MAT Á UMRÆÐUM OG RÖKRÆÐUFUNDI

Þátttakendur voru beðnir að meta, á skalanum 0 til 10, hvort einstaka þættir rökræðufundarins eða fundurinn í heild hafi verið tímasóun eða mikils virði. Eins og sést á mynd 77 voru þátttakendur almennt jákvæðir í garð allra þáttanna sem spurt var um en jákvæðastir voru þeir í garð umræðnanna í hópnum og fundarins í heild sinni (meðaltal 8,7).



Mynd 77. Við að mynda þér skoðun og fá skýrari sýn á endurskoðun stjórnarskrár hvar myndir þú staðsetja þig á kvarða frá 0 til 10 þar sem 0 stendur fyrir að fundurinn hafi verið tímasóun og 10 fyrir að hann hafi verið mjög mikils virði?

Þátttakendur voru almennt jákvæðir í garð umræðnanna í hópnum, en 86% merktu við 8, 9 eða 10 og var meðaltal allra svara 8,7 (sjá töflu 91). Í töflu 191 í viðauka má sjá að þátttakendur með grunnskólamenntun voru ánægðari með umræðurnar en aðrir þátttakendur þar sem meðaltal svara þátttakenda með grunnskólamenntun var hærra en þátttakenda með framhaldsskólamenntun og háskólamenntun (9,5 á móti 8,3 - 8,7).

Tafla 91. Hvar myndir þú staðsetja þig á kvarða frá 0 til 10 þar sem 0 stendur fyrir að fundurinn hafi verið tímasóun og 10 fyrir að hann hafi verið mjög mikils virði? - Umræður í hópum

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
0 Tímasóun	1	1	0%	1%
1	0	0	0%	0%
2	2	2	1%	1%
3	2	3	1%	1%
4	1	1	0%	1%
5 Mitt á milli	9	5	2%	2%
6	5	3	1%	1%
7	24	21	9%	4%
8	47	42	19%	5%
9	51	65	29%	6%
10 Mjög mikils virði	83	85	38%	6%
Fjöldi svara	225	227	100%	
Hef ekki skoðun	1	1		
Svarar ekki	7	5		
Alls	233	233		

Þátttakendur voru beðnir að meta kynningarefnið sem fundargestum var látið í té fyrir umræðurnar og var meðaltal svara 8 (sjá töflu 92). Í töflu 192 í viðauka má sjá nánari dreifingu svara eftir bakgrunni þátttakenda. Þar má sjá að eldri þátttakendur voru almennt ánægðari með kynningarefnið (meðaltal 8,8) en yngri þátttakendur (7,5 til 8). Meðaltöl svara þátttakenda utan höfuðborgarsvæðisins var hærra en meðaltöl svara þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu (8,6 á móti 7,7). Þá voru þátttakendur með grunnskólamenntun ánægðari með kynningarefnið (meðaltal 9) en þátttakendur með framhaldsskólamenntun (meðaltal 7,6) og þátttakendur með háskólamenntun (meðaltal 7,7). Loks voru þátttakendur sem staðsettu stjórnámálaskoðanir sínar til hægri við miðju að jafnaði ánægðari (meðaltal 8,5) en þátttakendur sem staðsettu skoðanir sínar fyrir miðju (meðaltal 7,9) og þátttakendur sem staðsettu stjórnámálaskoðanir sínar til vinstri (meðaltal 7,3).

Tafla 92. Hvar myndir þú staðsetja þig á kvarða frá 0 til 10 þar sem 0 stendur fyrir að fundurinn hafi verið tímasóun og 10 fyrir að hann hafi verið mjög mikils virði? - Kynningarefni

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
0 Tímasóun	2	1	0%	1%
1	1	1	0%	1%
2	5	4	2%	2%
3	2	2	1%	1%
4	4	4	2%	2%
5 Mitt á milli	8	13	6%	3%
6	8	11	5%	3%
7	37	33	14%	5%
8	62	52	23%	5%
9	49	60	26%	6%
10 Mjög mikils virði	47	48	21%	5%
Fjöldi svara	225	227	100%	
Hef ekki skoðun	1	1		
Svarar ekki	7	5		
Alls	233	233		

Fundargestir mátu panelumræðurnar á skalanum 0 til 10 og var meðaltalið 8,2 (sjá töflu 93 og töflu 193 í viðauka). Þátttakendur í elsta aldurshópnum (61 og eldri) voru að jafnaði ánægðari með umræðurnar en yngri þátttakendur (meðaltal 8,7 á mótí 7,7 til 8,3).

Tafla 93. Hvar myndir þú staðsetja þig á kvarða frá 0 til 10 þar sem 0 stendur fyrir að fundurinn hafi verið tímasóun og 10 fyrir að hann hafi verið mjög mikils virði? - Panelumræður

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
0 Tímasóun	2	1	1%	1%
1	2	1	0%	1%
2	4	6	3%	2%
3	0	0	0%	0%
4	4	3	1%	2%
5 Mitt á milli	10	13	6%	3%
6	6	4	2%	2%
7	21	29	13%	4%
8	47	48	21%	5%
9	65	68	30%	6%
10 Mjög mikils virði	63	54	24%	6%
Fjöldi svara	224	226	100%	
Hef ekki skoðun	1	1		
Svarar ekki	8	5		
Alls	233	233		

Þátttakendur mátu fundinn í heild sinni á skalanum 0 til 10 og var meðaltal svara 8,7 (sjá töflu 94 og töflu 194 í viðauka). Þátttakendur 61 árs og eldri voru að jafnaði ánægðari í garð fundarins en yngri þátttakendur (meðaltal 9,2 á móti 8,5 til 8,6).

Tafla 94. Hvar myndir þú staðsetja þig á kvarða frá 0 til 10 þar sem 0 stendur fyrir að fundurinn hafi verið tímasóun og 10 fyrir að hann hafi verið mjög mikils virði? - Fundurinn í heild sinni

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
0 Tímasóun	1	1	0%	1%
1	2	1	0%	1%
2	2	2	1%	1%
3	0	0	0%	0%
4	1	0	0%	1%
5 Mitt á milli	4	2	1%	1%
6	4	4	2%	2%
7	21	24	11%	4%
8	47	49	21%	5%
9	62	63	27%	6%
10 Mjög mikils virði	80	82	36%	6%
Fjöldi svara	224	228	100%	
Hef ekki skoðun	2	2		
Svarar ekki	7	4		
Alls	233	233		

Upplifun af umræðum

Í því skyni að fá upplýsingar um upplifun fundargesta af umræðunum voru þeir beðnir að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga. Á mynd 78 má sjá yfirlit yfir svör og í töflum 95 til 100 og töflum 195 til 200 í viðauka má sjá nánari dreifingu svara við einstökum spurningum.



Mynd 78. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?

Mikill meirihluti þátttakenda sem tók afstöðu til spurningarinnar (98%) var frekar, mjög eða fullkomlega sammála því að allir hafi fengið tækifæri til að taka þátt í umræðunum á rökræðufundinum (sjá töflu 95). Í töflu 195 í viðauka má sjá nánari greiningu svara.

Tafla 95. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Umræðustjórinn sá til þess að allir fengju tækifæri til að taka þátt í umræðunum

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	0	0	0%	0%
Mjög ósammála	1	0	0%	1%
Frekar ósammála	3	2	1%	1%
Hvorki sammála né ósammála	3	2	1%	1%
Frekar sammála	21	24	11%	4%
Mjög sammála	63	63	28%	6%
Fullkomlega sammála	133	135	60%	6%
Fjöldi svara	224	227	100%	
Hef ekki skoðun	2	2		
Svarar ekki	7	4		
Alls	233	233		

Um fjórðungur þátttakenda var fullkomlega, mjög eða frekar ósammála því að allir í hópnum þeirra hafi tekið jafnan þátt í umræðunum. Um 72% þátttakenda voru hins vegar fullkomlega, mjög eða frekar sammála fullyrðingunni (sjá töflu 96). Þátttakendur í elsta aldershópnum (61 ára og eldri) voru líklegri til að vera sammála fullyrðingunni (87%) en yngri þátttakendur (66 - 68%). Nær allir þátttakendur með grunnskólamenntun (97%) voru sammála fullyrðingunni en talsvert færri í hópi þátttakenda með framhaldsskólamenntun (74%) og háskólamenntun (55%) (sjá töflu 196 í viðauka).

Tafla 96. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Allir í hópnun mínun tóku jafnan þátt í umræðunum

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	9	9	4%	3%
Mjög ósammála	11	12	5%	3%
Frekar ósammála	42	36	16%	5%
Hvorki sammála né ósammála	8	7	3%	2%
Frekar sammála	47	47	20%	5%
Mjög sammála	58	51	23%	5%
Fullkomlega sammála	50	66	29%	6%
Fjöldi svara	225	228	100%	
Hef ekki skoðun	1	1		
Svarar ekki	7	4		
Alls	233	233		

Mikill meirihluti þeirra sem tók afstöðu til spurningarinnar var ósammála fullyrðingunni að umræðustjóri hafi reynt að koma eigin skoðunum á framfæri og hafa þannig áhrif á umræðuefnið (sjá töflu 97). Þátttakendur sem voru 61 árs eða eldri voru líklegri en yngri þátttakendur til að vera sammála fullyrðingunni (10% á móti 1 - 3%) (sjá töflu 197 í viðauka).

Tafla 97. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Umræðustjórinn reyndi stundum að koma eigin skoðunum á framfæri og hafa þannig áhrif á umræðuefnið

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	169	171	76%	6%
Mjög ósammála	37	37	16%	5%
Frekar ósammála	7	5	2%	2%
Hvorki sammála né ósammála	3	4	2%	2%
Frekar sammála	2	2	1%	1%
Mjög sammála	3	2	1%	1%
Fullkomlega sammála	3	5	2%	2%
Fjöldi svara	224	225	100%	
Hef ekki skoðun	2	2		
Svarar ekki	7	6		
Alls	233	233		

Mikill meirihluti þátttakenda var sammála því að umræðustjóri hafi séð til þess að ólík sjónarmið voru rædd (93%) (sjá töflu 98). Í töflu 198 í viðauka má sjá að þátttakendur með

háskólamenntun voru ólíklegri til að vera sammála fullyrðingunni (85%) en þátttakendur með framhaldsskólamenntun (97%) og þátttakendur með grunnskólamenntun (100%).

Tafla 98. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Umræðustjórinn sá til þess að ólík sjónarmið voru rædd

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	2	1	1%	1%
Mjög ósammála	1	0	0%	1%
Frekar ósammála	2	2	1%	1%
Hvorki sammála né ósammála	14	11	5%	3%
Frekar sammála	36	36	16%	5%
Mjög sammála	72	69	32%	6%
Fullkomlega sammála	94	100	45%	7%
Fjöldi svara	221	220	100%	
Hef ekki skoðun	5	8		
Svarar ekki	7	6		
Alls	233	233		

Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til þess hvort hópaumræðurnar hafi náð vel yfir mikilvæg sjónarmið sem tengdust umfjöllunarefninu. Eins og sjá má í töflu 99 voru 95% þátttakenda frekar, mjög eða fullkomlega sammála því. Þátttakendur með háskólamenntun voru ívið ólíklegri til að vera sammála fullyrðingunni (92%) en þátttakendur með framhaldsskólamenntun (98%) og grunnskólamenntun (97%) (sjá töflu 199 í viðauka).

Tafla 99. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Hópaumræðurnar náðu vel yfir mikilvæg sjónarmið sem tengdust umfjöllunarefninu

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	1	0	0%	0%
Mjög ósammála	0	0	0%	0%
Frekar ósammála	3	4	2%	2%
Hvorki sammála né ósammála	7	6	3%	2%
Frekar sammála	32	32	14%	4%
Mjög sammála	86	87	38%	6%
Fullkomlega sammála	96	99	43%	6%
Fjöldi svara	225	228	100%	
Hef ekki skoðun	2	2		
Svarar ekki	6	3		
Alls	233	233		

Alls voru 94% þátttakenda frekar, mjög eða fullkomlega sammála því að þeir hafi á rök-
ræðufundinum kynnst fólki sem er ólíkt því sjálfu, í ólíkri stöðu og með önnur lífsgildi (sjá
töflu 100). Þátttakendur með grunnskólamenntun voru heldur ólíklegri en þátttakendur með
framhaldsskóla- eða háskólamenntun til að vera sammála fullyrðingunni (87% á mótí 96 -
97%) (sjá töflu 200 í viðauka).

Tafla 100. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum? - Ég kynntist fólki sem er ólíkt mér – í ólíkri stöðu og með önnur lífsgildi

	Eftir fund			
	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-
Fullkomlega ósammála	1	1	1%	1%
Mjög ósammála	1	1	0%	1%
Frekar ósammála	1	5	2%	2%
Hvorki sammála né ósammála	9	6	3%	2%
Frekar sammála	33	34	15%	5%
Mjög sammála	73	63	27%	6%
Fullkomlega sammála	106	119	52%	6%
Fjöldi svara	224	228	100%	
Hef ekki skoðun	3	1		
Svarar ekki	6	3		
Alls	233	233		

Á fundinum mátti merkja að fundargestir voru upp til hópa áhugasamir um þátttöku og
ánægðir með umræðurnar. Þó voru sumir þátttakendur hikandi, sér í lagi í upphafi fundar,
og höfðu efasemdir um fundinn. Höfðu fáeinir á orði að það væri krefjandi að mæta einir á
svo stóra samkomu og þekkja ekki aðra fundargesti sem deildu með þeim borði. Eftir því
sem leið á umræðurnar virtist viðmót margra hafa breyst og þátttakendur almennt jákvæðir
í garð fundarins og fyrirkomulagsins. Lýstu því margir að það hafi reynst ánægjuleg upplifun
að fá tækifæri til að skiptast á skoðunum við fólk með ólíka reynslu og bakgrunn en það
sjálft. Í lok fundar sögðu margir að þeim hafi þótt fundurinn skemmtilegur og fróðlegur, eins
og niðurstöður spurningakönnunarinnar sýna.

Á meðan á fundinum stóð veltu allmargir fundargestir því fyrir sér hvernig niðurstöðurnar
yrðu nýttar. Sumir drógu í efa heilindi stjórnvalda í verkefninu og vörpuðu fram áleitnum
spurningum um það af hverju umfjöllunarefnið hafi einskorðast við fyrirfram ákveðin mál.
Kölluðu margir þátttakendur eftir tækifæri til að ræða auðlindarákvæði stjórnarskrárinnar

sérstaklega. Þá vísuðu nokkuð margir til þess að þegar hafi farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingar á stjórnarskrá en að niðurstöður þeirrar kosningar hafi verið virtar að vettugi. Einnig minntust þó nokkrir á tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá og vildu fá ráðrúm til að ræða þær sérstaklega. Því var velt upp hvers vegna ekki hafi verið unnið áfram með tillögurnar þar sem þær hafi leyst vel úr mörgum atriðum sem væru til umræðu á fundinum. Þess í stað hafi umræðufundurinn verið skipulagður líkt og fyrri atkvæðagreiðsla og vinna stjórnlagaráðs hafi ekki átt sér stað.

SAMANTEKT

Dagana 9. og 10. nóvember var haldinn rökræðufundur í Laugardalshöll þar sem ræddar voru hugmyndir sem komið hafa fram á undanförunum árum að endurskoðun stjórnarskrár Íslands. Fundurinn var hluti af verkefninu, Rökræðukönnun – almenningssamráð um endurskoðun stjórnarskrárinnar, en rökræðukönnun (e. Deliberative Poll) er sérstök aðferð sem þróuð hefur verið af James S. Fishkin prófessor við Stanford háskóla í Bandaríkjunum til að fá innsýn í viðhorf almennings. Rökræðukönnunin var unnin af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands í samstarfi við öndvegisverkefnið Lýðræðisleg stjórnarskrágerð og Center for Deliberative Democracy í Stanford Háskóla. Markmið verkefnisins var tvíþætt; annars vegar að kanna viðhorf íslensku þjóðarinnar til hugmynda að breytingum á stjórnarskrá lýðveldisins og hins vegar rýna í það hvort umræður um málefnið og aðgengi að upplýsingum frá sérfræðingum á sviðinu hefðu áhrif á skoðanir þátttakenda. Til umræðu á fundinum voru eftirfarandi málefni: forsetaembættið, Landsdómur og ákærvald Alþingis, ákvæði um breytingar á stjórnarskrá, þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði, kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör og loks alþjóðlegt samstarf og framsal valdheimilda.

Alls tóku þátt á rökræðufundinum báðar dagana 233 fundargestir, sem allir höfðu náð 18 ára aldri og voru með íslenskan ríkisborgararétt. Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir þátttakendur í upphafi fundar og í lok hans og umræður fundar-gesta dregnar saman.

Embætti forseta Íslands

Fyrsta umræðuefni rökræðufundarins var embætti forseta Íslands og náðu umræður til eftirfarandi þátta: kjörs forseta, hlutverks forseta, valda og umboðs forseta, embættistíma forseta og aldurskilyrða til forsetaframboðs.

Kjör forseta

Hlutfall þeirra sem var ósammála því að forseti ætti áfram að vera kosinn með núverandi fyrirkomulagi jókst úr 35% í 50%. Í lok umræðnanna studdi 61% þátttakenda það að forseti væri kjörinn í kosningum þar sem kosið er milli tveggja efstu í seinni umferð ef enginn fær meirihluta greiddra atkvæða í fyrri umferð. Þá jókst einnig töluvert stuðningur við raðaða

kosningu meðal fundargesta eftir umræðurnar, en þá var rúmur helmingur (56%) sammála því fyrirkomulagi að kjósendur raði frambjóðendum í forgangs röð, en fyrir umræðurnar höfðu 38% verið sammála hugmyndinni. Umræður meðal fundargesta um kjör forseta voru samhljóma niðurstöðum könnunarinnar að mörgu leyti. Eftir því sem leið á rökræðurnar urðu þátttakendur gagnrýnni í garð núverandi kosningakerfis og æ fleiri lýstu áhuga á breyttu fyrirkomulagi forsetakosninga.

Hlutverk forseta

Í lok umræðufundar var 77% þátttakenda fullkomlega, mjög eða frekar sammála því að hlutverk forseta ætti að vera óbreytt frá því sem nú er. Meirihluti þátttakenda (86%) var jafnframt sammála því að forseti eigi að vera fulltrúi allrar þjóðarinnar og hafinn yfir pólitík. Að mati fundargesta felst eitt mikilvægasta hlutverk forseta í því að vera sameiningartákn fyrir þjóðina og ásýnd þjóðarinnar út á við. Allmargir fundargestir kölluðu eftir skýrari umgjörð utan um embættið, erfitt væri að átta sig á hvaða reglur gildi raunverulega um forseta þar sem umfjöllun í stjórnarskránni um hlutverk hans sé þversagnakennd og óljós.

Völd og umboð forseta

Eftir rökræðurnar var rúmur helmingur þátttakenda (58%) ósammála því að völd forseta yrðu aukin þannig að honum yrði gert kleift að hafa beinni áhrif, t.d. á ráðningu embættismanna, setningu laga og myndun ríkisstjórna. Mikill meirihluti (80%) var ósammála því að völd forseta væru minnkuð þannig að hann geti ekki haft bein áhrif á löggjöf eða aðrar ákvarðanir stofnana. Spurt var um viðhorf til umboðs forseta og voru 67% þátttakenda ósammála þeirri fullyrðingu að þar sem forseti sé valdalítill sé ekki nauðsynlegt að meirihluti kjósenda sé á bak við hann. Í umræðum um völd forseta voru flestir sem tóku til máls sammála um að völd hans ætti hvorki að minnka né auka. Töluvert var rætt um málskotsrétt forseta og virtust þátttakendur sammála um að þrátt fyrir að rétturinn hafi sjaldan verið nýttur væri þetta „mikilvægt lýðræðistól“, enda í anda aukins lýðræðis að stuðla að aðkomu almennings í mikilvægum málum.

Embættistími forseta

Meirihluti þátttakenda taldi mannaskipti mikilvægan hluta lýðræðis og í lok umræðnanna voru 75% þátttakenda sammála því að betra væri að sami forseti sitji ekki of lengi í embætti.

Um 72% þátttakenda töldu embættistíma forseta eiga að takmarkast við tiltekinn fjölda tímabila. Flestir þeirra sem tóku til máls í umræðum um embættistíma forseta voru sammála um að einhvers konar takmarkanir á embættistíma forseta þyrftu að vera fyrir hendi og skapaðist töluverð umræða um það hvort miða ætti við tvö, þrjú eða fjögur kjörtímabil.

Aldursskilyrði

Í lok umræðanna hafði þeim fækkað hlutfallslega sem töldu að aldursskilyrði um forsetaframboð skuli vera óbreytt, fyrir fundinn voru 65% sammála því að halda aldursskilyrðum en eftir fundinn 53%. Samskonar breytingu mátti jafnframt nema í umræðum fundargesta. Eftir því sem leið á umræðuna komu upp gagnrýnni sjónarmið í garð núverandi aldursskilyrða og veltu allmargir því fyrir sér hvort þau fælu í sér mismunun eða brytu í bága við lýðræðisreglur.

Landsdómur og ákærvald Alþingis

Óánægja með ákærvald Alþingis og Landsdóm jókst á meðal þátttakenda í kjölfar umræðanna. Þeim fækkaði hlutfallslega sem studdu núverandi fyrirkomulag, þ.e. að Alþingi hafi vald til að ákæra ráðherra og Landsdómur vald til að dæma í slíkum málum. Í upphafi fundar studdu 52% þátttakenda núverandi fyrirkomulag en 21% gerðu það eftir fundinn. Einnig fækkaði þeim umtalsvert sem töldu ákærvald Alþingis og Landsdóm nauðsynlega tryggingu svo almenningur geti treyst því að mál á hendur framkvæmdavaldinu séu sótt á hlutlausan og sanngjarnan hátt, úr 52% fyrir fund í 32% eftir fund. Meirihluti þátttakenda (70%) var sammála því fyrir umræðurnar að unnt sé að misnota ákærvald Alþingis og Landsdóm í pólitískum tilgangi, og eftir umræðurnar styrktist sú afstaða enn frekar þar sem 79% voru þá sammála því. Í lok fundar var rúmur helmingur þátttakenda (55%) á þeirri skoðun að Alþingi eigi ekki að hafa vald til að ákæra ráðherra og að Landsdóm skuli leggja niður. Í umræðum þátttakenda um málefnið mátti greina tortryggni í garð ákærvalds Alþingis sérstaklega. Áberandi var sú skoðun að óæskilegt væri að þingmenn tækju ákvarðanir um ákærur á hendur fyrrverandi eða núverandi samstarfsfólki eða pólitískum andstæðingum og að slíkt feli í sér hættu á pólitískri misnotkun valdsins. Fundargestir kölluðu eftir ópólitísku ferli og áreiðanlegri leið til að sækja ráðherra til saka og dæma fyrir afglöp í starfi.

Ákvæði um breytingar á stjórnarskrá

Til umræðu á rökræðufundinum voru fjórar hugmyndir er vörðuðu ákvæði um stjórnarskrárbreytingar. Niðurstöðunum er skipt í tvo hluta, annars vegar umfjöllun um viðhorf til stjórnarskrárbreytinga og meðferðar slíkra breytinga á Alþingi og hins vegar um aðkomu almennings að stjórnarskrárbreytingum.

Stjórnarskrárbreytingar og meðferð þeirra á Alþingi

Í lok rökræðufundar taldi rúmur helmingur (59%) að breytingar á stjórnarskrá eigi áfram að þurfa samþykki tveggja þinga. Tæpur fimmtungur þátttakenda (19%) var sammála því, fyrir fundinn, að meirihluti þings (2/3) ætti að geta breytt stjórnarskrá í einni atkvæðagreiðslu og eftir fundinn fækkaði þátttakendum á þeirri skoðun í 14%. Nær allir þátttakendur (96%) töldu að stjórnarskrárbreytingar megi ekki vera svo auðveldar að stundarhagsmunir stjórnsmálaflokka geti leitt til þeirra og 71% var ennfremur sammála því að stjórnarskráin eigi að vera lifandi plagg og þróast í takt við ný og breytt viðhorf. Í umræðunum var algengt viðhorf að stjórnarskrárbreytingar mættu ekki vera of auðveldar og að vanda þurfi til verka þegar slíkar breytingar eiga í hlut. Gæta þurfi þess að tíðarandi og skammtímahagsmunir hafi ekki of mikil áhrif. Hins vegar voru einnig margir sem áréttuðu að ekki mætti vera of erfitt að breyta stjórnarskrá og töldu þeir núverandi fyrirkomulag hafa reynst mikil hindrun við stjórnarskrárbreytingar.

Aðkoma almennings að stjórnarskrárbreytingum

Eftir rökræðufundinn studdi mikill meirihluti þátttakenda (82%) þá hugmynd að breytingar á stjórnarskrá ætti alltaf að bera undir þjóðaratkvæði. Fyrir umræðurnar taldi 81% þátttakenda þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar auka skilning almennings á stjórnarskrá og hlutverki hennar og í kjölfar umræðnanna jókst hlutfall fólks á þessari skoðun í 91%. Í lok fundar voru 95% sammála að um stjórnarskrárbreytingar eigi að ríkja almenn sátt meðal landsmanna. Í samræmi við niðurstöður spurningakönnunarinnar var stuðningur við þjóðaratkvæðagreiðslur um stjórnarskrárbreytingar áberandi í umræðum fundargesta og voru flestir sem tóku til máls sammála mikilvægi þess að stjórnarskrárbreytingar væru fyrst samþykktar af þingi og síðan af almenningi í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði

Umfjöllun um þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðarfrumkvæði skiptist í þrjá hluta. Fyrsti hluti fjallar um þjóðaratkvæðagreiðslur og hver það er sem eigi að geta vísað málum í slíka atkvæðagreiðslu. Í öðrum hluta er umfjöllun um aðkomu almennings að ákvarðanatöku um þjóðaratkvæðagreiðslur, þjóðarfrumkvæði og viðfangsefni þjóðaratkvæðagreiðslna og síðasti hlutinn lýtur að því hvort niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ættu að vera bindandi eða ráðgefandi.

Vald til að vísa löggjöf til þjóðarinnar

Í upphafi fundar taldi mikill meirihluti þátttakenda (85%) rétt að forseti ætti að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðar og sú skoðun styrktist ennfremur í kjölfar umræðnanna (90%). Þá voru einungis 6% þátttakenda fullkomlega, mjög eða frekar ósammála hugmyndinni. Eftir umræður var innan við helmingur fundargesta (42%) sammála því að minnihluti þingmanna ætti að geta vísað nýrri löggjöf til þjóðarinnar. Þá fækkaði þeim hlutfallslega (úr 61% í 47%) sem var sammála því að það sé ólýðræðislegt ef minnihluti þingmanna geti haft afgerandi áhrif með því að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu. Í umræðum fundargesta voru skiptar skoðanir á því hvort minnihluti þings ætti að hafa vald til þess að vísa löggjöf til þjóðarinnar. Langflestir þeirra sem tóku til máls voru hins vegar sammála því að brýnt væri að forseti hefði slíkt vald og að það væri mikilvægur „öryggisventill“.

Aðkoma almennings og viðfangsefni þjóðaratkvæðagreiðslu

Fyrir rökræðufundinn töldu einungis 14% þátttakenda að undirskriftalistar almennings raski störfum þingsins og dragi úr skilvirkni og í lok fundar hafði hlutfallið lækkað niður í 11%. Í lok fundar var 80% þátttakenda sammála því að almenningur eigi að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja lagasetningu ef krafa um slíkt nýtur stuðnings tiltekins hluta kjósenda. Rúmur helmingur (59%) taldi, í lok fundar, að ákveðið hlutfall kjósenda ætti að geta lagt fram þingmál (svokallað þjóðarfrumkvæði) og 67% var sammála því að fyrirkomulag sem auðveldar almenningi að koma með tillögur að frumvörpum auki þar með áhrif almennings og styrki lýðræðið. Þeim fækkaði nokkuð hlutfallslega sem taldi að almenningur ætti að geta knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu um almenn málefni, ekki aðeins nýja lagasetningu, úr 57% fyrir fund í 44% eftir fund og einnig þeim sem töldu að þjóðaratkvæðagreiðslu megi halda um hvaðeina (úr 31% í 22%). Í takt við niðurstöður

spurningakönnunarinnar taldi stór hluti þeirra fundargesta sem tóku til máls mikilvægt að þjóðin gæti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu og að forsetinn væri ekki eini „ventillinn“. Sumum fannst það áhugaverður kostur að unnt væri að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu um fleira en lagasetningar en aðrir voru því fyllilega ósammála og töldu að takmarkanir þyrftu að gilda um það hvaða mál gætu farið í slíka atkvæðagreiðslu. Skiptar skoðanir voru á því hvort þörf væri á þjóðarfrumkvæði og fannst mörgum þátttakendum þá skorta frekari upplýsingar um málefnið, svo sem um það hvernig slíkt fyrirkomulag yrði útfært.

Bindandi eða ráðgefandi niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu

Eftir fundinn taldi meirihluti þátttakenda (83%) að niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna ætti alla jafna að vera bindandi fyrir yfirvöld og einungis 8% þátttakenda töldu niðurstöður slíkra kosninga aðeins eiga að vera ráðgefandi. Í umræðum fundargesta kom það skýrt fram að þeir töldu niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslna eiga að vera bindandi.

Kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör

Nokkrar breytingar urðu á viðhorfum til persónukjörs, kjördæmaskipanar og atkvæðavægis á umræðufundinum. Umfjöllun kaflans um niðurstöður skiptist í tvo hluta, annars vegar atkvæðavægi og kjördæmaskipan og hins vegar persónukjör og fulltrúaval.

Atkvæðavægi og kjördæmaskipan

Fyrir fundinn var meirihluti þátttakenda sammála mikilvægi þess að skipting landsins í kjördæmi tryggi að allir landshlutar eigi fulltrúa á þingi og í kjölfar umræðnanna jókst stuðningurinn við hugmyndina enn frekar (úr 66% fyrir fund í 73% eftir fund). Eftir fundinn var meirihluti þátttakenda (67%) sammála því að væri landið eitt kjördæmi yrðu áhrif minni byggðarlaga hverfandi. Þá jókst stuðningur við þá hugmynd að mikilvægasta markmið breytinga sem gera má á kjördæmaskiptingu sé að jafna vægi atkvæða en 60% studdu hugmyndina fyrir fundinn og 68% eftir hann. Stuðningur við núverandi kjördæmaskipan jókst í kjölfar umræðnanna, úr 26% í 36%. Í lok fundar voru 45% þátttakenda sammála því að landið ætti að vera eitt kjördæmi en tæpur fimmtungur að kjördæmin ættu að vera fleiri en nú eru. Umræður um atkvæðavægi og kjördæmaskipan voru líflegar. Þrátt fyrir að ekki væru allir sáttir við tilhögunina eins og hún er í dag kom það skýrt fram að þátttakendum hugnuðust ekki breytingar breytinganna vegna, heldur breytingar sem hefðu það að

markmiði að stuðla að „sanngjarnara kerfi“. Einnig töldu fundargestir mikilvægt að huga að sérstöðu landsbyggðarinnar og standa vörð um hagsmuni hennar.

Persónukjör og fulltrúaval

Í lok fundar taldi meirihluti þátttakenda (75%) mikilvægt að kjósendur gætu haft meiri áhrif á fulltrúaval en núverandi reglur segja til um. Þeim fækkaði sem studdu þá hugmynd að kosningar til þings og sveitarstjórna ættu að byggja á persónukjöri (úr 55% fyrir umræðurnar í 43% eftir þær). Hins vegar fjölgaði þeim talsvert sem töldu að kosningar til þings og sveitarstjórna ættu áfram að miðast við flokkslista en þó ætti að leyfa persónukjör í auknum mæli (úr 65% fyrir umræður í 80% eftir þær). Fundargestir skiptust á skoðunum á borðunum og voru margir áhugasamir um persónukjör og möguleikana sem slíkt fyrirkomulag byði upp á. Fram kom það sjónarmið að persónukjör gæti orðið til þess að auka trúverðugleika Alþingis og traust til þingmanna. Í umræðum um málefnið var á mörgum borðum vikið að útstrikunum af listum og voru margir hlyntir því að slíkt fengi meira vægi en það hefur nú.

Alþjóðlegt samstarf og framsal valdheimilda

Síðasta umfjöllunarefni umræðufundarins var alþjóðlegt samstarf. Umfjöllunin skiptist í þrjá hluta: stjórnarskrárbreytingar í tengslum við alþjóðlegt samstarf, heimildir til ákvarðanatöku um alþjóðlegt samstarf og fullveldi landsins og framsal valdheimilda.

Stjórnarskrárbreytingar í tengslum við alþjóðlegt samstarf

Talsverð breyting varð á viðhorfi þátttakenda til stjórnarskrárbreytinga vegna alþjóðasamstarfs. Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru því að gera þyrfti breytingar á stjórnarskrá Íslands til að stjórnvöld gætu gengist undir skuldbindingar sem alþjóðasamstarf kunni að krefjast. Fyrir umræður voru 45% þátttakenda sammála fullyrðingunni en eftir umræðurnar hafði hlutfallið hækkað í 66%. Um þriðjungur þátttakenda var sammála því að ekki væri þörf á breytingum á stjórnarskrá Íslands til að greiða fyrir alþjóðlegu samstarfi, bæði fyrir fundinn og eftir hann. Í umræðum um stjórnarskrárbreytingar í tengslum við alþjóðlegt samstarf mátti greina töluvert óöryggi fundargesta, sem mörgum þótti málefnið framandi og allnokkrir treysti sér ekki til að tjá sig um málið. Margir

sem tóku til máls töldu þörf á breytingum á stjórnarskrá vegna alþjóðlegs samstarfs en einnig var fámennari hópur sem taldi ekki þörf á breytingum.

Heimildir til ákvarðanatöku um alþjóðlegt samstarf

Í upphafi fundar taldi mikill meirihluti þátttakenda (84%) mikilvægt að ákvarðanir um framkvæmd alþjóðasamninga lyti fyrirfram gefnum og skýrum reglum sem eru óháðar pólitískum ágreiningi og eftir umræðurnar jókst stuðningur við hugmyndina enn frekar (92% sammála). Í lok fundar voru um 60% þátttakenda sammála því að mikilvægt sé að stjórnarskráin veiti Alþingi óumdeilda heimild til að taka ákvarðanir er varða hagsmuni þjóðarinnar á alþjóðavettvangi. Í umræðunum kom skýrt fram sú krafa að í stjórnarskránni þyrfti að vera skýrari „skilgreiningar“ og „leikreglur“ um alþjóðasamstarf. Einnig kom fram sá eindregni vilji fundargesta að afdrifaríkum ákvörðunum um alþjóðlegt samstarf væri vísað til þjóðarinnar.

Fullveldi og framsal valdheimilda

Mikill meirihluti þátttakenda var sammála því fyrir og eftir umræður að eitt mikilvægasta hlutverk stjórnarskrárinnar sé að verja fullveldi landsins; en þó dró heldur úr stuðningi eftir umræðurnar, úr 87% í 80%. Í umræðum fundargesta um alþjóðlegt samstarf kom framsal valds mikið til tals. Allmargir kölluðu eftir skýrari ákvæðum í stjórnarskrá um framsal valds þannig að ekki færi á milli mála hvers konar vald væri heimilt að framselja og í hvaða tilgangi.

Gildi

Í könnuninni var listi yfir ýmis gildi og þátttakendur beðnir að leggja mat á það hversu mikilvæg þeir teldu gildin vera, fyrir sjálfa sig og fyrir samfélagið. Það gildi sem almennt var talið mikilvægast af þátttakendum var að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu og annað mikilvægasta gildið var að engan skorti mat og þak yfir höfuðið. Gildið sem þátttakendur töldu síst mikilvægt var að hægt væri að vinna sér inn eins mikla peninga og hægt er.

Þegar þátttakendur voru beðnir að leggja mat á það hvort að tekist hefði að uppfylla ákvæði stjórnarskrárinnar um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til

kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti var meðaltal svara eftir fund 6,6 á skalanum 0 til 10 þar sem 0 merkir að íslensku samfélagi hafi tekist mjög illa að uppfylla ákvæðið en 10 að mjög vel hafi tekist að uppfylla það.

Þá var þátttakendum fenginn listi yfir nokkur algeng siðferðileg og samfélagsleg gildi og þeir beðnir að leggja mat á það hversu vel hafi tekist að innleiða gildin í íslenskt samfélag með því að velja tölu á kvarðanum frá 0 til 10 þar sem 0 merkir að mjög illa hafi tekist að innleiða þessi gildi í íslenskt samfélag en 10 að mjög vel hafi tekist að innleiða þau. Gildin sem þátttakendur töldu að best hafi tekist að innleiða voru frelsi, mannréttindi, lýðræði og jafnrétti. Gildi sem þátttakendur mátu að síst hefði tekist að innleiða voru ábyrgð og heiðarleiki.

Pólitískt umhverfi

Þátttakendur voru spurðir ýmissa spurninga um viðhorf þeirra til stjórn mála, kjörinna fulltrúa og fólks með ólíkar skoðanir á málefnum en þeir sjálfir. Eftir fundinn virtust þátttakendur fá meiri trú á að áhrif sín á stjórn mála en þeim fækkaði sem voru sammála því að fólk eins og það sjálf hefði ekkert um það að segja hvað stjórnvöld gera (úr 48% í 36%). Þá var, í lok fundar, meirihluti þátttakenda (84%) sammála því að stjórn mála skoðanir þeirra væru þess verðar að hlustað væri á þær. Þá fækkaði þeim einnig sem töldu flest opinber stefnumál svo flókin að einstaklingar eins og þeir sjálfir ættu erfitt með að skilja þau. Um þriðjungur var sammála því að kjörnum fulltrúum væri umhugað um hvað fólki eins og því sjálfu fyndist.

Þátttakendur voru beðnir að hugsa um fólk sem er mjög ósammála skoðunum þeirra um málefni sem voru til umfjöllunar í spurningalistanum og taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um hvað lægi að baki skoðanamuninum. Fullyrðingin sem hlutfallslega flestir þátttakendur voru sammála var að fólk sem er á annarri skoðun sé að gæta eigin hagsmuna (55% voru sammála fullyrðingunni eftir fundinn). Jafnframt var rúmur helmingur þátttakenda (52%) sammála fullyrðingu um að fólk á öndverðum meiði væri með góð rök en að betri rök staðfestu hið gagnstæða.

Upplýsingar

Í könnuninni fyrir og eftir rökræðurnar voru nokkrar spurningar um umfjöllunarefni fundarins. Þekking þátttakenda á atriðum sem rætt var um á fundinum jókst svo merkja mátti með tölfræðilegri marktekt á fimm atriðum af átta.

Mat á umræðum og rökræðufundi

Í könnuninni í lok fundar voru nokkrar spurningar til að kanna reynslu þátttakenda af rökræðufundinum. Þátttakendur voru almennt jákvæðir gagnvart því sem spurt var um en jákvæðastir voru þeir í garð hópumræðnanna og fundarins í heild. Nær allir fundargestir (98%) voru sammála því að allir hafi fengið tækifæri til að taka þátt í umræðunum á rökræðufundinum. Yfirgnæfandi meirihluti (95%) taldi hópumræðurnar hafa náð vel yfir mikilvæg sjónarmið sem tengdust umfjöllunarefninu og 94% þátttakenda var sammála því að þeir hafi á rökræðufundinum kynnst fólki sem er ólíkt því sjálfu, í ólíkri stöðu og með önnur lífsgildi.

Ríkjandi stef í umræðum fundargesta

Vantraust á Alþingi og stjórnmalafólk

Vantraust á Alþingi og stjórnmalafólk var áberandi í umræðum fundargesta og mátti merkja tölverða tortryggni í garð alþingismanna. Segja má að þetta hafi verið ríkjandi þrástef sem kom upp í umræðum um öll málefni fundarins. Sumir fundargestir álitu að margt stjórnmalafólk hefði eigin hagsmuni og flokks síns í fyrirrúmi og því þyrfti skýrari ramma og leiðir til að koma í veg fyrir að það gæti misnota kerfið sér í hag. Málskotsréttur forseta, þjóðarfrumkvæði og leiðir almennings til að knýja fram þjóðaratkvæðagreiðslu voru að mati margra fundargesta mikilvægir „öryggisventlar“ og aðhald fyrir þingið. Þá skapaðist talsverð umræða um laka stjórnmalamenningu og að þingmenn bæru takmarkaða ábyrgð á eigin misgjörðum. Brýnt væri að tryggja að alþingismenn sættu sömu reglum og meðferð og almennir borgarar og að þeir kæmust ekki upp með brot í starfi eða óheilindi án afleiðinga. Slíkt væri mikilvægt í því skyni að auka traust almennings til Alþingis.

Skýrari ákvæði í stjórnarskrá

Allmargir fundargestir kölluðu eftir ákvæðum um málefnið og aðgengilegri umfjöllun um þau í stjórnarskrá. Þessi umræða varð sér í lagi áberandi þegar talið barst að forsetaembættinu en mörgum þóttu ákvæði um embættið margræð og flókin. Fram kom skýr vilji margra til að stjórnarskráin yrði gerð aðgengilegri og auðskiljanlegri, þannig að almenningur gæti lesið og skilið það sem þar stendur. Í umræðum um alþjóðasamninga og -samstarf töldu margir að skýrari ákvæði þyrfti í stjórnarskránni sem afmörkuðu vald stjórnvalda til að skuldbinda ríkið. Þá þyrfti að skilgreina nánar hvers konar vald væri heimilt að framselja, hvenær og í hvaða tilgangi.

Aukin aðkoma kjósenda

Í umræðunum var áberandi það sjónarmið að auka þyrfti aðkomu þjóðarinnar að ákvarðanatöku. Meðal annars vildu margir fundargestir að þjóðin hefði skýra aðkomu að stjórnarskrárbreytingum í gegnum þjóðaratkvæðagreiðslu og möguleika á því að hafa áhrif á lagasetningar, þar á meðal mikilvæga alþjóðlega samninga, með slíkri atkvæðagreiðslu. Þá óskuðu margir eftir því að útstríkanir af listum hefðu meira vægi í kosningum. Að einhverju leyti tengdust þessar kröfur vantrausti fundargesta á Alþingi og stjórnmalafólk, en þjóðaratkvæðagreiðsla og aðkoma þjóðar að ákvarðanatöku var almennt talin mikilvæg leið til að veita Alþingi aðhald.

Áleitnar spurningar

Fundargestir voru almennt jákvæðir og áhugasamir um þátttöku á rökræðufundinum. Á meðan á fundinum stóð voru þó nokkrir gagnrýnir á það fyrirkomulag að einungis væru nokkur fyrirfram ákveðin málefni á dagskrá og margir óskuðu eftir tækifæri til að ræða önnur ákvæði stjórnarskrárinnar. Þá voru sumir fundargestir tortryggir á það hvort og hvernig niðurstöður fundarins yrðu nýttar og vísuðu til þess að þegar hafi farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um breytingar á stjórnarskrá. Enn aðrir minntust á tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá og vildu fá ráðrúm til að ræða þær sérstaklega. Almennt var afstaða fundargesta þó jákvæð í garð fundarins og umræðunnar og lýstu margir ánægju sinni á því að leitað væri til almennings með þessum hætti. Sögðu margir fundinn hafa verið skemmtilegan og fróðlegan og að það hafi verið ánægjulegt að fá tækifæri til að skiptast á skoðunum við fólk með ólíkan bakgrunn og reynslu.

